Íþróttafélag Reykjavíkur

Stofnað 1907

Starfsskýrsla 2018-2019

og ársreikningur fyrir starfsárið 2018

Efnisyfirlit

Ávarp formanns ÍR. 5
Skýrsla Aðalstjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur 7
Starfsfólk ÍR 7
Rekstur félagsins og deilda 7
Kynningar og upplýsingamál 9
Íþróttaaðstaða 9
Samstarfssamningar og styrkir 11
Skipulag íþróttamála í Breiðholti 12
Helstu viðburðir á vegum ÍR 2018 - 2019 13
Frjálsíþróttadeild ÍR 19
Æfingar og útbreiðsla 19
Árangur í keppni 21
Íslandsmet á árinu 26
Landslið og landsliðsmenn og konur: 37
Júdódeild Íþróttafélags Reykjavíkur 39
Starfsemin/æfingar/útbreiðslustarf 39
Karatedeild ÍR Ársskýrsla 2019 41
Besti árangur Íslendings í áraraðir 41
Ársskýrsla Keiludeildar ÍR 45
Árangur ÍR keilara á árinu 46
Keilarar ársins hjá ÍR 48
Knattspyrnudeild ÍR 54
Fjármál 57
Körfuknattleiksdeild ÍR 59
Mótahald 61
Skíðadeild ÍR - 62
Starfsemin 62
Íþróttafólk Skíðadeildar í ár 65
Taekwondodeild ÍR 66
Skýrsla stjórnar 66
Magnúsarsjóður Menntunar-og afrekssjóður ÍR 68
Markmið sjóðsins 68
Úthlutun – skilyrði 69
Lög Íþróttafélags Reykjavíkur 70
Ársreikningar íþróttafélags Reykjavíkur fyrir árið 2018 76

Ávarp formanns ÍR.

Við sem störfum í íþróttahreyfingunni vitum að íþróttir gera samfélagið og þjóðfélagið okkar öflugra og betra, og rannsóknir sýna að íþróttir eru mikilvægur hluti af uppeldi barna og unglinga. Það er því verðugt verkefni sem íþróttafélag Reykjavíkur sinnir. Með því góða starfi sem þar fer fram leggjum við okkar af mörkum til að börnin og unglingarnir í Breiðholti og víðar í Reykjavík verði sterkari einstaklingar. Rannsóknir hafa einnig sýnt að íþróttastarf hefur gríðarlegt forvarnargildi og að samband er á milli aukinnar hreyfingar og frammistöðu í námi. Það er því til mikils að vinna að efla og hlúa vel að íþróttafólkinu okkar og reyna með öllum mætti að hvetja fleiri börn og unglinga til virkrar þátttöku í því fjölbreytta starfi sem í gangi er a vegum ÍR.

Á síðasta starfsári voru um það bil 2.600 iðkendur skráðir í hinar ýmsar íþróttgreinar innan ÍR en inni í þessari tölu eru ekki þeir iðkendur sem tóku þátt í leikskólaverkefni ÍR,

sumarnámskeiðum eða eldri borgarar (ÍRA) sem æfa hjá félaginu.
Mörg afrek voru unnin á starfsárinu og er það mjög ánægjulegt að fylgjast með hvernig góð þjálfun skilar árangri. Það er margt sem þarf að ganga upp til að íþróttastarfið blómstri. Aðstaða þarf að vera góð, félagið þarf að hafa innan sinna raða góða og vel menntaða þjálfara eða leiðbeinendur og síðast en ekki síst virka sjálfboðaliða. Sjálfboðaliðar er lykilþáttur í starfsemi félagsins, þetta eru einstaklingar sem gefa sinn tíma til starfsins og tryggja þannig að rekstur félagsins gangi upp. Sjálfboðaliðar ÍR vinna mikið og óeigingjarnt starf til að tryggja að börnin okkar og unglingar geti tekið þátt í íþróttastarfinu.

Frístundastyrkurinn sem Reykjavikurborg úthlutar til barna og unglinga sem og æfingargjöld eru nýtt til að greiða niður þjálfarakostnað en flest önnur vinna innan félagsins er að jafnaði framkvæmd af sjálfboðaliðum. Sjálfboðaliðar sjá um reka félagið, húsnæði þess og deildirnar. Þar með að sjá m.a. um að ráða þjálfara, skipuleggja starfsárið og tímatöflur, skipuleggja og sjá um dómgæslu og sinna iðkendum okkar þegar upp koma hin ýmsu mál svo eitthvað sé nefnt. Starf sjálfboðaliða er ekki alltaf auðvelt og fá þeir oft á tíðum ekki það þá sanngjörnu umfjöllun og stuðning eða þá virðingu sem þeir í raun eiga skilið.

Almennt áttar fólk sig ekki á því hvernig íþróttastarf félaganna er rekið á

Íslandi. Við sjáum því miður að sjálfboðaliðum fer heldur fækkandi sem þýðir að færri hendur eru að vinna verkefnin í dag en var fyrir nokkrum árum meðan verkefnin aukast að umfangi.
ÍR er ekki eina félagið sem finnur fyrir því að sjálfboðaliðum er að fækka en við erum þegar byrjuð að skoða skipulega hvernig við getum gert sjálfboðaliðastarfið einfaldara, mótað jákvæðari umgjörð og sýnt fleira fólki hvað þetta er skemmtilegur vettvangur og verðugur til þátttöku.

Starfsár aðalstjórnar hefur verið viðburðarríkt og með öðru sniði en síðustu ár. Á árinu urðu framkvæmdirnar á ÍR svæði í suður Mjódd loksins sýnilegar fyrir alvöru eftir nokkurra ára undirbúningsvinnu og samningagerð við borgina. Moldarhrúgur, gröfur, byggingakranar og stórar vinnuvélar hafa verið um allt svæðið. Loksins er langþráður draumur okkar ÍR -inga að verða að veruleika. Frjálsíþróttavöllurinn og húsið við hann er langt komið en vonir standa til að hægt verði að taka völlinn í notkun núna í júlí 2019.

Fyrsta verkþætti við fjölnota knatthúsið er lokið þ.e. uppgröftur fyrir húsið en í því verður hálfur knattspyrnuvöllur og inniaðstaða fyrir frjálsar íþróttir. Einnig verða búningsklefar og lyftingasalur í húsinu. Ef áætlanir standast þá

mun húsið verða tekið í notkun um miðjan mars 2020. Parkethús og tengibygging eru enn á hönnunarstigi og hafa ekki enn verið birtar teikningar af þeim áfanga.

Samstarf við Reykjavíkurborg og þá sérstaklega ÍTR hefur almennt verið mjög ánægjulegt, en stundum koma upp krefjandi verkefni sem þarf að leysa og ávallt hefur verið gott að leita til starfsmanna sem þar vinna með öll málefni sem upp komu á árinu.

Íþróttahreyfingin öll varð fyrir miklu áfalli þegar fjöldi íslenskra kvenna í íþróttum komu fram í „metoo“ byltingunni og sögðu frá reynslu sinni. Við eigum ekki að líða einelti, áreiti né annað ofbeldi, hvorki í íþróttum né annars staðar. Mikilvægt er að fræða iðendur, þjálfara, stjórnendur og sjálfboðaliða um hvernig bregðast á við ef slíkt kemur upp. ÍR er í samstarfi við fagaðila sem munu aðstoða ef slík mál koma upp innan félagsins. Íþróttahreyfingin verður svo sannarlega að gera betur í þessum efnum og það munum við hjá ÍR gera.

Mikil umræða hefur verið innan íþróttahreyfingarinnar og í þjóðfélaginu öllu um hversu mikilvægt það sé að jafna stöðu karla og kvenna og þar með einnig að ná fram sem jafnastri þátttöku kynjanna í forystustörfum. Mikilvægt er að ná til fleiri kvenna til að starfa innan íþróttahreyfingarinnar, hvort sem er í foreldraráðum, deildarstjórnum eða aðalstjórn.
Rétt er í því sambandi að vekja athygli á að hlutfall kvenna jókst í stjórnum ÍSÍ, ÍBR og í flestum stjórnum ÍR á nýafstöðnum aðalfundum deilda.

Ég þakka öllum iðkendum, sjálfboðaliðum, stjórnum deilda, starfsmönnum og áhangendum ÍR fyrir að hafa gert félagið okkar að því öfluga íþróttafélagi sem það er í dag. Gleymum því ekki að margar hendur vinna létt verk.

Að lokum langar mig sérstaklega að þakka nefndarmönnum í aðalstjórn og starfsmönnum ÍR fyrir gott og ánægjulegt samstarf á starfsári.

Ingigerður Guðmundsdóttir (Inga), formaður aðalstjórnar ÍR

Skýrsla Aðalstjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur

Starfsárið 2018 - 2019

Aðalstjórn og starfsemi

Aðalfundur ÍR var haldinn 23. maí 2018 í ÍR-heimilinu. Kosið var í aðalstjórn sem hér segir: Ingigerður Guðmundsdóttir var endurkjörin formaður, aðrir kjörnir í aðalstjórn voru Sigurður Albert Ármannsson, Reynir Leví Guðmundsson, Magnús Valdimarsson, Addý Ólafsdóttir, Rúnar Valdimarsson og Sveinn Hjörtur Guðfinnsson. Tveir þeir síðastnefndu koma nýir inn í stjórn. Stjórn skiptir með sér verkum þannig að Addý Ólafsdóttir var varaformaður, Reynir Leví gjaldkeri, Sigurður Albert ritari og Magnús, Rúnar og Sveinn meðstjórnendur. Ómar Kristjánsson hjá Íslenskum endurskoðendum var kosinn endurskoðandi félagsins. Á liðnu starfsári voru haldnir 10 bókaðir stjórnarfundir.

Starfsfólk ÍR

Á liðnu ári störfuðu eftirfarandi starfsmenn hjá félaginu í Skógarseli: Þráinn Hafsteinsson gegndi stöðu íþróttastjóra/framkvæmdastjóra þar til hann lét af störfum 15. september 2018. Árni Birgisson tók formlega við stöðu framkvæmdastjóra 8. október 2018. Jafnframt því tók Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir við starfi íþróttastjóra hjá félaginu sama dag. Sigrún Björg Þorgrímsdóttir starfaði sem fjármálastjóri til 31. ágúst 2018. Örn Baldursson tók þá tímabundið við stöðu Sigrúnar eða þar til Calculus viðskiptalausnir tóku við bókhaldi félagsins. Brynja Guðmundsdóttir starfaði sem innheimtufulltrúi og Jakob Hallgeirsson sem rekstrarstjóri mannvirkja. Fyrri hluta árs störfuðu Gordena Lovik, Ari Viðarsson og Ásrún Óttarsdóttir sem vaktmenn í ÍR-heimilinu en um miðjan ágúst 2018 tóku Farida Riziki og Glícia Oliveira við þeirri stöðu.

Auk starfsmanna sem störfuðu í ÍR-heimilinu í Skógarseli störfuðu 12 starfsmenn við húsvörslu á vegum ÍR í íþróttahúsunum við Seljaskóla, Austurberg og í Breiðholtsskóla. Jafnframt störfuðu á annað hundrað manns við þjálfun hjá deildum félagsins og við sumarnámskeið. Til viðbótar við starfsmenn félagsins kom fjöldi sjálfboðaliða að ýmsum störfum innan deilda ÍR. Sjálfboðaliðar sinna allri stjórnarsetu og skipa nefndir innan deilda félagsins. Einnig sjá sjálfboðaliðar um mótahald og önnur verkefni sem falla til og sérsambönd gera kröfur um.

Fundir með deildum og aðalfundir deilda

Húsanefnd félagsins hittist þrisvar sinnum á árinu en í þeirri nefnd sitja fulltrúar stærstu deildanna, þ.e. frjálsar, knattspyrnu, körfubolta og handbolta.

Aðalfundir deilda ÍR voru haldnir á tímabilinu 4. apríl til 24. maí 2019.

Rekstur félagsins og deilda

Árið 2018 var ágætis rekstrarár hjá ÍR. Aðalstjórn og deildir eru reknar á traustum grunni og heilt yfir öflugt starf sem deildirnar eru að skila af sér. Aðalstjórn var ekki í skuld við neina aðila í lok rekstarárs og sama má segja um deildirnar sem voru nánast skuldlausar. Yngri flokkar allra deilda félagsins eru vel reknir og mikið og myndarlegt starf unnið innan hverrar deildar. Það er mikilvægt að ná slíkum árangri til að tryggja góðan og stöðugan rekstur. Jafnframt þarf að gæta þess að sofna ekki á verðinum því þetta getur verið fljótt að snúast við. Það sem einkenndi síðast ár var hversu erfitt reyndist að ná nýliðum inn í sjálfboðastarf

auk þess hve þung byrði það er að halda úti öflugu afreks- og meistaraflokksstarfi. Einnig hefur sumum deildum reynst erfitt að ná í styrki, meðan öðrum hefur vegnað vel. Með samstilltu átaki, dugnaði og krafti er allt hægt eins og við höfum marg oft komist að raun um. Við horfum björtum augum til framtíðar og hlökkum til að takast á við komandi verkefni og halda áfram að byggja upp frábært félag og gera gott enn betra.

Rekstur íþróttahúsa og valla

Eins og undan farin ár sá ÍR um rekstur íþróttahúsanna við Seljaskóla, Austurberg og Breiðholtsskóla auk húss við Skógarsel. Rekstur íþróttavalla félagsins var með óbreyttu sniði árið 2018. Með tilkomu nýs frjálsíþróttavallar sem mun verða tekin í notkun sumarið 2019 og fjölnota íþróttahúss sem tekið verður í notkun í mars 2020 mun Reykjavíkurborg gera samning við ÍR um rekstur þessara mannvirkja með tilheyrandi auknu fjármagni til að mæta þörf fyrir starfskrafta þar.

Iðkendur og æfingagjöld

Skráðir iðkendur árið 2018 voru 2.219 í þeim tíu íþróttagreinum sem félagið býður upp á iðkun í.
Innheimt æfingagjöld voru um 95 milljónir. Skráður iðkendafjöldi deilda var sem hér segir:

Knattspyrna	656
Frjálsíþróttir	373
Handknattleikur	347
Körfuknattleikur	315
Keila	196
Karate	89
Fimleikar	81
Taekwondo	72
Júdó	56
Skíði	33

Að auki var eftirfarandi starfsemi í gangi á vegum ÍR:
- Um 250 börn tóku þátt í íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna í Breiðholti.
- 166 börn tóku þátt í Íþróttaskóla ÍR fyrir 2 til 5 ára.
- 154 börn tóku þátt í sumarnámskeiði ÍR, Sumargaman.
- 29 iðkendur tóku þátt í hreyfingu eldri borgara.

Nýtt bókhaldskerfi

Um áramótin 2018/2019 var nýtt bókhaldskerfi tekið í notkun. Þá var hætt að notast við Navison og DK tekið inn í staðinn.

Sumarnámskeið

Sumarnámskeið ÍR var rekið með svipuði sniði árið 2018 og árin áður undir nafninu „Sumargaman ÍR“. Boðið var upp á níu vikulöng námskeið fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára á tímabilinu 11. júní til 10. ágúst. Boðið var upp á heilan dag eða hálfan dag og var námskeiði deildarskipt í íþróttabraut og lista- og sköpunarbraut. Einnig var boðið upp á heitan mat í hádeginu. Til viðbótar við sumarnámskeið ÍR stóðu knattspyrnudeild, handknattleiksdeild,

körfuknattleiksdeild, karatedeild og ÍR-fimleikar fyrir sérhæfðum námskeiðum fyrir börn og ungmenni yfir sumartímann.

ÞORRABLÓT

Þorrablót ÍR var haldið í áttunda sinn í íþróttahúsi Seljaskóla laugardagInn 19. janúar 2019. Sjá nánar undir viðburðir.

KYNNINGAR OG UPPLÝSINGAMÁL

KYNNING Í LOK ÁGÚST 2018

Öflug kynningarherferð á starfi ÍR fór fram í lok ágúst 2018. Um miðjan ágúst birtist í Breiðholtsblaðinu fyrsta kynning á vetrarstarfi ÍR. Seinni part ágústmánaðar var sent kynningarefni í gegnum skráningarkerfið Nóra og 28. ágúst 2018 var einblöðungur borinn í öll hús í Breiðholti með kynningu á öllum deildum ÍR. Heimasíða félagsins og facebook-síða voru einnig nýttar til kynningar. Jafnframt var farið í árlega heimsókn á foreldrafundi í öllum árgöngum Ölduselsskóla þar sem íþróttastarf ÍR var kynnt. Frá og með 1. september bauðst börnum í 3. – 4. bekk grunnskóla að iðka tvær íþróttagreinar á sérkjörum. Þetta er því til viðbótar við „ÍR unga“ verkefnið sem hefur verið starfrækt í nokkur ár þar sem börn í 1. -2. bekk eiga kost á að iðka ýmsar íþróttagreinar.

BREIÐHOLTSBLAÐIÐ

Fréttir af starfi ÍR eru sendar inn mánaðarlega frá skrifstofu og deildum til birtingar í Breiðholtsblaðinu. Blaðið er mikilvægur miðill til að dreifa fréttum af starfi félagsins.

FORELDRAFRÆÐSLA

Í samstarfi við Bjarna Fritzson bauð ÍR foreldrum barna og ungmenna á foreldranámskeiðið "Efldu barnið þitt". Fræðslan var haldin í ÍR-heimilinu þann 4.desember 2018. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu en um 90 foreldrar skráðu sig á það.

GREINING Á SJÁLFBOÐLIÐASTARFI INNAN ÍR

Á starfsárinu hóf Aðalstjórn ÍR í samvinnu við Íþróttastjóra og deildir félagsins vinnu við að greina sjálfboðaliðastarf innan ÍR. Á fundi haldinn þann 15. janúar 2019 var Íþróttastjóra falið að leita til allra deilda innan ÍR og óska eftir núverandi stöðu og hverjir styrkleikar og veikleikar væru er snúa að virkjun sjálfboðaliða. Íþróttastjóri í samvinnu við ritara aðalstjórnar tók saman svör og setti fram greinargerð. Greinargerðin var send út til deilda til umsagnar 2. apríl 2019. Jafnframt sendi skrifstofa ÍR út kynningarbréf um sjálfboðaliðastarf á alla iðkendur og forráðamenn þann 12. apríl 2019. Í kjölfarið á þeim pósti höfðu tíu einstaklingar samband við skrifstofu ÍR til þess að bjóða fram krafta sína. Þörf er á áframhaldandi vinnu til þess að móta skýra stefnu fyrir sjálfboðaliðastarfð og eftirfylgni hennar innan ÍR.

ENDURBÆTUR Á AÐGERÐAÁÆTLUN GEGN EINELTI, ÁREITNI OG OFBELDI

Á starfsárinu var aðgerðaáætlun ÍR gegn einelti yfirfarin og uppfærð. Jafnframt því var búinn til leiðarvísir þar sem farið er yfir viðbrögð og meðhöndlun mála er snúa að kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Að auki hefur félagið sett sér siðareglur sem ætlað er að vera leiðarvísir um þau gildi og viðmið sem ríkja innan allra deilda félagsins. Í kjölfarið þessarar vinnu óskaði félagið eftir samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts um eftirfylgni. ÍR mun geta leitað til ráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts og sú sérfræðiaðstoð og verkferlar sem eru þar til staðar munu standa félaginu til boða.

ÍÞRÓTTAAÐSTAÐA

Unnið hefur verið í samræmi við samning ÍR og Reykjavíkurborgar sem var undirritaður þann 31. janúar 2017 um uppbyggingu á aðstöðu fyrir félagið. Í samningnum var gert ráð fyrir nýju gervigrasi á núverandi gervigrasvöll og var það lagt á völlinn í ágúst 2017. Jafnframt var gert

ráð fyrir byggingu á frjálsíþróttavelli en áætlað er að hann verði tekinn í notkun í lok júlí 2019 og hafnar eru framkvæmdir við fjölnota íþróttahús/knatthús með gervigrasi yfir hálfan knattspyrnuvöll og áætlað er að húsið verði tilbúið vorið 2020. Jafnframt var gert ráð fyrir keppnishúsi fyrir handknattleik og körfuknattleik en unnið er að hönnun þess.

Framkvæmdir við Knattspyrnuvöll og búningsklefa

Uppsetning heitra og kaldra potta í ÍR-heimili lauk í byrjun september 2018 ásamt uppsetningu skápa í þremur búningsklefum, malbikun og lagningu gervigrasbrautar frá ÍR-heimili að aðalleikvelli og gervigrasi.

Nýr frjálsíþróttavöllur og vallarhús

Framkvæmdum við frjálsíþróttavöll miðar áfram samkvæmt áætlun. Utanhússfrágangi vallarhúss við frjálsíþróttavöllinn er að mestu lokið en unnið er að frágangi innanhúss. Framkvæmdir standa einnig yfir við hlaupa- og stökkbrautir en búið er að leggja gerviefni á ¾ hluta hlaupabrautar. Áætluð verklok og vígsluathöfn er í lok júlí 2019.

Samningur um nýtt fjölnota íþróttahús

Þann 5. febrúar 2019 var skrifað undir samning um byggingu á fjölnota íþróttahúsi á ÍR-svæðinu við Skógarsel. Ingigerður Guðmundsdóttir formaður ÍR, Hans Christian Munck

forstjóri Munck, Ómar Einarsson sviðstjóri ÍTR og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar skrifuðu undir samninginn. Skóflustunga að nýja húsinu var tekin 16. febrúar 2019 en framkvæmdir hófust 4. febrúar 2019. Áætlað er að húsið verði tekið í notkun í byrjun næsta árs, þ.e. 2020 og mun húsið nýtast öllum ÍR-ingum vel en áætla má að húsið muni helst nýtast undir knattspyrnu og frjálsíþróttir. Með tilkomu hússins mun aðstaðan á ÍR-svæðinu við Skógarsel verða einstaklega góð og skapa fjölbreytt tækifæri til íþróttaiðkunar á svæðinu.

Íþróttamiðstöð ÍR í Mjódd: Parkethús og tengibygging

Íþróttamiðstöð og tengibygging eru í hönnun en ekki er vitað hvenær hægt er að setja teikningar í útboð.

Aðstaða fyrir bardagaíþróttir

Iðkendafjöldi í bardagaíþróttum hjá ÍR hefur vaxið þó nokkuð síðustu ár. Í dag deila þessar deildir aðstöðu í ÍR heimilinu í Skógarseli og í Austurbergi. Aðstöðu á þessum tveim stöðum er ábótavant og vegna takmarkaðs pláss þarf m.a. að taka af gólfdýnur og leggja á eftir því hvaða grein er stunduð hverju sinni. Ný aðstaða og staðsetning væri því kærkomin til þess að ýta undir aukna þátttöku í bardagaíþróttum hjá ÍR auk þess sem telja má að bætt aðstaða skapi betra umhverfi fyrir árangur. Í von um að geta bætt aðstöðu bardagaíþrótta hjá ÍR sendi ÍR þann 11. janúar 2019 inn hugmynd að nýtingu verslunarlóðar í Arnarbakka fyrir íþróttaiðkun í hugmyndasamkeppni á vegum Reykjavíkurborgar. Framkvæmdastjóri ÍR sat síðan fund um miðjan febrúar með starfsmönnum frá Reykjavíkurborg og hverfisstjóra Breiðholts þar sem hugmyndin var kynnt.

Skíðaskáli í Bláfjöllum

Með stuðningi starfsmanna og aðalstjórnar ÍR fékkst töluvert fé frá borginni/ ÍTR til viðhalds á skálanum en komið hafa í ljós gallar sem rekja má til lélegra vinnubragða við byggingu skálans. Nú er búið að skipta út útihurðum, setja upp varmaskipta til kyndingar á skálanum. Unnið er að viðgerðum á gólfi og loftaplötum í svefnloftum og verið er að mála skálann.

Aðstaða fyrir keiludeild

ÍR hefur óskað eftir við borgina að aðstöðu fyrir allar þrjár keildudeildirnar í Reykjavík verði komið fyrir í neðri hæð tengibyggingar íþróttamiðstöðvar þ.e. við parkethúsið við ÍR í Mjódd.

Keiludeildirnar hafa nú aðstöðu til æfinga í Egilshöll þar sem almenningur s.s. afmælishópar, vinnufélagar og ýmis gleðskapur nota aðstöðuna á sama tíma og æfingartímar keiludeildanna er. Samstaða hefur ekki þó náðst að fullu milli allra keiludeildanna um þá staðsetningu. Aðalstjórn hefur ítrekað lagt áherslu á það við borgina að með bættri aðstöðu fyrir keiluíþróttina skapast möguleiki að efla íþróttagreinina enn frekar í borginni.

BÆTT AÐSTAÐA Í ÍR HEIMILINU

Unnið hefur verið að ýmsum úrbótum í ÍR-heimilinu með það að markmiði að bæta vinnuaðstöðu og aðstöðu fyrir iðkendur. Skipt var um gólfefni í eldhúsi og epoxy gólf lagt en þau henta vel þar sem gerð er krafa um hreinlæti og langa endingu. Einnig var settur nýr bökunarofn og skápar fyrir leirtau. Jafnframt því voru keypt tvö ný borð í setustofu á fyrstu hæð og bætt við stólum. Einnig var sett upp þráðlaust internet í allt húsið og öryggismyndavélar settar upp á fyrstu hæð.

SAMSTARFSVERKEFNI HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

ÍR er aðili að verkefninu Heilsueflandi Breiðholt sem gengur út á að efla hreyfingu, bæta næringu, lífsstíl og líðan Breiðholtsbúa. Meginhlutverk ÍR er að vinna áfram að fjölbreyttu framboði hreyfingar og þátttöku í tómstundastarfi fyrir alla aldurhópa í Breiðholti og efla starf deildanna í öllum áhersluþáttum verkefnisins.

TUFF VERKEFNIÐ

TUFF verkefninu sem hafði það að markmiði að auka þátttöku barna og unglinga í íþróttum með sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna er lokið að sinni. Um 30 börn og unglingar skráðu sig til þátttöku hjá ÍR í gegnum verkefnið og verðmæt tengsl hafa verið mynduð við ýmsar stofnanir og hópa sem án efa munu geta orðið samstarfsaðilar á komandi árum. Framhald á verkefninu er í mótun hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts.

ÍÞRÓTTAVERKEFNI ÍR OG LEIKSKÓLANNA

Haldið var áfram með íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna á starfsárinu, þ.e. haustið 2018 og vorið 2019. Sex leikskólar í Bakka- og Seljahverfinu tóku þátt og fimm leikskólar í Efra Breiðholti. Með styrkveitingum úr opinberum sjóðum og frá Reykjavíkurborg var hægt að bjóða upp á þátttöku í verkefninu án endurgjalds. Mikil ánægja var með verkefnið á tímabilinu og óskuðu allir leikskólar eftir áframhaldandi þátttöku. Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg gerir ÍR kleift að bjóða upp á verkefnið án endurgjalds árið 2019.

SAMSTARFSSAMNINGAR OG STYRKIR

MAGNÚSARSJÓÐUR

Auglýst var eftir umsóknum í Magnúsarsjóð, menntunar- og afrekssjóði ÍR, þann 22. maí 2018. 23 umsóknir bárust frá níu deildum félagsins. Fagnefnd skipuð af aðalstjórn ÍR fór yfir þær umsóknir sem bárust og gerði tillögu til aðalstjórnar um úthlutun. Tilkynnt var um úthlutun þann 18. júní 2018 og var úthlutun úr sjóðnum kr. 1.350.000 sem skiptist á milli eftirfarandi deilda:

Frjálsíþróttadeild - vegna endurmenntunar þjálfara og afreksuppbyggingar.
Handknattleiksdeild - vegna unglingalandsliðsverkefna.
Körfuknattleiksdeild - vegna unglingalandsliðsverkefna
Knattspyrnudeild - vegna afreksuppbyggingar
Keiludeild - vegna afreksuppbyggingar
Júdódeild - vegna afreksuppbyggingar og landsliðsverkefna
Karatedeild - vegna endurmenntunar þjálfara, afreksuppbyggingar og landsliðsverkefna.
Fimleikar - vegna endurmenntunar þjálfara.

SAMNINGUR VIÐ REYKJAVÍKURBORG

Samkvæmt samningum við Reykjavíkurborg eru rekstraráætlanir endurskoðaðar reglulega og þar með fjárveitingar til rekstrarins. Áætlað er að gera nýjan samning um rekstur íþróttahúsa, frjálsíþróttavallar og fjölnota íþróttahúss fyrir lok árs 2019.

Skipulag íþróttamála í Breiðholti

Í september 2018 óskaði ÍTR eftir fundi með forsvarsmönnum ÍR, Leiknis og ÍBR þar sem óskað var eftir að framkvæmd yrði greining á sameiningu eða varanlegu samstarfi ÍR og Leiknis.
Greiningarvinna á vegum ÍTR og ÍBR um valkosti vegna mögulegrar sameiningar Leiknis og ÍR var unnin af KPMG. Sérfræðingar á ráðgjafasviði hjá KPMG voru fengnir í verkefnið á kostnað ÍTR og ÍBR og voru alls fimm fundi haldnir með aðalstjórn allri eða hluta af henni og framkvæmdastjóra félagsins um málið. Einnig var nokkrir fundir um málið með stjórn og barna- og unglingarráði knattspyrnudeildar.
Við greininguna var farið yfir rekstrartölur, iðkendatölur og störf deildanna og félaganna í heild sinni metið. Rætt var við hagsmunaaðila s.s. skólastjóra skólanna í hverfinu, starfsmenn þjónustumiðstöðvar og ýmsilegt fleira skoðað og metið.
Starfsmenn KPMG lögðu áherslu á að félögin ræddu það innan sinna raða að mikilvægt væri fyrir samfélagið í Breiðholti að hætta að berjast um Breiðholtið en fara þess í stað að berjast fyrir Breiðholtið.

Niðurstöður valkostagreiningarinnar voru fjórir valkostir:
1. Eins konar knattspyrnubandalag sem byggir á samstarfi félaganna,
2. Nýtt knattspyrnufélag þar sem knattspyrnudeild ÍR myndi renna inn í Leikni,
3. Sameinað íþróttafélag þar sem Leiknir sameinist við knattspyrnudeild ÍR eða
4. Óbreytt ástand.

Þegar niðurstöður lágu fyrir og forystumenn ÍR höfðu kynnt sér vandlega sjónarmið deilda félagsins var ljóst að stjórn knattspyrnudeildar og aðalstjórn ÍR telja tvo kosti í stöðunni. Valkost 3 öll knattspyrna sameinuð í knattspyrnudeild ÍR eða valkost 4 óbreytt ástand – tvö félög í Breiðholti.
Mjög ítarleg og vönduð greinargerð var unnin af starfsmönnum skrifstofu, aðalstjórn og stjórn knattspyrnudeildar um niðurstöðu ÍR á mati á valkostum og var sú samantekt send var til ÍTR og ÍBR.
Þeirri samantekt er ætlað að vera innlegg í stefnumótunarvinnu Reykjvíkurborgar um íþróttastarf í borginni sem er í vinnslu.

Aðalstjórn ÍR hefur lagt áherslu við ÍTR að eftir þessa miklu vinnu sem sjálfboðaliðar og starfsmenn hafa unnið í þessu máli, þá sé mikilvægt að fram komi endanlegar niðurstöður frá borginni um fyrirkomulag íþróttastarfs í Breiðholtinu eigi síðar en á árinu 2019 enda hefur samstarf eða sameining félaganna verið rædd og skoðuð að minnsta kosti frá árinu 1998. íþróttafélag Reykjavíkur er skilgreint sem hverfafélag Breiðholts og það er mikilvægt er að ÍR fái starfsfrið til að kynna störf deildanna í Breiðholtinu öllu.

Ef það er raunverulegur vilji borgaryfirvalda að auka nýtingu frístundakorts í efra Breiðholti – þar sem hún er nú minnst af öllum hverfum borgarinnar – þá er verður borgin að tryggja ÍR starfsfrið í því hverfi. Ef starfsfriður fæst fyrir ÍR í efra Breiðholti þá vitum við af fenginni reynslu að með því náum við til fleiri barna- og unglinga og náum tengslum til að fjölga iðkendum sem nýta þá fjölbreyttu kosti sem frístundakort Reykjavíkurborgar býður upp á.

SAMSTARFSSAMNINGAR VIÐ EINKAAÐILA

SAMSTARFSSAMNINGUR IR OG CCEP Á ÍSLANDI

Í byrjun árs 2019 var samstarfssamningur CCEP (Coke á Íslandi) og ÍR endurnýjaður til tveggja ára.

SAMSTARFSSAMNINGUR ÍR OG HEKLU

Í lok árs 2018 rann út samstarfssamningur ÍR og Bílaumboðsins Heklu en samningurinn var gerður haustið 2017. Með tilkomu samningsins fékk félagið bifreið til afnota sem auðveldar mjög alla þjónustu við fjögur íþróttahús og velli sem ÍR rekur víðsvegar um Breiðholtið. Friðbert Friðbertsson forstjóri Heklu afhenti Ingigerði Guðmundsdóttur formanni ÍR bílinn í febrúar 2018. Samningurinn hefur ekki verið endurnýjaður en félagið mun áfram hafa afnot af bílnum.

SAMSTARFSSAMNINGUR ÍR OG JAKO

ÍR undirritaði nýjan samstarfssamning við Namo ehf umboðsaðila Jako íþróttafatnaðar þann 5. febrúar 2018. Ingigerður Guðmundsdóttir formaður aðalstjórnar ÍR og Jóhann Guðjónsson framkvæmdastjóri Namo ehf undirrituðu samstarfssamning til fjögurra ára. Samningurinn kveður m.a. á um að allir íþróttamenn ÍR, að undanskildum iðkendum í frjálsíþróttum, keppi í Jako búningum og að deildir ÍR njóti sérstakra afslátta á Jako íþróttafatnaði og vörum. Þá verður reglulega boðið upp á tilboðsdaga þar sem ÍR keppnis- og æfingafatnaður frá Jako mun bjóðast á vildarkjörum. ÍR og Namo hafa verið í samstarfi frá árinu 2017 og halda því áfram með nýjum samningi sem hefur mikla þýðingu fyrir alla iðkendur ÍR. Viðaukasamningur við samning ÍR og Namo ehf var undirritaður 7. september 2018 þar sem kveðið er á um að frjálsíþróttadeild ÍR sé óbundin af samningi við Namo ehf og því heimilt að semja við annan aðila um fatnað og búnað.

SAMSTARFSSAMNINGUR FRJÁLSÍÞRÓTTADEILDAR ÍR OG MACRON

Frjálsíþróttadeild ÍR undirritaði þann 19. október 2018 samstarfssamning til tveggja ára við Sportic ehf umboðsaðila ítalska íþróttavörumerkisins Macron á Íslandi. Samningurinn kveður m.a. á um að frjálsíþróttadeild ÍR klæðist Macron keppnisbúningum og utanyfirgöllum en keppnisbúningarnir eru sérframleiddir fyrir deildina. Einnig njóta iðkendur frjálsíþróttadeildar ÍR sérstakra afslátta á Macron íþróttafatnaði.

STYRKVEITINGAR ÚR OPINBERUM SJÓÐUM

Styrkveitingar fengust frá Lýðheilsusjóði, Verkefnasjóði ÍBR, Borgarsjóði og Íþróttasjóði ríkisins til framkvæmdar ákveðinna verkefna á vegum félagsins og deilda þess.

HELSTU VIÐBURÐIR Á VEGUM ÍR 2018 - 2019

103. VÍÐAVANGSHLAUP ÍR

Víðavangshlaup ÍR, í umsjá frjálsíþróttadeildar, var haldið í 103. sinn á sumardaginn fyrsta, 19. apríl 2018. Boðið var upp á tvær vegalengdir, 5 km hlaup og 2,7 km skemmtiskokk. Hátt í 600 hlauparar á öllum aldri tóku þátt og skemmtu sér hið besta. Um 115 sjálfboðaliðar unnu að viðamikilli framkvæmd hlaupsins sem setti hressilegan svip á miðbæinn. Víðavangshlaup ÍR var fyrst haldið á sumardaginn fyrsta árið 1916 og hefur síðan þá verið órjúfanlegur þáttur í hátíðahöldum dagsins í Reykjavík, en enginn íþróttaviðburður hér á landi á jafn langa samfellda sögu. Frá upphafi hefur hlaupaleiðin verið tengd

miðbænum þótt ýmsar breytingar hafi orðið á henni.

Hlynsmótið í knattspyrnu

Á sumardaginn fyrsta 2018 hélt knattspyrnudeild ÍR minningarmót um Hlyn Sigurðsson fyrir 7. flokk karla. Mótið fór fram í Egilshöllinni og tóku 48 lið þátt frá 8 félagsliðum. Skipulag, undirbúningur og framkvæmd var í höndum sjálfboðaliða knattspyrnudeildar ÍR.

ÍR perlar af krafti

ÍR og Kraftur-stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein buðu öllum landsmönnum í ÍR heimilið við Skógarsel þann 12. júní 2018 með það að markmiði að setja Íslandsmet í perlun armbanda og hljóta með því Perlubikarinn svo kallaðan. Perluð voru armbönd í fánalitunum með skilaboðunum Lífið er núna. Allur ágóði af sölu armbandanna rann til Krafts en hægt var að kaupa þau á staðnum. Afreksmenn úr hópi ÍR-inga tóku þátt í viðburðinum. ÍR náði ekki að hreppa Perlubikarinn en með þessu framlagi sýndi félagið samtakamátt í verki fyrir verðugt málefni.

Bekkjamót ÍR í Softball

Handknattleiksdeild ÍR hélt Bekkjamót í Softball fyrir 3. - 8. bekk allra grunnskóla í Breiðholti þann 22. september 2018. 18 lið voru skráð til leiks og hlaut sigurliðið pizzuveislu að verðlaunum. Í aðdraganda mótsins var börnum og ungmennum í hverfinu boðið að æfa frítt handknattleik.

Bronsleikar ÍR í frjálsíþróttum

Það var mikið fjör í Laugardalshöllinni 6. október 2018 þegar rúmlega 200 börn á aldrinum 5-11 ára kepptu á Bronsleikum ÍR. Bronsleikarnir eru árviss viðburður hjá frjálsíþróttadeild ÍR og eru yngstu iðkendurnir í þar öndvegi. Bronsleikarnir eru haldnir til að minnast glæsilegs afreks Völu Flosadóttur á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000 og hafa verið haldnir árlega frá 2010. Um 50 sjálfboðaliðar komu að skipulagi, undirbúningi og framkvæmd mótsins og hefur sú hefð skapast að heiðra sjálfboðaliða deildarinnar með því að afhenda Sjálfboðaliðabikarinn í lok móts. Að þessu sinni kom bikarinn í hlut Guðrúnar Margrétar Örnólfsdóttur.

Softball mót ÍR

Softball mót ÍR fór fram 27. október 2018 og var metþátttaka á mótinu eða um 300 þátttakendur sem mynduðu 43 lið. Boðið var uppá áhugamanna- og atvinnumannadeild á mótinu til þess að allir gætu tekið þátt. Mikil stemming ríkti á mótinu og voru stærstu verðlaun mótsins fyrir flottasta búninginn.

Haustmót í Kumite

Karatedeild ÍR hélt kumitemót fyrir iðkendur ÍR á aldrinum 6-12 ára sunnudaginn 4. nóvember 2018 í ÍR heimilinu. Mótið var æfingamót í kumite, en það er bardagahluti karateíþróttarinnar. Fjöldi iðkenda í karate hjá ÍR hefur vaxið töluvert síðustu ár og er það afrakstur góðs barna- og unglingastarfs hjá deildinni.

23. Silfurleikar ÍR í frjálsíþróttum

Silfurleikar ÍR voru haldnir í 23. sinn í Laugardalshöll 24. nóvember 2018. Á sjötta hundrað börn og ungmenni 17 ára og yngri víðsvegar af landinu mættu til leiks, þar af rúmlega 100 ÍR-ingar, og var yngsti keppandinn bara fjögurra ára. Leikarnir eru haldnir til minningar um afrek Vilhjálms Einarssonar á Ólympíuleikunum í Melbourne árið 1956. Um 105 sjálfboðaliðar komu að framkvæmd mótsins og eru flestir þeirra foreldrar eða iðkendur hjá frjálsíþróttadeildinni. Að auki komu nemendur úr Íþróttafræði við HÍ til starfa á mótinu en það er liður í námi þeirra.

Jólamót ÍR og Nettó í minnibolta

Árlegt jólamót ÍR og Nettó í minnibolta fór fram fyrstu helgina í desember 2018 í íþróttahúsinu í Seljaskóla. Rúmlega 300 börn á aldrinum 6-11 ára mættu til leiks en í ár voru 57 lið skráð til keppni frá 11 félögum. Leikmenn meistaraflokka ÍR í karla- og kvennaflokki og

yngri flokka sáu um dómgæslu og um 40 sjálfboðaliðar frá deildinni komu að skipulagi og framkvæmd mótsins.

Hlynsleikurinn 2018 í knattspyrnu

ÍR og Leiknir mættust 12. desember 2018 í Egilshöll í árlegum minningarleik um ÍR-inginn og knattspyrnumanninn Hlyn Þór Sigurðsson. ÍR-ingar báru sigur úr býtum, 4-3, í bráðfjörugum leik fyrir framan fjölda áhorfenda. Hlynur var 18 ára gamall þegar hann varð bráðkvaddur þann 25. nóvember 2009 á knattspyrnuæfingu hjá ÍR.

Jólamót ÍR í keilu

Jólamót ÍR og Toppveitinga fór fram í Egilshöll þann 15. desember 2018. Mikil þátttaka var í mótinu en alls kepptu 50 keilarar í mótinu en mótið er flokkaskipt.

28. verðlaunahátíð ÍR

Árleg verðlaunahátíð ÍR fór fram 27. desember 2018 í ÍR-heimilinu. Að venju var íþróttafólk ÍR heiðrað ásamt því að tilkynnt var um val á íþróttakonu og íþróttakarli ÍR. Eins og undanfarin ár tilnefndu deildir félagsins konu og karl sem að þeirra áliti höfðu skarað fram úr í árangri og félagsstarfi. Einnig voru afhent heiðursmerki, silfur- og gullmerki ÍR, fyrir góð, öflug og uppbyggileg störf í þágu félagsins.

Tilnefningar deilda til íþróttakarls og íþróttakonu ÍR árið 2018:

Frjálsíþróttakarl ÍR: Guðni Valur Guðnason
Frjálsíþróttakona ÍR: Aníta Hinriksdóttir
Handknattleikskarl ÍR: Sveinn Andri Sveinsson
Handknattleikskona ÍR: Karen Tinna Damien
Júdókarl ÍR: Matthías Stefánsson
Júdókona ÍR: Aleksandra Lis
Karatekarl ÍR: Aron Anh Ky Huynh
Karatekona ÍR: Branka P. Aleksandarsdóttir
Keilukarl ÍR: Einar Már Björnsson
Keilukona ÍR: Ástrós Pétursdóttir
Knattspyrnukarl ÍR: Már Viðarsson
Knattspyrnukona ÍR: Sandra Dögg Bjarnadóttir
Körfuknattleikskarl ÍR: Hákon Örn Hjálmarsson
Körfuknattleikskona ÍR: Nína Jenný Kristjánsdóttir
Skíðakarl ÍR: Sigurður Hauksson
Skíðakona ÍR: Halldóra Gísladóttir
Taekwondokarl ÍR: Gabríel Kristján Kristjánsson Grimm
Taekwondokona ÍR: Ibtisam El Bouazzati

Úr hópi tilnefndra íþróttamanna þóttu Guðni Valur Guðnason frjálsíþróttakarl og Aníta Hinriksdóttir frjálsíþróttakona skara fram úr og hlutu þar með titil sem íþróttakarl og íþróttakona ÍR árið 2018.

Guðni Valur Guðnason, frjálsíþróttakarl og íþróttakarl ÍR árið 2018

Guðni Valur kastaði öðru lengsta kasti sögunnar í kringlukasti á árinu, 65,53 metra. Hann er í 14.sæti á Evrópulistanum í kringlukasti og náði stigahæsta afreki Íslendings á árinu í frjálsíþróttum.

Aníta Hinriksdóttir, frjálsíþróttakona og íþróttakona ÍR árið 2018

Aníta setti glæsilegt Íslandsmet í 1500 m hlaupi innanhúss á árinu. Hún var með 24. besta tíma Evrópubúa í 800 m hlaupi á árinu og 13. besta árangur Evrópubúa í 1500 m hlaupi innanhúss. Aníta var stigahæsta frjálsíþróttakona ársins á Íslandi.

Sjálfboðaliðar heiðraðir

Nítján einstaklingar sem lagt hafa félaginu lið með ómældri sjálfboðavinnu og stuðningi voru heiðraðir með silfur- og gullmerki ÍR á verðlaunahátíð félagsins 2018. Aðalstjórn ÍR velur þessa einstaklinga eftir tilnefningar frá deildum félagsins. Öllum þessum einstaklingum eru þökkuð frábær störf í þágu félagsins og þess jafnframt óskað að félagið geti notið krafta þeirra um ókomna tíð.

Þeir sem hlutu silfurmerki ÍR að þessu sinni voru eftirtaldir:
Guðmundur Axel Hansen
Guðni Ingi Pálsson
Hafþór Harðarsson
Haukur Þór Haraldsson
Haukur Sigurðsson
Helga Stefánsdóttir
Hilmar Magnússon
Hrafnhildur Úlfarsdóttir
Hróbjartur Jónatansson
Magnea Guðmundsdóttir
Magnús Þór Jónsson
Reynir Leví Guðmundsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigrún Tómasdóttir
Sigurður Albert Ármannsson
Þorsteinn Jóhannesson

Þeir sem hlutu gullmerki ÍR að þessu sinni voru eftirtaldir:
Áslaug Ívarsdóttir
Hörður Ingi Jóhannsson
Stefán Valsson

43. Gamlárshlaup ÍR

Gamlárshlaup ÍR var haldið í 43. sinn á Gamlársdag 2018. Metþátttaka var í hlaupinu en 1.920 hlauparar skráðu sig til leiks en hægt var að taka þátt í 10 km hlaupi og 3 km skemmtiskokki. Gamlárshlaup ÍR er einn stærsti hlaupaviðburður landsins og einn sá allra skemmtilegasti. Ávallt ríkir mikil stemning í hlaupinu þar sem þátttakendur mæta bæði með gleðina og metnaðinn í farteskinu. Um 100 sjálfboðaliðar frá frjálsíþróttadeildinni sáu um framkvæmd á viðburðinum.

8. Þorrablót

Árlegt Þorrablót ÍR var haldið í áttunda sinn í íþróttahúsi Seljaskóla laugardagskvöldið 19. janúar 2019. Miðasala fór fram í ÍR-heimilinu 3. desember 2018. Um 820 manns sátu til borðs og gæddu sér á þorramat og drykk fyrri hluta kvölds og dönsuðu seinni hlutann. Veislustjóri kvöldsins var Gísli Einarsson og hljómsveitin Bandmenn lék fyrir dansi. Meðal gesta voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnra og Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri í

Breiðholti. Öll framkvæmd gekk vel og mikil gleði og stemming einkenndi kvöldið. Undirbúningur þessa stórviðburðar var í höndum undirbúningsnefndar en í henni voru Reynir Leví Guðmundsson formaður, Brynja Guðmundsdóttir, Brynjar Már Bjarnason, Fríða Rún Þórðardóttir, Hrannar Máni Gestsson, Matthías P. Einarsson og Rúnar G. Valdimarsson. Auk nefndarmanna komu á annað hundrað sjálfboðaliðar ÍR að undirbúningi og framkvæmd blótsins eins og undanfarin ár. Þorrablótið er stærsti einstaki viðburður félagsins þar sem ÍRingar úr öllum deildum félagsins koma saman.

23. STÓRMÓT ÍR Í FRJÁLSÍÞRÓTTUM

23. Stórmót ÍR var haldið í Laugardalshöll dagana 19. -20 janúar 2018. Boðið var upp á keppni í flokkum frá átta ára aldri og upp í fullorðinsflokk. Þátttakendur voru 623 frá 36 félögum og héraðssamböndum. Færeyingar áttu keppendur á mótinu að vanda og settu þau skemmtilegan svip á mótið. Rúmlega 100 sjálfboðaliðar frá frjálsíþróttadeildinni stóðu vaktina og sáu til þess að mótið færi vel fram.

SKÓFLUSTUNGA AÐ NÝJU FJÖLNOTA ÍÞRÓTTAHÚSI

Laugardaginn 16. febrúar 2019 var tekin skóflustunga að nýju fjölnota íþróttahúsi á ÍR svæðinu við Skógarsel. Varaformaður ÍR, Addý Ólafsdóttir ásamt formanni ÍTR, Pawel Bartoszek og verkefnastjóra Munck á Íslandi, Fjalari Haukssyni, tóku fyrstu skóflustunguna en í kjölfarið gafst öllum ÍR-ingum á svæðinu tækifæri á að taka skóflustungu. Um 130 manns mættu á viðburðinn og eftir skóflustungur var öllum boðið að þiggja veitingar í ÍR-heimilinu og skoða teikningar af nýja íþróttahúsinu.

ÚRSLITAKEPPNI Í DOMINOSDEILD KARLA Í KÖRFUKNATTLEIK

ÍR var lygilega nálægt því að tryggja sér Íslandsmeistaratitil karla í körfuknattleik vorið 2019 en KR hafði að lokum betur í viðureign liðanna. Mikil dramatík var í úrslitakeppninni og stóð lið ÍR sig einstaklega vel þrátt fyrir að hafa ekki náð að landa titlinum að þessu sinni. Lið ÍR sýndi einstakan baráttuanda í gegnum alla úrslitakeppnina og sló út Njarðvík Í 8-liða úrslitum og Stjörnuna í 4-liða úrslitum. Með sigri á Stjörnunni komst ÍR í úrslitaeinvígið við KR. Úrslitin um Íslandsmeistaratitilinn réðust í hreinum úrslitaleik þar sem KR-ingar höfðu betur. Mikil stemming var á heimaleikjum í gegnum alla úrslitakeppnina og vorum um 1300 áhorfendur á þeim í troðfullum Hertz-helli í Seljaskóla. Sjálfboðaliðar körfuknattleiksdeildar sáu um allan undirbúning fyrir heimaleiki og var hann til fyrirmyndar.

ÚRSLITAKEPPNI Í OLÍSDEILD KARLA Í HANDKNATTLEIK

Lið ÍR í handknattleik karla náði 7. sæti í Olísdeildinni vorið 2019. Liðið komst því í úrslitakeppni deildarinnar og lék gegn Selfyssingum. Báðir leikirnir töpuðust eftir hörku viðureign. Um 700 áhorfendur mættu á heimaleikinn í Austurbergi til að styðja okkar menn.

AÐRIR VIÐBURÐIR Á VEGUM DEILDA ÍR

FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD:

Stærsti mótshaldari frjálsíþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Framkvæmir einnig eitt til tvö Meistaramót ár hvert fyrir FRÍ.

HANDKNATTLEIKSDEILD:

- 12 heimaleikir í efstu deild karla með allt að 500 áhorfendum á leik.
- 11 heimaleikir í næst efstu deild kvenna með allt að 200 áhorfendum á leik.
- Framkvæmd fjölliðamóta í yngri flokkum með allt að 500 þátttakendum

KEILUDEILD:

Stærsti mótshaldari keiluhreyfingarinnar á Íslandi.

KNATTSPYRNUDEILD:

- 11 heimaleikir í næst efstu deild karla með allt að 200 áhorfendum.
- 9 heimaleikir í næst efstu deild kvenna með allt að 100 áhorfendum.

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD:

- 18 heimaleikir í efslu deild karla með allt að 1300 áhorfendum
- 9 heimaleikir í næstu efstu deild kvenna með allt að 200 áhorfendum.
- Framkvæmd fjölliðamóta í yngri flokkum með allt að 400 þátttakendum.

SKÍÐADEILD:

Framkvæmdaraðili allra stærstu skíðaviðburða sem haldnir eru á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins með samstarfsfélögum í Reykjavík.

FRÁBÆR SUMARNÁMSKEIÐ

Sumarnámskeið ÍR **"SUMARGAMAN"** eru fyrir alla krakka 6-9 ára.
Námskeiðin eru deildaskipt í íþrótta- og leikja/listadeild.
Íþróttafræðingurinn Sigríður Fanndal er yfirstjórnandi námskeiðanna.

Dagskrá

Heill dagur: Frá 9-16

Hálfur dagur: Frá 9-12 eða 13-16

Námskeiðin eru fyrir börn fædd 2008-2011 og fara fram á ÍR svæðinu við Skógarsel 12, 109 Reykjavík.

Námskeiðsvikur

1. 12.-16. júní
2. 19.-23. júní
3. 26.-30. júní
4. 3.-7. júlí
5. 10.-14. júlí
6. 17.-21. júlí
7. 24.-28. júlí
8. 31.júlí - 4. ágúst
9. 8.-11. ágúst*

Verð fyrir hverja viku

Heill dagur: 11.500 kr.
Hálfur dagur: 6.900 kr.
Matargjald: 5.000 kr. (Valkvætt)

*Athugið að stjörnumerkt námskeið er fjórir dagar. Verðin 9.200 fyrir heilan dag, 5.520 kr. fyrir hálfan dag og matur 4.000 kr.

Gæsla er í boði fyrir og eftir námskeiðin frá 8-9, 16-17 og 12 -13 fyrir hálfsdags námskeiðin.

Opnað verður fyrir skráningu á heimasíðu okkar www.ir.is 4. maí. Upplýsingar og aðstoð við skráningar verða veittar í síma 587-7080

Fjölbreytt úrval annarra íþróttanámskeiða verða einnig í boði hjá ÍR í sumar.

FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD ÍR

SKÝRSLA STJÓRNAR STARFSÁRIÐ 2018 - 2019

AÐALFUNDUR OG SKIPAN STJÓRNAR

Aðalfundur frjálsíþróttadeildar ÍR var haldinn í Laugardalshöll 14. mars 2018. Á fundinum lét Margrét Héðinsdóttir af formennsku eftir 13 farsæl ár í embætti og eru henni færðar þakkir fyrir góð og óeigingjörn störf í þágu deildarinnar og félagsins í heild.

Í stað hennar var María Stefánsdóttir kjörin formaður. Aðrir stjórnarmenn eru
Fríða Rún Þórðardóttir varaformaður og umsjónarmaður fimleika,
Auður Árnadóttir gjaldkeri,
Unnur Árnadottir, forseti ÍR skokks, og Bjarni Amby Lárusson meðstjórnendur. Varamenn í stjórn eru Elín Helena Bjarnadóttir og Ásta Katrín Hannesdóttir, sem kom ný inn í stjórnina.

ÆFINGAR OG ÚTBREIÐSLA

Á árinu var fjöldi skráðra einstaklinga í deildinni 441.
Þessir einstaklingar skiptast sem hér segir:

Frjálsar íþróttir 295 iðkendur
Fimleikar 87 iðkendur
Skokkhópur 59 iðkendur

Í frjálsíþróttum var boðið upp á æfingar fyrir iðkendur 12 ára og yngri í Breiðholti og Laugardal yfir vetrartímann, alls þrír æfingahópar á hvorum stað. Sumarið 2018 voru í boði æfingar í Laugardalnum fyrir elsta hópinn (11-12 ára), en ekki fyrir yngri hópa. Vonir standa til að tilkoma nýs frjálsíþróttavallar á ÍR svæðinu sumarið 2019 muni efla starfsemi deildarinnar til muna og unnt verði að bjóða upp á sumaræfingar í Breiðholtinu fyrir alla aldurshópa.

Í Laugardalnum var boðið upp á æfingar fyrir iðkendur 13 ára og eldri allan ársins hring, þar af voru tveir unglingaflokkar, meistaraflokkur U20 og meistaraflokkur. Sameiginlegur fjölþrautarhópur ÍR og Breiðabliks æfði einnig í Laugardalnum.

Eins og áður æfðu nokkrir íþróttamenn annarra félaga með deildinni.

Fimleikarnir voru í sókn á árinu og fjölgaði iðkendum um fjórðung milli ára, en ljóst er að ekki verður mikið lengra farið í uppbyggingu nema til komi fullbúið fimleikahús. Boðið var upp á grunnhóp fyrir byrjendur (5-7 ára) og framhaldshóp fyrir 8 ára og eldri. Æfingar fóru fram í Breiðholtsskóla en farið var með framhaldshópinn í Fylki mánaðarlega sem er gríðarleg lyftistöng fyrir iðkendur og þjálfara. Fjórir þjálfarar þjálfa að staðaldri. Hefð hefur skapast fyrir því að halda sýningu í lok hvorrar annar.

Í tengslum við fimleikana stóð deildin fyrir parkour-námskeiðum í Breiðholtsskóla á haust- og vorönn og var einn þjálfari ráðinn til að sinna starfinu. Parkour er í sókn hjá flestum fimleikafélögum og eru það aðallega strákar æfa þessa grein, sem virðist henta öðrum hópi en þeim sem æfa hefðbundnar íþróttagreinar.

Sem fyrr æfði skokkhópurinn út frá ÍR heimilinu við Skógarsel.

Markvisst hefur verið unnið að því að kynna starfsemi deildarinnar og efla upplýsingamiðlun, meðal annars á vef ÍR og á samfélagsmiðlum undir merkjum deildarinnar. Sagðar eru fréttir af starfseminni, s.s. af afrekum sem íþróttamenn deildarinnar vinna, sagt frá viðburðum

framundan, æfingar kynntar og voru keyptar auglýsingar á Facebook og Instagram haustið 2018 í þeim tilgangi. Góður árangur íþróttafólksins er þó ætíð besta auglýsingin fyrir íþróttina og deildina.

Um nokkurt skeið hafa félögin innan Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur (FÍRR) staðið sameiginlega að því að kynna starfsemi sína að hausti og fengið til þess styrk frá ÍBR. Félögin stóðu saman að Grunnskólamóti Reykjavíkur í frjálsum í byrjun september, um það bil sem vetrarstarfið var að hefjast og er þessi viðburður notaður af félögunum til að kynna íþróttina. Þá tók deildin þátt í viðburðum tengdum Íþróttaviku Evrópu 23.-30. september og stóð meðal annars fyrir opnum æfingum af því tilefni.

Í janúar var ráðist í gerð bæklings sem borinn var út í hús í Breiðholti þar sem hvatt var til þátttöku í verkefninu *„Allir með!“* sem fólst í að skokka, ganga eða hjóla, eftir því hvað hentaði hverjum og einum. Takmarkaður árangur var af verkefninu.

Í september hófst byrjendanámskeið undir merkjum skokkhópsins sem auglýst var á vef ÍR og á samfélagsmiðlum. Eingöngu konur skráðu sig til þátttöku og hélt hluti þeirra áfram að hlaupa með hópnum eftir að námskeiðinu lauk.

Deildin tók þátt í ýmsum öðrum kynningum á starfsemi sinni á árinu 2018, heimsótti meðal annars grunnskóla og tók á móti hópum í heimsókn.

ÞJÁLFUN FRJÁLSÍÞRÓTTIR

Óðinn Björn Þorsteinsson tók við starfi yfirþjálfara í byrjun nóvember af Kristínu Birnu Ólafsdóttur-Johnson, sem sinnt hafði starfinu frá árinu 2016. Það er eftirsjá af Kristínu Birnu en jafnframt mikill fengur fyrir deildina að fá jafn reynslumikinn mann og Óðinn í þetta vandasama verkefni. Hann hefur verið þjálfari við deildina sl. fjögur ár, meðal annars þjálfað yngri iðkendur og verið styrktarþjálfari meistaraflokks. Þá er hann einn af okkar helstu afreksíþróttamönnum, var landsliðsmaður um árabil og keppti á mörgum stórmótum, þar á meðal Ólympíuleikunum í London 2012. Óðinn er með BSc próf í íþróttafræði og MSc í íþróttavísindum og þjálfun frá Háskólanum í Reykjavík. Þótt Kristín Birna hafi látið af starfi yfirþjálfara var hún og mun vera áfram viðloðandi starf deildarinnar.

Brynjar Gunnarsson íþróttafræðingur var áfram umsjónarþjálfari yngri flokka.

Áhersla hefur verið lögð á að þjálfarahópurinn í frjálsíþróttum sé skipaður menntuðum íþróttafræðingum og reynslumiklu fólki, en þeim til aðstoðar hafa verið yngri þjálfarar sem flestir hafa æft frjálsar árum saman hjá deildinni.

ÞJÁLFARAR YNGRI FLOKKA Á ÁRINU 2018:

Björg Gunnarsdóttir – vor
Brynjar Gunnarsson – allt árið
Helgi Björnsson – allt árið
Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir – haust
Ívar Kristinn Jasonarson – vor
Jón Sævar Þórðarson – vor og sumar
Óðinn Björn Þorsteinsson – allt árið
Róbert Már Þorvaldsson – vor
Soffía Felixdóttir – haust
Tiana Ósk Whitworth – haust

Auk fjölda aðstoðarþjálfara.

Meistaraflokksþjálfarar á árinu 2018:

Bergur Ingi Pétursson
Einar Vilhjálmsson
Gunnar Páll Jóakimsson
Jón Oddsson
Jón Sævar Þórðarson
Mark W. Johnson
Martha Ernstsdóttir
Pétur Guðmundsson
Þorvaldur Víðir Þórsson
Þórdís Gísladóttir
Þráinn Hafsteinsson

FIMLEIKAR

Fríða Rún Þórðardóttir hafði, líkt og á árinu 2017, umsjón með fimleikunum.

Þjálfarar:

Bjarki Rafn Andrésson – haust (parkour)
Elíana Sigurjónsdóttir – vor
Hulda Þorsteinsdóttir – vor
Kolgríma Ýr Gestsdóttir – vor og haust
Louisa Christina á Kósini – haust
Robert Bentia – haust
Stefán Þór Friðriksson – vor (parkour)
Viktor Elí Sturluson - haust

ÍR SKOKK

Jón Sævar Þórðarson og Örnólfur Oddsson þjálfuðu skokkhópinn fram yfir Reykjavíkurmaraþon. Þá tóku við þjálfuninni Valur Þór Kristjánsson og Sara Björk Lárusdóttir, sem sá um byrjendanámskeið sem hófst í september, og hélt áfram að þjálfa með Val að námskeiðinu loknu. Að auki kom Bergrós Anna Jóhannsdóttir að þjálfun skokkhópsins um tveggja mánaða skeið í ársbyrjun, en hún var fengin inn til að sinna verkefninu *„Allir með!“.*

Árangur í keppni

Frjálsíþróttadeild ÍR átti keppendur í flestum landsliðum Íslands sem send voru til keppni á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands á árinu 2018, þar með talið á flest stórmót allra aldursflokka. Þetta endurspeglar það mikla og öfluga afreksstarf sem unnið er hjá deildinni.

Keppnisfólkið okkar gerði víðreist og keppti um allan heim. Of langt mál væri að telja upp öll þau mót sem frjálsíþróttafólk úr ÍR kom við sögu og hér er því sjónum einkum beint að helstu mótum hérlendis, sem og Norðurlanda-, Evrópumeistara- og heimsmeistaramótum, þótt nokkurra annarra móta sé getið.

MEISTARAMÓT ÍSLANDS

MÍ AÐALHLUTI

MÍ aðalhluti – innanhúss var haldið í Laugardalshöll í lok febrúar. ÍR-ingum tókst ekki að verja titilinn frá árinu á undan, og hafnaði liðið í öðru sæti með 30.498 stig eftir harða baráttu við FH. Í kvennakeppninni urðu ÍR-konur einnig í öðru sæti með 20.134 stig en karlarnir urðu í þriðja sæti með 10.364 stig.

Alls komu fimm Íslandsmeistaratitlar í hlut ÍR, sem alls vann til 24 verðlauna á mótinu. Sæmundur Ólafsson varð Íslandsmeistari í 800 m og 1500 m, Iðunn Björg Arnaldsdóttir í 800 m, Hildigunnur Þórarinsdóttir í þrístökki og Thelma Lind Kristjánsdóttir í kúluvarpi.

Utanhúss sigraði lið ÍR með miklum yfirburðum, hlaut 79 stig á móti 40 stigum FH, en breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi stigagjafarinnar á þingi Frjálsíþróttasambandsins (FRÍ) í mars 2018. ÍR-ingar sigruðu einnig í kvenna- og karlaflokki.

Alls hlutu ÍR-ingar 39 verðlaun á mótinu og 14 Íslandsmeistaratitla. Ívar Kristinn Jasonarson varð Íslandsmeistari í 400 m og 400 m grind, auk þess sem hann var í sigursveit ÍR í 4x400 m boðhlaupi karla ásamt þeim Sæmundi Ólafssyni, Úlfi Árnasyni og Þorvaldi Tuma Baldurssyni. Sæmundur varð einnig Íslandsmeistari í 1500 m hlaupi karla. Arnar Pétursson varð Íslandsmeistari í 5000 m hlaupi og Dagbjartur Kristjánsson í 3000 m hindrunarhlaupi.

Í kvennaflokki varð Tiana Ósk Whitworth Íslandsmeistari í 100 m hlaupi og Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir í 200 m hlaupi, og báðar voru þær í sveit ÍR í 4x100 m boðhlaupi auk Helgu Margrétar Haraldsdóttur og Hrafnhild Eir Hermóðsdóttur, sem sigraði á nýju Íslandsmeti, 46,29 sek. Guðbjörg og Hrafnhild voru einnig í sigursveitinni í 4x400 m boðhlaupi ásamt Ingibjörgu Sigurðardóttur, sem einnig varð Íslandsmeistari í 800 m hlaupi, og Iðunni Björg Arnaldsdóttur, sem hampaði Íslandsmeistaratitlinum í 1500 m hlaupi. Andrea Kolbeinsdóttir varð Íslandsmeistari í 3000 m hlaupi og Thelma Lind Kristjánsdóttir í kringlukasti.

MÍ 15-22 ÁRA

Á innanhúss mótinu hafnaði ÍR í öðru sæti í heildarstigakeppninni með 302 stig en bar sigur úr býtum í flokkum 16-17 ára pilta og stúlkna og 18-19 ára stúlkna. ÍR-ingar hlutu flest verðlaun á mótinu, alls 49, þar af 19 gull.

Eftir harða og spennandi keppni stóð lið ÍR uppi sem sigurvegarar í utanhúss keppninni í ágúst með 409,5 stig. Liðið sigraði einnig í flokkum 16-17 ára pilta og 18-19 ára pilta og stúlkna. Alls komu 29 Íslandsmeistaratitlar í hlut ÍR en í heildina voru verðlaunin 72.

MÍ 11-14 ÁRA

Innanhúss höfnuðu ÍR-ingar í sjötta sæti og hlaut 199 stig og þrjá Íslandsmeistaratitla og 11 verðlaun samtals. Á utanhúss mótinu á Egilsstöðum varð lið ÍR í áttunda sæti með 163 stig og unnu keppendur úr ÍR til verðlauna í sjö greinum.

MÍ Í FJÖLÞRAUTUM

Sex keppendur frá ÍR tóku þátt á MÍ í fjölþrautum innanhúss í febrúar, þar af fimm 16-17 ára eða tvær stúlkur og þrír piltar, og einn í karlaflokki. Aðeins þrír ÍR-ingar voru skráðir til leiks utanhúss, einn í flokki 16-17 ára pilta, ein stúlka í sama aldursflokki og einn í karlaflokki.

MÍ ÖLDUNGA

Innanhússmótið fór fram í Laugardalshöll í febrúar. Aðeins átta ÍR-ingar voru skráðir til leiks en þó varð liðið í þriðja sæti í heildarstigakeppninni með 79 stig og hlutu ÍR-ingarnir 11 Íslandsmeistaratitla.

Á utanhússmótinu, sem haldið var á Laugardalsvelli, unnu ÍR-ingar til langflestra verðlauna eða 26, þar af voru 18 Íslandsmeistaratitlar.

MÍ Í 5KM GÖTUHLAUPI

Víðavangshlaup ÍR var jafnframt Íslandsmótið í 5 km götuhlaupi. Þar voru ÍR-ingar sigursælir og kom Íslandsmeistaratitill karla í hlut Arnars Pétursonar. Í kvennaflokki var tvöfaldur ÍR-sigur en Íslandsmeistaratitillinn kom í hlut Andreu Kolbeinsdóttur.

MÍ Í 10KM GÖTUHLAUPI

MÍ í 10 km götuhlaupi var haldið í maí. Sömu einstaklingar unnu Íslandsmeistaratitla og í 5 km götuhlaupi.

MÍ Í MARAÞONI

Arnar Pétursson bar sigur úr býtum í karlaflokki og varð þar með Íslandsmeistari í maraþoni karla.

BIKARKEPPNIR FRÍ

Lið ÍR varði titil sinn í bikarkeppni FRÍ sem haldin var í mars. Alls hlutu ÍR-ingar 103 stig, jafnmörg og lið FH en þar sem ÍR sigraði í fleiri greinum (átta á móti fimm) hampaði liðið bikarnum. ÍR-konur sigruðu einnig stigakeppni kvenna, en karlarnir urðu í öðru sæti.

Eitt Íslandsmet var sett á mótinu, og var það í 4x200 m hlaupi kvenna, 1:38,43 mín. Sveitina skipuðu Aníta Hinriksdóttir, Helga Margrét Haraldsóttir, Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir og Tiana Ósk Whitworth.

Lið ÍR sigraði einnig í bikarkeppninni utanhúss, sem haldin var í Borgarnesi, og hlaut liðið 116 stig. ÍR karlar sigruðu karlakeppnina en konurnar urðu í öðru sæti.

Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss var haldin í mars og þar hafnaði lið ÍR í þriðja sæti með 74 stig. Fámennt lið ÍR varð í áttunda sæti í bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss með 72 stig.

ÍR MÓTIN

Frjálsíþróttadeild ÍR heldur fjölda móta á ári hverju. Stærstu mótin eru Stórmót ÍR, Silfurleikar ÍR, Brosnsleikar ÍR og Vormót ÍR, sem öll hafa skapað sér fastan sess hjá íslensku frjálsíþróttafólki á öllum aldri. Á Stórmóti keppa iðkendur allt frá yngstu iðkendunum upp í okkar helsta afreksfólk og á Vormóti er aðeins keppni í fullorðinsflokki, en á Bronsleikum og Silfurleikum eru yngri iðkendur í forgrunni.

Á Stórmóti ÍR, sem haldið var í Laugardalshöll dagana 20.-21. janúar, setti Tiana Ósk Whitworth Íslandsmet í 60 m hlaupi innanhúss, 7,47 sek, sem jafnframt er aldursflokkamet hjá stúlkum 18-19 ára og 20-22 ára.

REYKJAVÍK INTERNATIONAL GAMES 3. MARS

21 keppandi frá ÍR var skráður til leiks á RIG. Þrjú þeirra urðu í fyrsta sæti í sínum greinum, þau Hulda Þorsteinsdóttir (stangarstökk), Sæmundur Ólafsson (800 m hlaup) og Thelma Lind Kristjánsdóttr (kúluvarp). Aníta Hinriksdóttir varð önnur í 800 m hlaupi kvenna og átti besta árangur íslensku keppendanna á mótinu skv. stigatöflu IAAF.

NM INNI 11. FEBRÚAR

Fimm ÍR-ingar voru í sameiginlegu liði Íslands og Danmerkur á NM innanhúss, sem að þessu sinni var haldið í Uppsala í Svíþjóð. Einar Daði Lárusson keppti í 60 m grind, Guðni Valur Guðnason í kúluvarpi, Hulda Þorsteinsdóttir í stangarstökki, Ívar Kristinn Jasonarson í 400 m hlaupi og Tiana Ósk Whitworth í 60 m hlaupi.

Hulda Þorsteinsdóttir var sú eina þeirra sem vann til verðlauna, stökk 4,24 m og hlaut bronsverðlaun.

HM INNI 2.-3. MARS

Aníta Hinriksdóttir var eini íslenski keppandinn á HM innanhúss sem haldið var í Birmingham á Englandi. Hún hafði náð lágmarki í 800 m og 1500 m hlaupi og valdi að keppa í síðarnefndu greininni, en tókst ekki að hlaupa sig inn í úrslitin og hafnaði í áttunda og síðasta sæti í sínum riðli.

VETRARKASTMÓT EVRÓPU 11. MARS

Kringlukastararnir Guðni Valur Guðnason og Thelma Lind Kristjánsdóttir voru meðal keppenda á mótinu, sem að þessu sinni var haldið í Leiria í Portúgal. Guðni Valur sigraði í kasthópi B með kasti upp á 61,82 m sem gaf 6.-7. sætið í heildina. Thelma Lind varð níunda í kringlukasti 23 ára og yngri og var lengsta kast hennar 47,52 m.

HM Í HÁLFU MARAÞONI 24. MARS

Þrír Íslendingar kepptu á HM í hálfu maraþoni og komu þau öll úr ÍR, Andrea Kolbeinsdóttir, Arnar Pétursson og Elín Edda Sigurðardóttir og bættu þau öll árangur sinn. Andrea varð í 99. sæti í kvennaflokki og var tími hennar 1:19,46 klst og var þar með önnur íslenskra kvenna til að ná undir 80 mín markið. Elín Edda varð 23 sætum á eftir Andreu á tímanum 1:21,20 klst. Tími Arnars var 1:07,29 sem skilaði honum 117. sæti af 160 keppendum.

GRUNNSKÓLAMÓT HÖFUÐBORGA NORÐURLANDANNA 27. MAÍ-1. JÚNÍ

Sjö ÍR-ingar voru í úrvalsliði Reykjavíkur á mótinu, sem að þessu sinni var haldið í Kaupmannahöfn.

SMÁÞJÓÐAMEISTARAMÓT 9. JÚNÍ

Af 15 keppendum í liði Íslands á Smáþjóðameistaramótinu í Vaduz í Liechtenstein komu sjö úr röðum okkar ÍR-ingar.

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sló 20 ára gamalt Íslandsmet í 200 m hlaupi þegar hún hljóp á 23,61 sek. Hún kom einnig við sögu í 1000 m boðhlaupi kvenna þar sem íslenska sveitin deildi fyrsta sætinu með sveit Kýpur og var tími þeirra 2:11,36 mín. Tvær aðrar ÍR-stúlkur skipuðu sveitina, þær Tiana Ósk Whitworth og Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir. Hrafnhild varð sjötta í 200m hlaupinu á tímanum 24,30 sek. Tiana keppti einnig í 100 m hlaupi þar sem hún hafnaði fimmta á tímanum 11,87 sek.

Ívar Kristinn Jasonarson sigraði í 400 m. Hann hljóp einnig lokasprettinn, 400 m, fyrir sveit Íslands, sem sigraði í 1000m boðhlaupi karla á tímanum 1:52,71 mín.

Guðni Valur Guðnason vann sína grein, kringlukast, með kasti upp á 60,25m. Thelma Lind Kristjánsdóttir bætti Íslandsmetið í kringlukasti í aldursflokki 20-22 ára stúlkna með kasti upp á 52,80 m og var það næstlengsta kast keppninnar.

Erna Sóley Gunnarsdóttir varð fjórða í kúluvarpi og kastaði 14,26m, sama sæti og Andrea Kolbeinsdóttir hafnaði í í 3000m hlaupi og var tími Andreu 9:46,93 mín.

NM Í FJÖLÞRAUTUM 10.-11. JÚNÍ

Benjamín Jóhann Johnsen vann til silfurverðlauna í tugþraut 20-22 ára á Norðurlandameistaramótinu í fjölþrautum sem að þessu sinni fór fram í Noregi. Alls hlaut

hann 6.443 stig sem var bæting um 762 stig. Auk Benjamíns var Helga Margrét Haraldsdóttir meðal þátttakenda á mótinu en hún lauk ekki keppni.

BAUHAUS JUNIOREN GALA 23.-24. JÚNÍ

Þær Erna Sóley Gunnarsdóttir, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir og Tiana Ósk Whitworth voru meðal þátttakenda á mótinu, sem er orðinn fastur liður hjá afreksfólki úr hópi ungmenna í frjálsíþróttum. Tiana varð fjórða í 100 m hlaupi á 11,68 sek, sem var jöfnun á aldursflokkameti 18-19 ára og 20-22 ára. Hún varð svo 19. í 200 m hlaupi á 24,44 sek en þar varð Guðbjörg Jóna fjórða á 23,64 sek. Erna Sóley varð sjöunda í kúluvarpi og var lengsta kast hennar 13,93 m.

EM U20 5.-8. JÚLÍ

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir vann það afrek að verða Evrópumeistari í 100 m hlaupi og var sigurtíminn 11,75 sek. Guðbjörg keppti einnig í 200 m hlaupi þar sem hún varð þriðja á 23,73 sek. Elísabet Rut Rúnarsdóttir keppti til úrslita í sleggjukasti og varð áttunda með kast upp á 61,94 m. Þriðja ÍR-stúlkan sem keppti á mótinu var Helga Margrét Haraldsdóttir sem varð 19. í kúluvarpi og kastaði lengst 13,82 m.

HM U20 10.-15. JÚLÍ

Allir þrír íslensku keppendurnir á mótinu, sem haldið var í Tampere í Finnlandi, komu úr röðum ÍR. Andrea Kolbeinsdóttir keppti í 3000 m hindrunarhlaupi og varð í 22. sæti á nýju Íslandsmeti, 10:21,26 mín. Kúluvarparinn Erna Sóley Gunnarsdóttir kastaði 14,32 og varð 14da. Þá hljóp Tiana Ósk Whitworth í 100 m hlaupi og varð í 29. sæti á 11,87 sek.

EM 6.-12. ÁGÚST

Evrópumeistaramótið fór fram í Berlín í ágúst og voru tveir af fjórum fulltrúum Íslands ÍR-ingar. Aníta Hinriksdóttir keppti í 800 m hlaupi og í undanrásum hafnaði hún í fimmta sæti í sínum riðli á tímanum 2:02,15 mín sem dugði henni inn í undanúrslitin. Í undanúrslitahlaupinu varð hún sjötta í riðlinum á 2:03,43 mín en var að loknu hlaupi dæmd úr leik vegna stimpinga. Guðni Valur varð 16di í undanúrslitinum, kastaði lengst 61,36, en hefði þurft að ná kasti yfir 64 m eða vera meðal 12 efstu til að tryggja sér pláss í úrslitunum.

NM U20 11.-12. ÁGÚST

Af 20 Íslendingum í sameiginlegu liði Danmerkur og Íslands á mótinu voru sjö úr ÍR. Í 100 m og 200 m hlaupi var tvöfaldur íslenskur sigur. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir varð Norðurlandameistari og Tiana Ósk Whitworth önnur, en í báðum greinum var meðvindur of mikill. Erna Sóley Gunnarsdóttir varð önnur í kúluvarpi og kastaði lengst 14,21 m og í sleggjukasti varð Elísabet Rut Rúnarsdóttir fimmta með kast upp á 54,13 m. Vilborg María Loftsdóttir stökk 5,30 m í langstökkki sem skilaði henni sjöunda sætinu. Hún keppti einnig í þrístökki þar sem lengsta stökk hennar var 11,25 m og varð áttunda. Birgir Jóhannes Jónsson varð einnig áttundi í þrístökki pilta með stökk upp á 13,19 m.

NORÐURLANDA- OG EYSTRASALTSMÓT U23 11.-12. ÁGÚST

Mótið var haldið í Gävle í Svíþjóð og voru tveir ÍR-ingar sem tóku þátt, spjótkastarinn Dagbjartur Daði Jónsson og Thelma Lind Kristjánsdóttir, sem keppti í kringlukasti og kúluvarpi. Dagbjartur Daði kastaði lengst 72,06 m og varð fimmti. Thelma Lind varð fimmta í kringlu, með kast upp á 48,51 m, og sjöunda í kúlu, þar sem hún kastaði lengst 13,14 m.

EM FATLAÐRA 20.-26. ÁGÚST

Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir náði frábærum árangri á

Evrópumeistaramóti fatlaðra í Berlín. Bergrún, sem var á sínu fyrsta stórmóti, keppti í fjórum greinum og vann til verðlauna í þremur þeirra. Hún hlaut silfurverðlaun í langstökki þar sem hún fór lengst 4,16 m. Hún varð þriðja í 100 m og 200 m hlaupi og setti Íslandsmet í báðum greinum í flokki T37 (hreyfihamlaðir). Tími hennar í 100 m var 14,73 sek og 31,61 sek í 200 m. Fjórða keppnisgrein Bergrúnar var 400 m hlaup sem hún hljóp á 1:13,02 mín og lenti í fjórða sæti.

HM ÖLDUNGA 4.-16. SEPEMBER

Fríða Rún Þórðardóttir var meðal keppenda á HM öldunga í Malaga á Spáni þar sem hún hafnaði í fimmta sæti í 8 km víðavangshlaupi í kvenna 45-49 ára á tímanum 32:59 mín.

ÓLYMPÍULEIKAR UNGMENNA 6.-18. OKTÓBER

Frábær árangur Guðbjargar Jónu Bjarnadóttur á Ólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires í Argentínu vakti verðskuldaða athygli. Guðbjörg tryggði sér Ólympíumeistaratitil í 200 m hlaupi þegar hún kom í mark á nýju Íslandsmeti, 23,47 sek.

Keppni á mótinu var með nokkuð óhefðbundnu sniði, en í frjálsíþróttakeppninni voru tvær umferðir og gilti samanlagður árangur í báðum. Miklir yfirburðir Guðbjargar í fyrri umferðinni tryggðu henni sigurinn, en þá hljóp hún á 23,55 sek og var eina stúlkan sem hljóp undir 24 sek í þeirri umferð.

Elísabet Rut Rúnarsdóttir keppti í sleggjukasti og kastaði lengst 63,52 í seinni umferðinni, sem var þriðja lengsta kastið, en þar sem hún náði ekki gildu kasti í fyrri umferðinni var 16. sætið niðurstaðan.

NM Í VÍÐAVANGSHLAUPUM 10. NÓVEMBER

Norðurlandameistaramótið var haldið í Laugardalnum og var keppt í fjórum flokkum. Í karlaflokki voru hlaupnir 9 km, 7,5 km í kvennaflokki, 6 km í flokki ungkarla og 4,5 km í flokki ungkvenna. ÍR-ingar áttu keppendur í fyrstu þremur flokkunum. Hlynur Andrésson kom fyrstur Íslendinganna í mark í karlaflokki og varð í sjöunda sæti á 29,26 mín. Guðni Páll Pálsson, Þórólfur Ingi Þórsson, Sæmundur Ólafsson, Vignir Már Lýðsson og Vilhjálmur Þór Svansson röðuðu sér í 23.-27. sæti. Elín Edda Sigurðardóttir kom fyrst íslensku kvennanna í mark, varð 16da á 31,09 mín. Þrír ÍR-ingar, Dagbjartur Kristjánsson, Andri Már Hannesson og Hlynur Ólason kepptu í flokki ungkarla og höfnuðu þeir í 16.-19. sæti

ÍSLANDSMET Á ÁRINU

Eitt af markmiðum íþróttamanna er að bæta sig og það gerðu ÍR-ingar svo sannarlega á árinu. Fjöldi ÍR-inga setti Íslands- eða aldursflokkamet:

KONUR INNANHÚSS

Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	3000 metra hlaup	9:53,37	16. maí	Reykjavík	Stúlkna 20-22 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	5000 metra hlaup	17:43,61		17. mars	Stúlkna 20-22 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	3000 metra hlaup	9:53,37	16. maí	Reykjavík	Stúlkna 18-19 ára
Aníta Hinriksdóttir (1996)	4x200 metra boðhlaup	1:38,43	10. mars	Hafnarfjörður	Kvenna
Aníta Hinriksdóttir (1996)	1500 metra hlaup	4:09,54	6. feb.	Dusseldorf	Kvenna
Aníta Hinriksdóttir (1996)	1500 metra hlaup	4:09,54	6. feb.	Dusseldorf	Stúlkna 20-22 ára
Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000)	Kúluvarp (4,0 kg)	14,98	19. des.	Reykjavík	Stúlkna 18-19 ára
Fríða Rún Þórðardóttir (1970)	400 metra hlaup	70,24	11. feb.	Reykjavík	KO045
Helga Margrét Haraldsd (2001)	4x200 metra boðhlaup	1:38,43	10. mars	Kvenna	

Hrafnhild Eir R Hermóðsd (1989)	4x200 metra boðhlaup	1:38,43	10. mars	Hafnarfjörður	Kvenna	
Kolbrún Stefánsdóttir (1950)	60 metra hlaup	11,66	10. feb.	Reykjavík	KO065	
Kolbrún Stefánsdóttir (1950)	200 metra hlaup	44,55	10. feb.	Reykjavík	KO065	
Kolbrún Stefánsdóttir (1950)	Langstökk	2,84	10. feb.	Reykjavík	KO065	
Kolbrún Stefánsdóttir (1950)	Kúluvarp (3,0 kg)	6,90	10. feb.	Reykjavík	KO065	
Tiana Ósk Whitworth (2000)	60 metra hlaup	7,47	20. jan.	Reykjavík	Kvenna	
Tiana Ósk Whitworth (2000)	4x200 metra boðhlaup	1:38,43	10. mars	Kvenna		
Tiana Ósk Whitworth (2000)	60 metra hlaup	7,47	20. jan.	Reykjavík	Stúlkna 20-22 ára	
Tiana Ósk Whitworth (2000)	60 metra hlaup	7,47	20. jan.	Reykjavík	Stúlkna 18-19 ára	

Karlar innanhúss

Hlynur Andrésson (1993)	3000 metra hlaup	8:02,08	3. feb.	Notre Dame,USA	Karla
Hlynur Ólason (2001)	3000 metra hlaup	9:10,02	28. des.	Reykjavík	Pilta 16-17 ára
Þórólfur Ingi Þórsson (1976)	3000 metra hlaup	9:11,73	25. feb.	Reykjavík	KA040

Konur utanhúss

Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	3000 metra hindrunarhlaup	10:31,69	20. júní	Kvenna	
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	3000 metra hindrunarhlaup	10:21,26	10. júlí	Kvenna	
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	10 km götuhlaup	35:45	4. júlí	Reykjavík	Stúlkna 20-22 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	Hálft maraþon	1:19:46	24. mars	Valencia, ESP	Stúlkna 20-22 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	3000 metra hindrunarhlaup;	10:31,69;	20. júní ;	Reykjavík	Stúlkna 20-22 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	3000 metra hindrunarhlaup;	10:21,26;	10. júlí ;	Tampere, FI	Stúlkna 20-22 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	5000 metra hlaup;	17:13,01;	14. júní ;	Reykjavík	Stúlkna 18-19 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	10 km götuhlaup	35:45	4. júlí	Reykjavík	Stúlkna 18-19 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	Hálft maraþon	1:19:46	24. mars	Valencia, ESP	Stúlkna 18-19 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	3000 metra hindrunarhlaup;	10:31,69;	20. júní ;	Reykjavík	Stúlkna 18-19 ára
Andrea Kolbeinsdóttir (1999)	3000 metra hindrunarhlaup;	10:21,26;	10. júlí ;	Tampere, FI	Stúlkna 18-19 ára
Aníta Hinriksdóttir (1996)	1 míla	4:29,20	3. júní	Henglo, NED	Kvenna
Aníta Hinriksdóttir (1996)	1 míla	4:29,20	3. júní	Henglo, NED	Stúlkna 20-22 ára
Elísabet Rut Rúnarsdóttir (2002)	Sleggjukast (4,0 kg)	55,20	3. júní	Reykjavík	Stúlkna 16-17 ára
Elísabet Rut Rúnarsdóttir (2002)	Sleggjukast (4,0 kg);	55,33 ;	16. ágúst	Reykjavík	Stúlkna 16-17 ára
Elísabet Rut Rúnarsdóttir (2002)	Sleggjukast (3,0 kg);	61,91	19. mars	Reykjavík	Stúlkna 16-17 ára
Elísabet Rut Rúnarsdóttir (2002)	Sleggjukast (3,0 kg);	64,39	21. mars	Reykjavík	Stúlkna 16-17 ára
Elísabet Rut Rúnarsdóttir (2002)	Sleggjukast (3,0 kg);	66,81	26. sept.	Reykjavík	Stúlkna 16-17 ára
Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000)	Kúluvarp (4,0 kg)	14,54	4. júní	Borgarnes	Stúlkna 18-19 ára
Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000)	Kúluvarp (4,0 kg)	14,26	9. júní	Vaduz, LIE	Stúlkna 18-19 ára
Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000)	Kúluvarp (4,0 kg)	14,38	23. júní	Mannheim, DE	Stúlkna 18-19 ára
Fríða Rún Þórðardóttir (1970)	8 km víðavangshlaup	32:59	5. sept.	Malaga, ES	KO045
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	4x100 metra boðhlaup	46,29	14. júlí	Sauðárkrókur	Kvenna
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,61	9. júní	Vaduz, LIE	Kvenna
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,55	13. okt.	Buenos Aires, AR	Kvenna
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,47	16. okt.	Buenos Aires, AR	Kvenna
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	100 metra hlaup	11,68	30. maí	Selfoss	Stúlkna 20-22 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,61	9. júní	Vaduz, LIE	Stúlkna 20-22 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,55	13. okt.	Buenos Aires, AR	Stúlkna 20-22 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,47	16. okt.	Buenos Aires, AR	Stúlkna 20-22 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	100 metra hlaup	11,68	30. maí	Selfoss	Stúlkna 18-19 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,61	9. júní	Vaduz, LIE	Stúlkna 18-19 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,55	13. okt.	Buenos Aires, AR	Stúlkna 18-19 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,47	16. okt.	Buenos Aires, AR	Stúlkna 18-19 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	100 metra hlaup	11,68	30. maí	Selfoss	Stúlkna 16-17 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,61	9. júní	Vaduz, LIE	Stúlkna 16-17 ára
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,55	13. okt.	Buenos Aires, AR	Stúlkna 16-17 ára

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001)	200 metra hlaup	23,47	16. okt.	Buenos Aires, AR	Stúlkna 16-17 ára	
Helga Margrét Haraldsd (2001)	4x100 metra boðhlaup	46,29	14. júlí	Sauðárkrókur	Kvenna	
Hrafnhild Eir R Hermóðsd (1989)	4x100 metra boðhlaup	46,29	14. júlí	Sauðárkrókur	Kvenna	
Thelma Lind Kristjánsdóttir (1997)	Kringlukast (1,0 kg)	54,69	19. júlí	Borgarnes	Kvenna	
Thelma Lind Kristjánsdóttir (1997)	Kringlukast (1,0 kg)	52,80	9. júní	Vaduz, LIE	Stúlkna 20-22 ára	
Thelma Lind Kristjánsdóttir (1997)	Kringlukast (1,0 kg)	52,80	18. júní	Hafnarfjörður	Stúlkna 20-22 ára	
Thelma Lind Kristjánsdóttir (1997)	Kringlukast (1,0 kg)	54,69	19. júlí	Borgarnes	Stúlkna 20-22 ára	
Tiana Ósk Whitworth (2000)	4x100 metra boðhlaup	46,29	14. júlí	Sauðárkrókur	Kvenna	
Tiana Ósk Whitworth (2000)	100 metra hlaup	11,68	23. júní	Mannheim, DE	Stúlkna 20-22 ára	
Tiana Ósk Whitworth (2000)	100 metra hlaup	11,68	23. júní	Mannheim, DE	Stúlkna 18-19 ára	

Karlar utanhúss

Benjamín Jóhann Johnsen (1996)	Spjótkast 800g beggja handa;	79,42 ;	22. ágúst	Kópavogur	Pilta 20-22 ára	
Hlynur Andrésson (1993)	5000 metra hlaup	13:58,91	21. apr.	Charlottesv.,USA	Karla	
Hlynur Andrésson (1993)	10000 metra hlaup	29:20,92	31. mars	Raleigh, USA	Karla	
Hlynur Andrésson (1993)	3000 metra hindrunarhlaup	8:44,11	24. maí	Tampa, USA	Karla	
Stefán Hallgrímsson (1948)	400 metra hlaup	81,08	6. sept.	Malaga, ES	KA070	
Stefán Hallgrímsson (1948)	1500 metra hlaup	7:02,67	7. sept.	Malaga, ES	KA070	
Stefán Hallgrímsson (1948)	80 metra grind (76,2 cm)	18,23	7. sept.	Malaga, ES	KA070	
Stefán Hallgrímsson (1948)	Stangarstökk	2,50	7. sept.	Malaga, ES	KA070	
Stefán Hallgrímsson (1948)	Tugþraut 70-79 ára	5693	7. sept.	Malaga, ES	KA070	
Úlfur Árnason (2001)	Spjótkast 800g beggja handa	50,71	22. ágúst	Kópavogur	Pilta 16-17 ára	
Þórólfur Ingi Þórsson (1976)	10000 metra hlaup	33:22,69	14. júní	Reykjavík	KA040	
Þórólfur Ingi Þórsson (1976)	10 km götuhlaup	32:58	18. maí	Alicante, ESP	KA040	

LANDSLIÐ

landsliðshópur frí

Andrea Kolbeinsdóttir – millivegalengdir/langhlaup
Aníta Hinriksdóttir – millivegalengdir/langhlaup/4x400 m boðhlaup
Arnar Pétursson – millivegalengdir/langhlaup
Einar Daði Lárusson – spretthlaup/grindahlaup/4x100 m boðhlaup
Elín Edda Sigurðardóttir – millivegalengdir/langhlaup
Erna Sóley Gunnarsdóttir – kastgreinar
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir – spretthlaup/grindahlaup/4x100 m boðhlaup/4x400 m boðhlaup
Guðni Valur Guðnason – kastgreinar
Hildigunnur Þórarinsdóttir – stökkgreinar
Hlynur Andrésson – millivegalengdir/langhlaup
Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir – spretthlaup/grindahlaup/4x100 m boðhlaup/4x400 m boðhlaup
Hulda Þorsteinsdóttir – stökkgreinar
Ívar Kristinn Jasonarson – spretthlaup/grindahlaup/4x100 m boðhlaup/4x400 m boðhlaup
Rut Tryggvadóttir - kastgreinar

Sæmundur Ólafsson – millivegalengdir/hlaup
Thelma Lind Kristjánsdóttir – kastgreinar
Tiana Ósk Whitworth – spretthlaup/grindahlaup/4x100 m boðhlaup
Tristan Freyr Jónsson – spretthlaup/grindahlaup/þraut//4x100 m boðhlaup
Þorsteinn Ingvarsson - stökkgreinar

ÍR-INGAR Í ÚRVALS- OG STÓRMÓTAHÓPUM UNGLINGA FRÍ

Innan FRÍ eru starfandi úrvalshópur unglinga og stórmótahópur. ÍR ingar eiga 13 fulltrúa í þessum hópum veturinn 2018-2019.

Andrea Kolbeinsdóttir – 3000 m hindrun
Dagbjartur Daði Jónsson – spjót

Dagbjört Lilja Magnúsdóttir – 100 m
Elma Sól Halldórsdóttir - 100 m
Elísabet Rut Rúnarsdóttir – sleggja
Erna Sóley Gunnarsdóttir – kúla
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir – 100 m, 200 m, 400 m
Helga Margrét Haraldsdóttir – 100 m, 110 m grind, kúla
Iðunn Björg Arnaldsdóttir – 800 m
Rut Tryggvadóttir – sleggja
Thelma Lind Kristjánsdóttir – kringla
Tiana Ósk Whitworth – 100 m, 200 m
Þorvaldur Tumi Baldursson – 200 m

VIÐURKENNINGAR

Eftirfarandi íþróttamenn fá viðurkenningar á aðalfundi 6. apríl 2019 fyrir árangur sinn á árinu 2018. Þessi glæsilegi hópur er vel að þessum viðurkenningum kominn og árangurinn sem þau hafa náð er afrakstur þrotlausra æfinga undir leiðsögn frábærra þjálfara.

Frjálsíþróttakarl ÍR	Guðni Valur Guðnason
Frjálsíþróttakona ÍR	Aníta Hinriksdóttir
Besti kvenhlaupari ÍR - millivegalengdir/langhlaup	Aníta Hinriksdóttir
Besti karlhlaupari ÍR - millivegalengdir/langhlaup	Hlynur Andrésson
Besti karlhlaupari ÍR - sprett/grindahlaup	Ívar Kristinn Jasonarson
Besti kvenhlaupari ÍR - sprett/grindahlaup	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Besti kvenstökkvari ÍR	Hulda Þorsteinsdóttir
Besti karlstökkvari ÍR	Benjamín Jóhann Johnsen
Besti kvenkastari ÍR	Thelma Lind Kristjánsdóttir
Besti karlkastari ÍR	Guðni Valur Guðnason
Besti fjölþrautamaður ÍR	Benjamín Jóhann Johnsen
Mestu framfarir 18+	Árni Haukur Árnason

Efnilegasti frjálsíþróttamaður ÍR 15 - 17 ára Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir

Efnilegasti frjálsíþróttamaður ÍR 11 - 14 ára Ellen María Ebenesersdóttir

Aníta og Guðni Valur voru tilnefnd af hálfu deildarinnar sem íþróttamenn ÍR. Í hófi aðalstjórnar í árslok var Guðni Valur útnefndur íþróttakarl ÍR og Aníta íþróttakona ÍR.

Frjálsíþróttasambandið útnefndi Guðna Val frjálsíþróttakarl ársins á uppskeruhátíð sinni og Guðbjörg Jóna hlaut fjórar viðurkenningar; fyrir besta spretthlaupsafrekið, fyrir óvæntasta afrekið, frjálsíþróttastúlka ársins 20 ára og yngri, og sem mikilvægasta frjálsíþróttakona ársins.

Guðbjörg Jóna var einnig útnefnd íþróttakona Reykjavíkur við athöfn sem fór fram í Ráðhúsi borgarinnar 14. desember. Auk Guðbjargar hlutu Aníta, Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir og Guðni Valur tilnefningu sem íþróttafólk

Reykavíkur og bikarlið ÍR fékk tilnefningu sem íþróttalið Reykjavíkur.

Þá var Guðbjörg Jóna var meðal tíu efstu í kjöri samtaka íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins.

Bergrún Ósk var útnefnd íþróttakona ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

Viðburðir

Mót og hlaup

Eins og mörg undanfarin ár lét deildin ekki sitt eftir liggja þegar kom að framkvæmd frjálsíþróttviðburða. Viðburðir deildarinnar eru ein helsta tekjulind hennar en auk þess hafa þeir fest sig í sessi í frjálsíþróttalífinu.

Mót og hlaup á árinu 2018 (fjöldi þátttakenda innan sviga):

22. Stórmót ÍR 20.-21. janúar (718)

103. Víðavangshlaup ÍR á Sumardaginn fyrsta 19. apríl (558)

76. Vormót ÍR 13. júní (144)

Bronsleikar ÍR 6. október (270)

23. Silfurleikar ÍR 24. nóvember (511)

43. Gamlárshlaup ÍR 31. desember (1426)

Skemmtiskokk Gamlárshlaupsins (298)

Innanfélagsmót, kastmót, stökkmót, jólamót og bætingamót voru fjölmörg samkvæmt venju. Að auki framkvæmir deildin á hverju ári mót sem Frjálsíþróttasambandið úthlutar.

Æfingabúðir

Um árabil hafa iðkendur úr meistaraflokki og unglingar á framhaldsskólaaldri farið í æfingabúðir um páska og var árið 2018 engin undantekning þar á. Að þessu sinni var farið til Albir á Spáni og taldi hópurinn um 40 manns, auk sjö þjálfara og fjölþrautarfólks úr Breiðabliki og UMSS.

Gautaborgarleikarnir

Frá því fyrir aldamót hefur deildin að jafnaði farið annað hvert ár á Gautaborgarleikana í frjálsum með unglingahóp. Mótið er haldið á Ullevi-leikvanginum í Gautaborg og koma keppendur, sem að þessu sinni voru á níunda þúsund, víðsvegar að úr heiminum. Þátttaka í mótinu er skemmtileg og góð upplifun fyrir iðkendurna, sem margir hverjir stíga þar sín fyrstu skref á alþjóðlegu móti.

ÍR-hópurinn tali rúmlega 40 manns og voru flestir á aldrinum 13-16 ára, en einnig voru með í för nokkrir eldri keppendur úr meistaraflokki og MU20, auk átta manna hóps þjálfara og fararstjóra.

FÉLAGSAUÐURINN

Inga Dís Karlsdóttir og samstarfsmenn hennar, þeir Gauti Höskuldsson, Sigurður Þórarinsson, Sigurður Sigurðarsson og Þór Gunnarsson, hafa stýrt ÍR hlaupunum af miklum myndarbrag. Hlaupin blómstra í höndum þessa hóps enda metnaðurinn og nákvæmnin í fyrirrúmi í allri vinnu þeirra.

Í lok árs 2017 samdi stjórn deildarinnar við Helga Björnsson um framkvæmd móta. Helga til halds og trausts er mótanefnd deildarinnar, sem í eru Bjarni Amby Lárusson, Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Margrét Héðinsdóttir, Oddný F. Árnadóttir og Þráinn Hafsteinsson. Þá vinnur formaður deildarinnar með nefndinni. Þetta fyrsta ár sem Helgi sá um framkvæmdina gaf góða raun og standa vonir til að mótahald deildarinnar, sem var í góðum farvegi fyrir, verði enn betra og fagmannlegra.

SJÁLFBOÐALIÐAR

Án sjálfboðaliða myndi starfsemi íþróttafélaga ekki ganga upp. Frjálsíþróttadeild ÍR hefur notið liðsinnis frá frábærum hópi sjálfboðaliða, sem er reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum til að starfsemi deildarinnar fái að dafna og hægt sé að halda viðburði. Stjórnarfólk og einstaklingar í nefndum á vegum deildarinnar sinnir þeim verkefnum í sjálfboðamennsku.

Til að framkvæma mótin og hlaupin sem deildin stendur fyrir þarf fjöldan allan af fólki. Um árabil hefur iðkendum í deildinni staðið til boða að fá greitt inn á fjáröflunarreikninga fyrir vinnuframlag á viðburðum deildarinnar, en álagið er mikið og það þarf 100 til 200 manns til að framkvæma hvern viðburð. Að ná að gera þetta ár eftir ár er árangur sem margir furða sig á. En þetta hefur tekist og ávinningurinn er gríðarlegur fyrir iðkendur og deildina. Auk íþróttafólksins koma sjálfboðaliðarnir úr röðum aðstandenda þeirra, fyrrum iðkenda, foreldra fyrrum iðkenda og annarra velunnara deildarinnar og eru þeim færðar þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Sl. ár hefur deildin notið liðsinnis annarra deilda félagsins við mótahaldið og er forsvarsmönnum deildanna og þeim sem bjóða sig fram til starfa færðar þakkir fyrir.

SJÁLFBOÐALIÐABIKARINN

Árið 2015 barst deildinni bikar að gjöf til minningar um Katrínu Atladóttur sem lést um aldur fram árið 2011. Katrín hefði orðið sextug það ár. Dóra Gunnarsdóttir, frænka hennar, gaf bikarinn. Stjórn deildarinnar tók ákvörðun um að bikarinn yrði notaður til að heiðra sjálfboðaliða á viðburðum deildarinnar. Katrín var dyggur liðsmaður og hana vantaði sjaldan í starfsmannahópinn, hvort sem um hlaup eða mót var að ræða. Bikarinn var fyrst afhendur á 20. Stórmóti ÍR.

Sjálfboðaliðabikarinn er farandbikar og er veittur er á viðburðum deildarinnar. Sá sem hlýtur bikarinn að hverju sinni fær hann sem þakklætisvott fyrir að leggja starfinu lið og hefur bikarinn til varðveislu fram að næsta viðburði. Eftirfarandi sjálfboðaliðar fengu bikarinn á árinu 2018.

Helga Jensen – Stórmót ÍR
Felix Sigurðsson – Víðavangshlaup ÍR
Guðrún Margrét Örnólfsdóttir – Bronsleikar ÍR
Unnur Hallgrímsdóttir – Silfurleikar ÍR
Hrönn Guðmundsdóttir – Gamlárshlaup ÍR

FJÁRMÁL

Heildartekjur deildarinnar á árinu eru 80,8 m.kr. Þar af telur regluleg starfsemi 47,9 m. kr., tekjur af fjáröflun og styrkjum sem renna áfram til iðkenda 12,3 m.kr. og húsaleigustyrkur er 20,6 m.kr. Heildargjöld eru 70 m.kr. og þar af er regluleg starfsemi eru 39,7 m.kr., útgreiðsla fjáröflunar 9,7 m.kr. og húsaleiga 20,6 m.kr. Hagnaður af reglulegri starfsemi deildarinnar er um 8,2 m.kr. en 10,9 m.kr. með fjáröflunarhluta.



Heildartekjur hafa aukist um 12 m.kr. milli ára og helstu breytingar milli ára eru eftirtaldar:

Tekjur af æfingagjöldum hækka um 2 m.kr. vegna fjölgunar iðkenda milli ára.

Tekjur af mótahaldi aukast um 4,8 m.kr. milli ára.

Styrkveitingar og fjáraflanir aukast um 7,6 m.kr.

Lottótekjur lækka um 1,5 m.kr.

Meðfylgjandi myndir sýna þróun fjölda þátttakenda á helstu mótum félagsins.

Gjöld aukast um 2,3 m.kr. milli ára og helstu breytingar eru eftirfarandi:

Kostnaður þjálfunar lækkar um 1,6 m.kr.



Kostnaður vegna þátttöku á mótum eykst um 2 m.kr.

Kostnaður vegna mótahalds eykst um 1,4 m.kr.

Líkt og áður er mestur hluti af hagnaði ársins vegna fjáröflunar og styrkja sem er í sjóðum félagsins um áramót og á eftir að borga út til félagsmanna.

Kafli um fjármál er með fyrirvara um að réttar upplýsingar hafi borist úr bókhaldi félagsins á þeim tíma sem hann var tekinn saman.

ÍR SKOKK

ÍR skokkarar voru mjög virkir í götu- og utanvegahlaupum árið 2018 og áttu þeir fulltrúa í fjölmörgum hlaupum víðs vegar um landið. Flest hlaupin eru vor- og sumarhlaup enda er framboð mikið á þeim árstíma.

FULLTRÚAR Í STÓRUM HLAUPUM HEIMA OG ERLENDIS

Vormaraþon félags maraþonhlaupara hefur náð miklum vinsældum síðustu ár og sífellt fleiri taka þátt í því hlaupi. Vegalengdirnar eru tvær, hálft og heilt maraþon. Tveir ÍR skokkarar hlupu heilt þetta árið og átta hálft.

ÍR skokkarar áttu 24 fulltrúa í öllum vegalengdum Reykjavíkurmaraþons sem fram fór 18. ágúst og af þeim hlupu tíu heilt maraþon.

Í Haustmaraþoninu 27. október var ÍR skokkarinn Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir fyrst kvenna í heilu maraþoni og var hún jafnframt að bæta tíma sinn verulega. Valur Þór Kristjánsson þjálfari skokkhópsins varð annar í karlaflokki í hálfu maraþoni.

Að venju tóku ÍR skokkarar einnig þátt í maraþonhlaupum utan landsteinanna og að þessu sinni var hlaupið í Tokyo, Tallin, Berlín, Amsterdam og Chicago . ÍR skokkarar í Tokyo voru Ómar Torfason og Sigurlaug Hilmarsdóttir og í lok hlaupsins gengu þau í félagsskap íslenskra hlaupara sem hafa lokið sex stóru Abbot World Marathon Majors. Sigurlaug var önnur íslenska konan til að ljúka þessum sex hlaupum en í árslok 2018 höfðu 17 Íslendingar lokið þeim.

ÍR skokkarar hlupu einnig hálft maraþon á Kanaríeyjum og í Helsinki .

UTANVEGAHLAUP

ÍR skokkarar hlaupa ekki bara innanbæjar því þeir hafa líka gaman af að hlaupa í náttúrunni. Á árinu 2018 átti hópurinn fulltrúa í allnokkrum hlaupum víðs vegar um landið, s.s. í Hvítasunnuhlaupi Hauka, Gullsprettinum á Laugarvatni, Snæfellshlaupinu, Laugveginum, Tindahlaupinu, Volcano trail run og Hengill Ultra trail.





ÍR skokkarar áttu fulltrúa í utanvegalandsliði Íslands sem keppti á heimsmeistaramóti á Spáni í maí. Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir átti frábæran dag og var fyrst íslenskra kvenna í mark á tímanum 13:29,55 en vegalengdin var 88,1 km.

Eitt af vinsælum utanvegahlaupum erlendis er Cortina Trail Run og í júní tóku þrír ÍR skokkarar þátt. Hlaupið er tæplega 50 km með um 2.600 metra samanlagðri hækkun. Einn ÍR skokkari tók þátt í Tenerife Blue Trail í júní og hljóp 42 km með um 2.300 metra samanlagðri hækkun.

SUMARGANGA

Árleg sumarganga skokkhópsins var farin 17. – 21. júlí og var gengið að Fjallabaki. Gist var í Landmannahelli og gengið á nálægum svæðum í þrjá daga. Um 26 ÍR skokkarar voru í ferðinni þetta árið.

POWERADE VETRARHLAUPIN

ÍR skokk hefur átt góðu gengi að fagna í Powerade vetrarhlaupunum síðastliðin ár, bæði í aldursflokkum karla og kvenna og í skokkhópakeppninni. Hlaupin samanstanda af sex 10 km hlaupum í Víðidal og Elliðaárdal og fara fram á tímabilinu október til mars. ÍR skokk varð í þriðja sæti skokkhópa að þessu sinni. Í aldursflokkum karla og kvenna átti ÍR skokk þrjá fulltrúa í fyrsta sæti og þrjá í öðru sæti. Að jafnaði tóku 10-20 ÍR skokkarar þátt í hverju hlaupi.

MINNINGARSJÓÐUR GUÐMUNDAR ÞÓRARINSSONAR

Starfsemi Minningarsjóðs Guðmundar Þórarinssonar árið 2018:
Árið 2018 voru sendir út greiðsluseðlar í byrjun apríl, fyrir Víðavangshlaup ÍR. Sendir voru út 264 greiðsluseðlar til ÍR-inga úr frjálsum og velunnara deildarinnar. Innkoma í sjóðinn var svipuð og árin á undan eða 195.000 kr., sem þýðir að 78 greiddu í sjóðinn að þessu sinni.

Tveir styrkir voru veittir úr sjóðnum á þessu ári og hlutu eftirfarandi styrk:

Hlynur Andrésson millivegalengdar og langhlaupari hlaut 135.000 kr. styrk til þess að stefna á lágmörk fyrir EM innanhúss og undirbúning fyrir Ólympíuleikana. Sá undirbúningur hefur gengið vel, hann tekur hvert metið á fætur öðru og vonandi að næsta ár verði jafn farsælt.

Elín Edda Sigurðardóttir langhlaupari hlaut 150.000 kr. styrk til þess að hefja undirbúning að Ólympíuleikunum. Þar stefnir hún á að vera á keppendalista í maraþoni. Elín er hörkuhlaupari sem hefur tekið miklum framförum 2-3 síðustu ár og mjög gaman að fylgjast með henni líkt og Hlyni.
Enn er það von stjórnar minningarsjóðsins að geta áfram stutt að einhverju leyti við bakið á starfi frjálsíþróttadeildarinnar með framlögum á borð við þau sem komið hafa á undanförnum árum.
Engar breytingar urðu á stjórn sjóðsins á árinu og sitja enn í stjórn sjóðsins, Jón Þ. Ólafsson, Gunnar Páll Jóakimsson, Kristín Ingibjörg Guðmundsdóttir og Bryndís Hólm.
Umsjónarmenn sjóðsins eru áfram þeir Felix Sigurðsson og Stefán Halldórsson.

FRAMTÍÐARSÝN

Árið 2018 var ár breytinga hjá frjálsíþróttadeild ÍR. Nýr formaður og nýr yfirþjálfari tóku við og eins og búast má við fylgja einhverjar breytingar nýju fólki, þótt markmiðið sé ávallt það sama og starfsemin byggi áfram á þeim góða grunni sem búið var að byggja undir starfsemi deildarinnar á undangengnum árum. Enn ein breytingin á árinu var að ákveðið var að skipta út Henson-keppnisbúningnum, sem hafði verið í notkun frá 2009. Samið var við umboðsaðila ítalska framleiðandans Macron og frá og með ársbyrjun 2019 klæðist frjálsíþróttafólk úr ÍR vönduðum Macron keppnisbúningum og utanyfirfatnaði.

Á síðustu árum hefur borið á því að færri í yngstu aldursflokkunum taki þátt í mótum og keppni, þrátt fyrir að iðkendafjöldi haldist svipaður. Þá hefur meðaltalsárangur dvínað til muna á örfáum misserum og svo virðist einnig sem að fleiri og fleiri í þessum aldursflokkum veigri sér við að keppa í einstökum greinum, t.a.m. í hástökki og ,,lengri“ hlaupum, þ.e. 600 og 800 m. Þetta á ekki aðeins við hjá ÍR, heldur í frjálsíþróttum almennt og er eitthvað sem forsvarsmenn deildanna og frjálsíþróttahreyfingarinnar þurfa að vera meðvitaðir um og bregðast við. Aukin þátttaka og stuðningur foreldra og forráðamanna barna í yngri aldursflokkunum gæti verið mikilvægur liður til að snúa þessari þróun við, enda sýna rannsóknir ótvírætt fram á mikilvægi stuðnings foreldra við íþróttaiðkun barna sinna.

Margt af okkar íþróttafólki náði miklum framförum og sýndu góðan árangur á árinu 2018 og vöktu afrek þeirra mikla athygli landsmanna. Það er mikilvægt að hlúa að afreksfólkinu og búa þeim góðar aðstæður til æfinga og keppni. Ekki er síður mikilvægt að sinna öllum iðkendum vel og til þess þarf að bjóða upp á krefjandi og markvissar æfingar undir leiðsögn hæfra og metnaðarfullra þjálfara. En það þarf líka að vera gaman. Þetta á ekki síst við í barna- og unglingastarfinu, og það er þar sem afreksfólk framtíðarinnar verður til.

Framtíðin er björt. Nú standa yfir miklar framkvæmdir á ÍR svæðinu og hillir undir að nýr frjálsíþróttavöllur verði tekinn í notkun, sem verður mikil lyftistöng fyrir félagið og frjálsíþróttalíf í landinu. Einnig standa yfir framkvæmdir við nýtt fjölnotahús þar sem frjálsíþróttir munu hafa aðstöðu og er stefnt að því að það verði komið í notkun snemma árs 2020. Með þessu mun aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar batna til muna og það mun gagnast ÍR-ingum á öllum aldri og einnig gera deildinni kleift að gera gott starf enn betra.

F.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR,

María Stefánsdóttir, formaður

HANDKNATTLEIKSDEILD ÍR

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR KEPPNISTÍMABILIÐ 2018 – 2019.

Á aðalfundi handknattleiksdeildar ÍR vor 2018 voru kosin í stjórn
Haraldur Hannesson,
Sturla Ásgeirsson,
Kristinn Harðarson,
Runólfur Bjarki Sveinsson,
Erlendur Ísfeld.
Til vara voru kosin Haukur Loftsson og Sveinn Valtýr Sveinsson.
Úr stjórn fóru Högni Guðmundsson, Anna Margrét Sigurðardóttir og Guðný Inga Ófeigsdóttir.

Haraldur var áfram formaður og Runólfur gjaldkeri, öðrum verkum var ekki formlega skipt upp.

BARNA OG UNGLINGARÁÐ SKIPA EFTIRTALDIR AÐILAR;

Markús Sigurðsson formaður,
Björk Birkisdóttir gjaldkeri,
Ingibjörg Gréta Marteinsdóttir ritari,
Bjarki Viðarsson Austurberg,
Rannveig Oddsdóttir Sjoppa,
Gísli Páll Reynisson Vefstjóri,
Valdimar Jónsson meðstjórnandi,
Davið Hedin meðstjórnandi
Kristín Björg Kristinsdóttir meðstjórnandi

AÐRAR NEFNDIR OG RÁÐ

Meistaraflokksráð karla: Var í höndum stjórnar.
Meistaraflokksráð kvenna:Var í höndum stjórnar.
Mótaráð: Var skipað barna og unglingaráði.
Umsjón tíma og ritaramála: Árni Ísberg, Agnar Sveinsson,Steinar Sigurðsson og Kristín
Dómararáð: Kristín Aðalsteinsdóttir,Hörður Aðalsteinsson og Runólfur Sveinsson.
Heimaleikjaráð Meistaraflokks:Gísli Páll Reynisson,Þorgeir Guðfinnsson,Elías Jóhannesson,Kristín Aðalsteinsdóttir,Davíð Hedin.
Skemmtinefnd: Var í höndum stjórnar.
Vefstjórn og útgáfumál:Gísli Páll Reynisson

STARFSEMI DEILDARINNAR:

Á starfsárinu 2018-2019 voru iðkendur í handbolta hjá ÍR rúmlega 300 og hefur þeim heldur fjölgað og er það tengt Softballmótunum sem nýtt hafa verið til að kynna handbolta og vekja athygli á honum.

Sveinn Andri Sveinsson og Karen Tinna Demian voru kosin handboltafólk ÍR fyrir árið 2018 og voru þau vel að kjörinu komin og óskar stjórn þeim til hamingju með þann heiður.

LEIKTÍÐIN HJÁ MEISTARAFLOKKI KARLA:

Meistaraflokkur karla komst í undanúrslit í Coke Cola bikarkeppninni en féllu úr leik eftir eins marks tap gegn FH í hörkuspennandi leik. Liðið spilaði í Olís deildinni í vetur og endaði í 7. sæti deildarinnar. Árangurinn var því mun betri en spár forráðamanna og fyrirliðar í deildinni spáðu en að sjálfsögðu var stefnan okkar alltaf ofar í deildinni.

Bjarni Fritz og Hrannar Guðmundsson voru áfram þjálfarar meistaraflokks kk.

U-lið karla keppti í Grill 66 deildinni undir stjórn Hrannars Guðmundssonar og Erlendar Ísfeld, keppnin var hörð og endaði liðið í neðsta sæti deildarinnar. Einnig var sent inn U2-lið sem keppti í annari deild og enduðu þeir í 7. sæti.

Leiktíðin hjá meistaraflokki kvenna.

Meistaraflokkur kvenna vann Reykjavíkurmótið þetta árið, en auk þess tóku þær þátt í Ragnarsmótinu á Selfossi og Norðlenska Greifamótinu

Meistaraflokkur kvenna endaði í 2 sæti í Grill 66 deildinni og tók því þátt í umspili um sæti í Olísdeildinni, en tapaði þar fyrir liði Fylkis. Spilar því liðið áfram í Grill 66 á næstu leiktíð en vonandi er stutt í Olísdeildinna. Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson var þjálfari liðsins og honum til aðstoðar var Stefán Pedersen.

Kvennaliðið tók einnig þátt Reykjavíkurmótinu og í Norðlenska Greifamótinu.

ÍR var með flest lið í deildarkeppni HSÍ, eða alls 4 lið.

Auk þess var sent inn lið frá 3fl. kvk (ÍR U) í utandeildina til að auka spiltíma þeirra. Enduðu þær í 3ja sæti, á eftir Stjörnunni og utandeildarliði ÍR

Landslið og landsliðsmenn og konur:

Eftirtaldir aðilar voru kallaðir til verkefna hjá HSÍ með landsliðum;

Egill Skorri Vigfússon, Björgvin Hlynsson, Skúli Ásgeirsson, Ísabella Schöbel Björnsdóttir, Anna María Aðalsteinsdóttir, Arnar Freyr Guðmundsson, Pétur Árni Hauksson, Sveinn Andri Sveinsson, Sveinn Jóhannsson, Dagur Kristjánsson, Viktor Sigurðsson, Adam Thorstensen, Guðlaug Embla Hjartardóttir, Tina Stojanovic, Daníel Atli Zaiser, Theodór Sigurðsson, Matthildur Lilja Jónsdóttir.

Sveinn Jóhannsson var valinn í 28 manna hóp í A-landslið karla fyrir HM í Þýskalandi.

Góðar fréttir úr yngri flokka starfinu: 4 fl. kvenna eldra ár urðu deildarmeistarar í 1. deild en tapaði úrslitaleik í bikar, 4. fl. kk yngra ár urðu í öðru sæti í deild og töpuðu úrslitaleik í bikar, frábært starf og góður árangur.

Umgjörð heimaleikja meistaraflokkanna:

Heimaleikjaráð sér um leiki liðsins og vinna þar allir saman að því markmiði að framkvæma leikina vel.

Þjálfarar: Yfirþjálfari er Bjarni Fritzson.

8 fl kk og kvk Arnar Freyr Guðmundsson

7 fl kk Arnar Freyr Guðmundsson

7 fl kvk Adda Sólbjört Högnadóttir og Birta Líf Haraldsdóttir

6 fl kk Hrannar Guðmundsson

6 fl kvk Karen Tinna Demian

5 fl kk Bogi Örn Jónsson

5 fl kvk Tinna Baldursdóttir

4 fl kk Vigfús Þorsteinsson

4 fl kvk Gunnar Valur Arason

3 fl kk Erlendur Ísfeld

3 fl kvk Gunnar Valur Arason

Meistaraflokkur kvk Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson og Stefán Pedersen

Meistaraflokkur kk Bjarni Fritzson og Hrannar Guðmundsson.

U lið Hrannar Guðmundsson og Erlendur Ísfeld

Utandeildarlið 3.flokks kvk – Gunnar Valur Arason

DÓMARAMÁL: Fjöldi dómara innan félagsins er mikill en erfitt hefur reynst að manna dómgæslu á leikjum undanfarin ár. Nú í vetur var nýtt verklag var tekið upp, Heimir Steinn Vigfússon tók að sér að finna dómara á leiki í 3 og 4 flokki kk og kvk og var greitt fyrir dómgæslu á þessum leikjum. Varð þetta til þess að álag á Barna- og unglingaráð minnkaði.

Einnig hefur verið vöntun á dómurum á efsta þrepi, það er á meistaraflokksstigi og hefur ÍR þurft að greiða sektir til HSÍ vegna þess.

VEFMÁL, KYNNINGARSTARF OG ÚTGÁFUMÁL:

Þarna erum við ekki í nógu góðum málum en fer þó batnandi með aðstoð frá Grími Óla og Bjarna Hallgrími, en ljóst er að það þarf að hafa aðila innan hvers meistaraflokksliðs sem ber ábyrgð á því að kynna leikina sem framundan eru, setja inn viðburði á Facebook síðu ÍR handbolta og virkja alla í að bjóða þar á leiki/viðburði.

FJÁRMÁL:

Það hefur reynst vera dýrt að vera með fjögur lið í meistaraflokki og er ekki búð að fullfjármagna þennan vetur sem er að líða. Það er alltaf einhver hreyfing á styrktaraðilum og sumar greiðslur hafa ekki borist enn. Það þarf enn að spýta í og afla fleiri styrktaraðila , auk þess sem við þurfum að auka aðsókn að leikjum og tryggja að miðasala sé til staðar á öllum meistaraflokksleikjum.

Unnið er hörðum höndum að loka fjármögnun þessa árs og afla fjárstuðnings til áframhaldandi starfs.

Barna og unglingaráð er rekið af æfingagjöldum og hefur staðið vel undir sér.

LOKAORÐ STJÓRNAR:

Það er mjög mikilvægt að halda áfram að þrýsta á að fá betri æfingaaðstöðu, það vantar alveg gríðarlega tíma á parketi í Breiðholtinu, við erum með börn og unglinga á æfingum eftir að útivistartíma þeirra lýkur á kvöldin og það er ekki ásættanlegt. Þarna þarf borgin að koma að málum og koma byggingu á parkethúsi af stað sem allra fyrst.

Stjórn deildarinnar hefur lagt mikla vinnu í ýmis verkefni og fjáraflanir á tímabilinu, en þrátt fyrir það er mörgu ólokið og mikil vinna framundan við að halda áfram að byggja upp sterka liðsheild og betri fjárhagsstöðu innan deildarinnar.

Við vonumst eftir að geta haldið áfram að byggja upp öflugt handboltastarf í ÍR og til þess þarf samstillt átak, fleiri þátttakendur að borðinu og fleiri sjálfboðaliða í starfið.

Áfram ÍR

F.h stjórnar handknattleiksd og með bestu handboltakveðju,
Haraldur Hannesson, formaður

Júdódeild Íþróttafélags Reykjavíkur

ÁRSSKÝRSLA 2018

Frá æfingu yngsta æfingaflokksins

Fráfarandi stjórn

Formaður:Ásgeir Ásgeirsson (asgeirerlendur@internet.is)
Varaformaður : Björn H. Halldórsson (bjornjudoka@gmail.com)
Gjaldkeri: Haukur Þór Haraldsson (haukur.haraldsson@reykjavik.is)
Ritari: Magnús Sigurjónsson (magnussi@mmedia.is)
Meðstjórnandi: Kjartan Magnússon (maekkigleyma@gmail.com)
Meðstjórnandi: Gísli Fannar Vilborgarson (gislippon@gmail.com)

STARFSEMIN/ÆFINGAR/ÚTBREIÐSLUSTARF

Vorið 2018 voru iðkendur deildarinnar um 50. Helmingur iðkenda var í aldursflokknum 7-10 ára. Fjöldin var í raun það mikill að ekki var hægt að láta iðkendur æfa standandi glímu. Iðkendur í yngsta aldursflokknum voru færri haustið 2018 sem gerði þjálfun auðveldari. Æfingahópurinn 15 ára og eldri styrktist verulega á árinu og eru keppendur frá júdódeild ÍR einn af stærstu keppendahópum á júdómótum. Keppendur frá deildinni voru fjölmennasti keppendahópurinn á haustmóti Júdósambandsins og á seinustu Reykjavik International Games voru keppendur frá ÍR næst stærsti keppendahópurinn. Ásgeir E. Ásgeirsson, Arnar Þór Sigurðsson, Pálmar Magnason og Aleksandra Lis hafa skipt þjálfun á milli sín. Með fleiri þjálfurum verður kennslan fjölbreyttari.

Sótt var um útbreiðslustyrk í verkefnasjóð ÍBR og fékk deildin 50.000 króna útbreiðslustyrk sem var notaður um haustið. Náðist að dreifa 1500 auglýsingum í allt Seljahverfið, Bakkahverfið og Engihjallann. Dreift var auglýsingum í byrjun árs og svo aftur um haustið. Auglýsingin var á 3 tungumálum, Íslensku, ensku og pólsku. Megin inntak auglýsingarinnar er að öllum er boðið að prófa júdó.

Það sem stendur starfi deildarinnar fyrir þrifum er afleit æfingaaðstaða. Deildin hefur lítið gólfpláss til að kenna iðkendum. Það þarf að raða júdódýnum fyrir æfingar og ganga frá þeim eftir æfingar. Það eykur vinnuna við hverja æfingu auk þess fer það illa með dýnur þannig að þær hafa látið á sjá síðustu árin. Þurfum við því að endurnýja þær innan nokkurra ára. Einnig er veruleg truflun af lyftingasal við hliðina. Mikil orka fer í að passa upp á að krakkar séu ekki

að fara sér að voða í tækjasalnum. Hávaði frá hópum í tækjasalnum fer illa í foreldra og suma iðkendur enda hafa nokkrir hætt að æfa hjá ÍR og farið yfir til Júdófélags Reykjavíkur enda er aðstaða þar mun betri.

Helstu afrek keppenda deildarinnar er Íslandsmeistaratitlar í -63 og -71 kg flokki kvenna í aldurshópnum undir 18 ára og Íslandsmeistaratitill í -73 kg flokki karla. Deildin átti 3 keppendur á Norðurlandamótinu í júdó og einn keppenda á smáþjóðaleikunum. Iðkendur frá deildinni fóru einnig á Luigi Judo Event sem er alþjóðlegt mót og æfingabúðir í Lundi í Svíþjóð.

Mótahald

Ekki er lögð nein áhersla á að iðkendur taki þátt í mótum. Aðeins þeir sem vilja taka þátt í keppnum taka þátt. Samt voru ÍR ingar áberandi á júdómótum á árinu enda hefur fjöldi keppenda frá ÍR margfaldast síðustu þrjú árin. Farið var fram á að deildin héldi Reykjavíkurmótið í Júdó. Það var ekki hægt vegna lélegarar aðstöðu og fór keppnin fram hjá Júdófélagi Reykjavíkur. ÍR átti fulltrúa á Norðurlandamótinu í júdó og Smáþjóðaleikunum og Luigi Judo Event í Svíþjóð.

Fjármál

Fjölgun iðkenda hefur aukið tekjur deildarinnar seinustu ár. Innheimta æfingagjalda gekk vel á árinu og hefur deildin átt vel fyrir öllum útgjöldum og skuldbindingum. Einnig gekk vel að afla styrkja. Auk dreifingastyrkja frá ÍBR fékk deildin 100.000 króna styrk til afreksverkefna deildarinnar.

Framtíðarsýn

Til að treysta grundvöll deildarinnar þarf að fjölga iðkendum og bæta aðstöðuna. Deildin er búin að sprengja utan af sér núverandi aðstöðu. Stundum eru iðkendur það margir á æfingu að að það þarf að skipta þeim niður í hópa svo þeir rekist ekki hver á annan í glímum. Deildin getur ekki stækkað við núverandi aðstöðu enda eru margir sem sætta sig ekki við núverandi aðstöðu og truflun frá æfingasal. Næsta haust þarf að auglýsa enn betur starf deildarinnar til að fjölga iðkendum. Bæði með því að bera út auglýsingar í hverfin umhverfis ÍR og með auglýsingum á samfélagsmiðlum. Það þarf að passa vel upp á iðkendur til að minnka brottfall. Það er best gert með því að hafa æfingarnar skemmtilegar. Einnig þarf að fá fleiri til að vinna að uppgangi deildarinnar enda hefur allt of mikil vinna safnast á of fáar hendur.

Karatedeild ÍR

Ársskýrsla 2019

Aðalfundur karatedeildar var haldinn í Íþróttahúsinu Austurbergi 29. apríl. Hrafnhildur Úlfarsdóttir gekk úr stjórn. Eftirtaldir eru í stjórn:
Formaður: Hjalti Kolbeinsson.
Varaformaður: Branka Alexandarsdóttir.
Gjaldkeri: Herdís Magnúsdóttir.
Ritari: María Erla Bogadóttir.
Stjórnarmaður: María B. Jónsdóttir.
Stjórnarmaður Guðbjartur Ólafsson.
Stjórnarmaður: Sonja Jósefsdóttir.
Stjórnarmaður: María Sastre
Stjórnarmaður Artur Kobiela
Þjálfari Vicente Carrasco.

Þjálfari: Mile Strbac
Dómari: Branka Alexandarsdóttir kataréttindi B-dómari 04. 2018.

Aron í fyrsta sæti í kata á RIG 2019

Íþróttaleikarnir Reykjavík International Games (RIG) voru haldnir dagana 24. janúar – 4. febrúar 2019. Þetta er í tólfta sinn sem leikarnir eru haldnir og í sjöunda sinn sem Karatesamband Íslands tekur þátt. Karatehluti RIG var haldinn í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal sunnudaginn 27. janúar 2019. Keppendur voru 90 talsins frá fjórtán félögum, þar á meðal voru tólf erlendir keppendur frá Danmörku, Skotlandi, Hollandi og Þýskalandi.

Tveir keppendur frá Karatedeild ÍR voru skráðir til keppni. Tómas Lezek Kisilewski keppti í kumite drengja -63kg og Aron Anh Ky Huynh keppti í kata karla. Aron komst í úrslit og vann til gullverðlauna. Úrslitin voru sýnd í beinni útsendingu á RÚV.

Besti árangur Íslendings í áraraðir

Evrópumeistaramót ungmenna, 14 til 21 árs var haldið 6. til 10. febrúar s.l. í Álaborg í Danmörku. Keppendur voru 1100 talsins frá 51 landi þar á meðal fimm Íslendingar. Bestum árangri náði Aron Anh Ky Huynh í kata karla U21. Hann komst upp úr fyrsta riðli keppninnar og lenti í 11. sæti af 33 keppendum. Það telst til afreka að komast ofar en í 16. sæti á EM eða HM og mun þetta vera besti árangur Íslendings í karate í áraraðir. Þá náði Freyja Stígsdóttir 15. sæti af 30 keppendum.

Gullmerki Karatesambandsins

Á 32. karateþingi 2019 sem haldið var sunnudaginn 17. febrúar s.l. var aðalþjálfari karatedeildar ÍR, Vicente Carrasco heiðraður með gullmerki sambandsins ásamt Ólafi Helga Hreinssyni. Vicente hefur starfað ötullega að uppbyggingu íþróttarinnar í 32 ár og stofnað 5 karatedeildir á ferli sínum. Hann hefur átt farsælan feril sem þjálfari og átt félagslið á toppnum árum saman.

Fyrstu bikar- og Grand Prix mót KAÍ

Fyrsta bikarmót KAÍ var haldið þann 18. janúar s.l. hjá Fylki í Norðlingaholti. Þangað mættu 18 bestu karateiðkendur landsins 17 ára og eldri frá 7 félögum, þar á meðal Aron Anh frá karatdeild ÍR sem sigraði í kata karla.

Fyrsta Grand Prix mót KAÍ var haldið 16. febrúar s.l. hjá Fylki í Norðlingaholti. Mótið var fyrir karateiðkendur yngri en 16 ára og mættu átta keppendur frá karatedeild ÍR til leiks, þrír þeirra komust á verðlaunapall, Trixie Paraiso sigraði í kata 12 ára stúlkna, María Ababou varð í þriðja sæti í sama aldursflokki og Lea Bryndís Ingólfsdóttir varð í 2. sæti í kumite 12 ára stúlkna.

Silfur á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í kata.

Aron Anh Ky Huynh komst í úrslit og vann til silfurverðlauna á Íslandsmeistaramóti fullorðna í kata sem haldið var 9. mars s.l. í íþróttahúsi HÍ við Háteigsveg. Keppendur voru 25 talsins frá 7 félögum. Íslandsmeistarar í kata 2019 eru Elías Snorrason og Svana Katla Þorsteinsdóttir.

Fjörkálfamót í kumite.

Laugardaginn 2.mars s.l. var haldið Fjörkálfamót í kumite, en það er æfingamót fyrir krakka 11 ára og yngri. Átta keppendur frá ÍR voru skráðir til leiks. Fimm lentu í 1.sæti, einn í 2. sæti og tveir í 3. sæti. í mismunandi aldursflokkum.
1. sæti: Amelía Hagalín, Adam Ómar Ómarsson, Ares Áki Guðbjartsson, Daren Uzo og Dunja Dagný Minic.
2.sæti: Rúben Leó Ingólfsson
3. sæti: Dawid Weziak og Borys Jackiewicz

Kumiteþjálfari Karatedeildar ÍR er Mile Strbac.

Gull og brons á Swedish Kata Trophy 2019

Tveir keppendur frá karatedeild ÍR, þau Dunja Dagný Minic og Aron Anh Ky Huynh voru meðal íslenskra keppenda sem unnu til sautján verðlauna á opnu sænsku bikarmóti um helgina. Dunja Dagný Minic átti sérlega flottan sprett að gullinu í B-flokki 13 ára stelpna og Aron Anh Ky Huynh vann til bronsverðlauna í fullorðinsflokki. Allt A-landsliðið og unglingalandsliðið tóku þátt í mótinu, alls 21 keppandi, og unnu þau tvö gull, þrjú silfur og sjö brons. Einnig tóku ungir og efnilegir keppendur frá KFR og ÍR þátt í mótinu og unnu eitt gull, eitt silfur og þrjú brons. Íslensku verðlaunin urðu því alls sautján talsins. Íslenski hópurinn sækir síðan námskeið í kata með Shito Ryu þjálfaranum Mie Nakayama, sem haldið er í tengslum við mótið. Mie Nakayama, er þrefaldur heimsmeistari í karate frá árunum 1982, 1984 og 1986.

Katamót karatedeildar ÍR

Þann 31. mars s.l. var haldið æfingamót í kata í ÍR-heimilinu Skógarseli 12. Þangað mættu um 30 krakkar á aldrinum 5-12 ára frá karatedeildum ÍR og Víkings. Mótið var liður í undirbúningi fyrir Íslandsmeistaramótið í kata 2019.

Í vikunni á eftir tóku iðkendur félaganna fyrsta beltapróf ársins á æfingatíma.

Fjörkálfamót í kata

Svokallað Fjörkálfamót í kata var haldið í Smáranum þann 13. apríl s.l. í umsjón karatefélaganna Þórshamars og Breiðabliks. Æfingamótið var mjög fjölmennt og mættu 135 keppendur til leiks frá 9 félögum. Keppendur frá karatedeild ÍR voru fjórir og unnu allir til verðlauna í sínum aldursflokki. Árangur þeirra má sjá hér: 1. sæti Dunja Dagný Minic

1. sæti Sóley Rós Sæmundsdóttir
1. sæti Jakub Kobiela
2. sæti Mía Duric

Annað bikar- og Grand Prix mót KAÍ

Annað bikar- og Grand Prix mót KAÍ fór fram hjá Aftureldingu í Mosfellsbæ, þann 27. apríl. s.l. Á bikarmótinu sem haldið var fyrir hádegi keppti Aron Anh í kata fullorðinna og vann til fyrstu verðlauna.
Á Grand Prix mótinu eftir hádegi mættu 4 keppendur til leiks frá ÍR. Hér má sjá árangur þeirra.
Tngot í kata 12 ára unglinga
1. Sæti Helma Hilal Þorhallsdóttir í kata 12 ára unglinga
3. Sæti Jadiya Badial Naqua í kumite 12 ára unglinga.

Trixi Tngot með gull á Íslandsmeistaramóti unglinga í kata

Íslandsmeistaramót unglinga fór fram í Smáranum laugardaginn 4. maí. Alls 78 keppendur (93 viðureignir) frá 10 félögum mættu til leiks. Keppendur frá karatedeild ÍR voru fimm, Trixi Tngot, Helma Þórhallsdóttir, Lea Bryndís Ingólfsdóttir, Natalía Lind Hagalín og Ólafur Már Sæmundsson. Þau voru öll að keppa í fyrsta sinn í unglingaflokki, 12 ára.
Trixi Tngot varð Íslandsmeistari, Helma Þórhallsdóttir vann til silfurverðlauna og Lea Bryndís Ingólfsdóttir vann til brons verðlauna. Þær skipuðu einnig hópkatalið sem vann til bronsverðlauna í flokki 12-13 ára.

Tvö gull á Íslandsmeistaramóti barna í kata

Íslandsmeistaramót barna í kata fór fram í Smáranum sunnudaginn 5. maí. Um 128 keppendur (158 viðureignir) frá 10 félögum tóku þátt. Keppendur frá Karatedeild ÍR voru 23 sem allir kepptu í einstaklingskata og skipuðu sjö hópkatalið.
ÍR varð í öðru sæti í heildarkeppni félagsliða með 24 stig, en karatefélag Reykjavíkur varð Íslandsmeistari félagsliða með 25 stig. Ungir keppendur deildarinnar unnu til fjölda verðlauna, hér má sjá árangur þeirra:

Íslandsmeistarar í kata barna 2019:
Adam Ómar Ómarsson Íslandsmeistari pilta 10 ára
Sóley Vala Fjölnisdóttir, Kristján Alexsander Wernersson og Eiríkur Arnar Árnason Íslandsmeistarar í hópkata barna 9 ára og yngri.

Silfurverðlaunahafar í kata barna 2019:
Amalía Hagalín í kata stúlkna 9 ára
James í kata pilta 10 ára
Mía Duric í kata stúlkna 11 ára
Jakub Kobiela í kata pilta 11 ára

Bronsverðlaunahafar í kata barna 2018:
Sóley Rós Sæmundsdóttir í kata stúlkna 9 ára
Dunja Dagný Minic í kata stúlkna 11 ára
James Andor Yllesces í kata pilta 11 ára
Prince Caamic, James Andor Yllesces og Jakub Kobiela í hópkata pilta 11 ára
Daníel Þór, Bjarni Vilhelm Arnþórsson og Hermann Týr Heimisson í hópkata pilta

Annað beltapróf af þremur verður haldið í síðasta æfingatíma í lok vorannar

Ársskýrsla Keiludeildar ÍR
Starfsárið 2018

Skýrsla keiludeildar ÍR fyrir starfsárið 2018

Lögð fram á aðalfundi keiludeildar 8.maí 2019

Starf stjórnar

Núverandi stjórn keiludeildar ÍR tók við eftir síðasta aðalfund sem haldinn var 21. mars 2018.

Í stjórn deildarinnar sitja núna:
Svavar Þór Einarsson Formaður,
Einar Hafsteinn Árnason Varaformaður,
Halldóra Íris Ingvarsdóttir Gjaldkeri,
Einar Már Björnsson Ritari
Daníel Ingi Gottskálksson Meðstjórnandi.
Varamenn eru Sigríður Klemensdóttir og Karen Hilmarsdóttir.

Haldnir voru 8 formlegir stjórnarfundir á starfstímabilinu.
Auk þess eru stjórnarmenn nánast í daglegum samskiptum í síma, tölvupóstum og/eða á Fésbók. Ýmsir aðrir fundir eru skv. venju s.s. formannafundir deilda ÍR, formannafundir á vegum KLÍ og fjölmargir aðrir fundir vegna starfseminnar.
Sigrún Guðmundsdóttir var t.d. fulltrúi okkar í búninganefnd ÍR á árinu sem að hún gerði árinu á undan líka og hafa öll búningamál deildarinnar verið í umsjón hennar.

Árangur ÍR keilara á árinu

4.02.18	Hlynur Örn Ómarsson	Meistaraflokkur	RIG	2. sæti
28.2.18	Nanna Hólm Davíðsd.	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga forgj.	3. sæti
18.3.18	ÍR Karlar	Meistaraflokkur	Íslandsmót félaga	2. sæti
	ÍR Karlar	Meistaraflokkur	Íslandsmót félaga	3. sæti
7.4.18	Ástrós Pétursdóttir	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga.	Íslandsmeistari
	Linda Hrönn Magnúsd.	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga.	2.sæti
	Stefán Claessen	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga.	3.sæti
14.4.18	Alexander Halldórsson	1. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Þorsteinn H. Kristinsson	1. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Jóhanna Ósk Guðjónsd.	1. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Ágúst Ingi Stefánsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. Sæti
	Steindór Máni Björnsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	3. sæti
	Elva Rós Hannesdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Hinrik Óli Gunnarsson	3. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Sara B. Sverrisdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1. Sæti
	Hafdís Eva Pétursdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2. Sæti
	Alexandra Kristjánsdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	3. Sæti
	Tristan Máni Nínuson	4. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
17.4.18	ÍR KLS	Meistaraflokkur	Bikarkeppni KLÍ	1. Sæti
	ÍR Buff	Meistaraflokkur	Bikarkeppni KLÍ	2. Sæti
23.4.17	ÍR KLS	Meistaraflokkur	Íslandsmót tvím. d.liða	Íslandsmeistarar
	ÍR Fagmaður	Meistaraflokkur	Íslandsmót tvím. d.liða	3.Sæti
5.5.18	ÍR TT	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 1.d.kvk	2.sæti
	ÍR BK	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 2.d.kvk	1.sæti
	ÍR Fagmenn	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 2.d.kk	2.sæti
	ÍR keila.is	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða 3.d.kk	2.sæti
13.5.18	Hlynur Örn Ómarsson	Meistaraflokkur	AMF forkeppni	2. Sæti
	Arnar Sæbergsson	Meistaraflokkur	AMF forkeppni	3. Sæti
16.5.18	ÍR PLS	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða karla	1.sæti
	ÍR TT	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða kvenna	2.sæti
19.5.18	Einar Már Björnsson	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR karla	1. sæti
	Stefán Claessen	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR karla	2. Sæti
	Alexander Halldórsson	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR karla	3. Sæti
	Ástrós Pétursdóttir	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR kvenna	1. sæti
	Anna Kristín Óladóttir	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR kvenna	2. Sæti
	Alexandra Kristjánsd.	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR kvenna	3. Sæti
	Hörður Finnur Magnúss	Forgjafaflokkur	Meistaramót ÍR	1. sæti
	Skúli Arnfinnsson	Forgjafarflokkur	Meistaramót ÍR	2. Sæti
	Guðmundur J.Krsitóferss	Forgjafarflokkur	Meistaramót ÍR	2. Sæti
21.8.18	Nanna Hólm Davíðsd	Meistaraflokkur	Opna Rvk mót kvenna	Rvk. meistari
	Ástrós Pétursdóttir	Meistaraflokkur	Opna Rvk mót kvenna	3. sæti
26.8.18	Herdís Gunnarsdóttir	Meistaraflokkur	Opna Rvk mót m/forgj. kvk	Rvk. meistari
	Hafsteinn Júlíusson	Meistaraflokkur	Opna Rvk mót m/forgj. kk	1. Sæti
	Þorsteinn H kristinsson	Meistaraflokkur	Opna Rvk mót m/forgj. kk	2. sæti
	Tristan Máni Nínuson	Meistaraflokkur	Opna Rvk mót m/forgj. kk	3. sæti
10.9.18	ÍR PLS	Meistaraflokkur	Meiatarakeppni karla	1.sæti
	ÍR Buff	Meistaraflokkur	Meiatarakeppni kvenna	2.sæti
7.10.18	Alexander Halldórsson	Meistaraflokkur	Íslandsmót Tvímenning	Íslandsmeistari
	Gunnar Þór Ásgeirsson	Meistaraflokkur	Íslandsmót Tvímenning	Íslandsmeistari

	Einar Már Björnsson	Meistaraflokkur	Íslandsmót Tvímenning	3.sæti
	Hafþór Harðarson	Meistaraflokkur	Íslandsmót Tvímenning	3.sæti
14.10.18	Ágúst Ingi Stefánsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1. Sæti
	Steindór Máni Björnsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Elva Rós Hannesdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1. Sæti
	Sonja Líf Magnúsdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	3. sæti
	Hinrik Óli Gunnarsson	3. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Hafdís Eva Pétursdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Sara B. Sverrisdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Tristan Máni Nínuson	4. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	3.sæti
	Ásrún Rós Aðalsteinsd.	4. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
11.11.18	Þorsteinn H. Kristinsson	1. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Jóhanna Ósk Guðjónsd.	1. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	3.sæti
	Steindór Máni Björnsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Ágúst Ingi Stefánsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	3.sæti
	Elva Rós Hannesdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Sonja Líf Magnúsdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Hinrik Óli Gunnarsson	3. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Sara B. Sverrisdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Hafdís Eva Pétursdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Ásrún Rós Aðalsteinsd.	4. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
25.11.18	Nanna Hólm Davíðsd.	Meistaraflokkur	Íslandsmót para	Íslandsmeistari
	Einar Már Björnsson	Meistaraflokkur	Íslandsmót para	Íslandsmeistari
	Bergþóra Rós Ólafsd.	Meistaraflokkur	Íslandsmót para	3.sæti
	Gunnar Þór Ásgeirsson	Meistaraflokkur	Íslandsmót para	3.sæti
01.12.18	Þorsteinn H. Kristinsson	1. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Jóhanna Ósk Guðjónsd.	1. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Steindór Máni Björnsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Adam Geir Baldursson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	3.sæti
	Elva Rós Hannesdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Sonja Líf Magnúsdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Hinrik Óli Gunnarsson	3. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Sara B. Sverrisdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1.sæti
	Hafdís Eva Pétursdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Ásrún Rós Aðalsteinsd.	4. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
	Ingimar Guðnason	5. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1sæti
	Birkir Leó Hlynsson	5. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2.sæti
16.12.18	Alexander Halldórsson	Meistaraflokkur	Forkeppni AMF 1. umf.	1. sæti
	Gunnar Þór Ásgeirsson	Meistaraflokkur	Forkeppni AMF 1. umf.	3. sæti

Auk þessara verðlauna settu ÍR-ingar fjölmörg met á árinu bæði formleg og persónuleg. Þrír 300 leikir komu á árinu þ.e. mesti mögulegur stigafjöldi.
Andrés Páll Júlíusson náði þeim fyrsta á RIG 2018 auk þess að koma með annan slíkan leik mánuði seinna í forkeppni á Íslandsmóti einstaklinga,
Einar Már Björnsson náði svo sínum fyrsta 300 leik þegar að hann var að klára síðasta deildarleikinn á tímabilinu.
Elva Rós Hannesdóttir sló 20 ára gamalt met í fjórum, fimm og sex leikjum (2.flokkur stúlkna) Spilaði hún 780 í 4.leikjum, 980 í 5.leikjum og 1151 í 6.leikjum.

Sara Bryndís Sverrisdóttir setti svo íslandsmet í 2 og 3 leikjum (3.flokkur stúlkna) í 7.umferð 2.deild kvenna 5.nóvember þegar að hún spilaði í 2.leikjum 418 og í 3.leikjum 590.
Einning ber þess að geta að hún á öll metin í 1- 6 leikjum eins og staðan er í dag.

Barna- og unglingastarf

Hæsta leikjaröð unglinga, 3. flokkur, 13 - 14 ára stúlkur

Fjöldi	Skor	Methafi	Fél.	Leikstaður	Dags.
1 leikur	238	Sara Bryndís Sverrisdóttir	ÍR	Egilshöll	2. feb. 2019
2 leikir	418	Sara Bryndís Sverrisdóttir	ÍR	Egildhöll	5. nóv. 2018
3 leikir	590	Sara Bryndís Sverrisdóttir	ÍR	Egilshöll	5. nóv. 2018
4 leikir	735	Sara Bryndís Sverrisdóttir	ÍR	Egilshöll	12. nóv. 2017
5 leikir	913	Sara Bryndís Sverrisdóttir	ÍR	Egilshöll	12. nóv. 2017
6 leikir	1101	Sara Bryndís Sverrisdóttir	ÍR	Egilshöll	12. nóv. 2017

Sem fyrr heldur barna og ungmennastarfið áfram að blómstra hjá okkur. Eins og nefnt er að ofan eru krakkarnir okkar að setja met og standa sig vel í keppnum sbr. upptalning hér að ofan. Einhver fjölgun hefur verið af krökkum sem æfa hjá okkur milli ára. Ákveðin vandræði er þó varðandi slíka fjölgun sem snýst fyrst og fremst að fjármagni sem við fáum frá ÍTR og auknum tíma pr. verkefni sem Keiluhöllin Egilshöll úthlutar deildinni.

Deildin 2018 - 2019

Á keppnistímabilinu 2018 til 2019 átti ÍR fjögur af sex liðum sem kepptu í 1. deild kvenna og hefur ÍR aldrei haft svo mörg lið í efstu deild kvenna eftir að kvennadeildinni var skipt upp.
Þetta eru lið ÍR TT, ÍR Buff, ÍR BK og ÍR SK,
Auk þess urðu til 2ný lið innan ÍR í 2.deild á tímabilinu:
ÍR Píurnar skipað ungum stúlkum sem æfa hjá félaginu, og ÍR Elding,
ÍR N og ÍR KK héldu svo áfram í 2.deild
Greinilega gróska í kvennakeilunni hjá ÍR.

Keilarar ársins hjá ÍR

Ástrós Pétursdóttir (ÍR Buff)
Ástrós er Íslandsmeistari kvenna 2018. Leiddi hún mótið frá byrjun og var í efsta sæti frá forkeppni allt til loka. Fór hún fyrir sínu liði ÍR Buff í úrslitum bikarkeppni liða en þær urðu í 2. sæti í mótinu í ár. Ástrós varð efst kvenna í úrtökumóti fyrir heimsbikarmót einstaklinga Qubica AMF World Cup og vann sér þar með inn þátttökurétt á Heimsbikarmótinu sem fram fór í nóvember í Las Vegas þar sem hún stóð sig með ágætum. Náði hún síðan einum besta árangri íslensku kvennanna sem kepptu á Evrópumóti kvenna í júní í Brussel. Ástrós lauk síðan árinu með einum besta árangri sem íslenskur kvenkeilari hefur náð þegar hún komst inn í 16 kvenna úrslit á Evrópumóti landsmeistara nú í október.

Einar Már Björnsson (ÍR PLS)
Í top 4 til úrslita í Íslandsmóti einstaklinga 2018 í apríl
Spilar sinn fyrsta 300 leik í lokaumferð deildarinnar í maí og er það skráð sem Íslandsmet
1.sæti í meistaramóti ÍR 19.maí, Lið hans ÍR PLS var Íslandsmeistari liða 2018
2.sæti í Reykjavíkurmóti einstaklinga 2018 í ágúst
Vann“ meistari meistarana“ með sínu liði ÍR PLS í sept 2018. Íslandsmeistari para ásamt Nönnu Hólm í Nóvember

Mótahald ÍR á árinu 2018

Sem fyrr heldur keiludeildin mót fyrir keilara. Þar eru t.d. Pepsí mótin en þar njótum við mikils stuðnings frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar með verðlaun og þökkum við kærlega fyrir þann ómetanlega stuðning. Hagnaður okkar af þessum mótum er eyrnamerktur afreksstarfi deildarinnar.

AMF og **RIG** mótin voru fyrirferðarmikil sem fyrr, en keiludeildin kom að framkvæmd keilumóts í tengslum við RIG 11 árið í röð

Dagana 26. janúar til 3. febrúar fóru alþjóðlegu Reykjavíkurleikarnir í keilu fram. Í ár var mótið með veglegri hætti og óhætt að segja að það var stærsta mót frá upphafi. Alls komu 21 erlendur keppandi til landsins til að taka þátt í mótinu þar af þrjár PWBA konur og var fyrirlestur í boði í tengslum við komu þeirra hingað lands.til

Erlendir gestir Innrásin frá Danmörku

Jesper Agerbo frá Danmörku sem sigraði mótið í fyrra kom með her manns með sér í ár. Alls komu 29 Danir til landsins og þar af eru 17 spilandi, bæði konur og karlar.
Er þetta hópur frá klúbbnum hans úti, SAS. Hópurinn hefur þegar sýnt áhuga á að koma aftur á næsta ári og var talað um að hann yrði jafnvel stærri þá en í ár.

Þrjár PWBA konur koma á RIG

Í ár voru hvorki meira né minna en þrjár konur úr bandarísku atvinnumannadeildinni sem komu til landsins. Það voru þær Danielle McEwan frá USA sem hefur unnið fjölmörg verðlaun í keilu, risamót, HM titla og fleira. Með henni kom vinkona hennar Tannya Roumimper frá Indónesíu sem hefur unnið til ýmissa verðlauna út um allan heim m.a. brons á HM kvenna í þremenningi 2017. Að lokum var það Daria Pajak frá Póllandi en hún var kjörin nýliði ársins 2017 í bandarísku atvinnumannadeildinni. Það árið varð hún í 2. sæti á US Open og að auki á hún einn PWBA titil.

Hlynur Örn Ómarsson úr ÍR sigraði RIG 2019. Hlynur sigraði Gunnar Þór Ásgeirsson úr ÍR í úrslitaviðureigninni með aðeins einum pinna 234 gegn 233 og réðust úrslitin í síðasta kasti Hlyns þegar hann náði 9 keilum og sigraði þar með keppnina með aðeins einum pinna.
Í undanúrslitum mættu þeir Svíanum Mattias Möller sem leiddi forkeppnina og Jóni Inga Ragnarssyni úr Keilufélagi Reykjavíkur. Jón Ingi varð í 3. sæti en Möller hafnaði í því 4. Mattias gerði sér lítið fyrir og tók 7 – 10 glennuna í útsendingunni.

Efst kvenna varð Daria Pajak frá Pólandi en hún datt út í 8 manna úrslitum á móti Mattias Möller. Daria var ein þriggja atvinnu kvenkeilara sem tóku þátt á mótinu í ár. Efst íslenskra kvenna varð Dagný Edda Þórisdóttir úr KFR en hún komst í 16. manna úrslit en datt þar út fyrir Dananum Jesper Agerbo en Jesper, sem sigraði mótið í fyrra, mætti síðan Hlyni Erni í 8 manna úrslitum. Hlynur og Jesper áttust einnig við í fyrra í 4 manna úrslitum og hafði þá Jesper betur en nú var komið að Hlyni að fara alla leið.

Alls tóku hátt í 100 keilarar þátt á mótinu í ár. Þrír fullkomnir leikir náðust á mótinu í ár og að auki féllu nokkur Íslandsmet.

Íslandsmet mótsins urðu þessi:

Arnar Davíð Jónsson KFR 300 leikur
Skúli Freyr Sigurðsson KFR 300 leikur
Dagný Edda Þórisdóttir KFR
Íslandsmet í 5 leikjum
Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir ÍR í 1 leik 3. flokki stúlkna
Sara Bryndís Sverrisdóttir ÍR

Íslandsmet í 1 leik 3. flokki stúlkna (sló metið að ofan um 4 pinna)
Matthías Leó Sigurðsson ÍA Íslandsmet í 6 leikjum 4. flokki pilta
Mikael Aron Vilhelmsson KFR Íslandsmet í 2, 3, 4 og 5 leikjum 4. flokki pilta

Vinna við RIG 19 var mest á höndum Jóhanns Ágústs, Einar Hafsteins, Þórarinns Márs, Guðmundur Kr (Gandi), Svavar Þór, ásamt fjölda sjálfboðaliða sem að komu inn með aðstoð fyrir og eftir mót.
Birgir Kristinsson sá um myndatöku og svo sá Hörður Ingi um að lýsa í beinni útsendingu á RÚV.
Færum við þeim bestu þakkir fyrir

Í Maí kemur svo AMF til með að klárast. Í ár var gerður samstarfssamningur við Keiluhöllina Egilshöll þar sem að hún kemur til með að styrkja 1.sæti í karla og kvenna um flug, gistingu og mótsgjald á AMF erlendis ásamt þjálfara.
Úrslitin í AMF verða spiluð í Keiluhöllinni sunnudaginn 19.maí

Jóla & Páskamót ÍR var haldið sem fyrr og gáfu Toppveitingar verðlaunin í mótið

Jólamót ÍR og Toppveitinga var haldið í Egilshöll. Mikil þátttaka var í mótinu og alls kepptu 50 keilarar í mótinu en mótið er flokkaskipt. Fjóla Dís Helgadóttir úr KFR gerði sér lítið fyrir og bætti Íslandsmet í 5. flokki stúlkna, 10 ára og yngri. Spilaði hún 181 og sló met sem sett var af Ingibjörgu Evu Þórisdóttur KFR 16. desember 1995 í Artic Bowl og hefði því fagnað 23 ára afmæli degi seinna. Ekki nóg með það heldur bætti Fjóla Dís sitt eigið met í 2 leikjum 224 og 3 leikjum 456 sem hún setti í byrjun þessa mánaðar. Fólk ætti að setja nafn hennar á minnið.

Að loknu móti var keppt í fellupotti þar sem keilarar gátu spreytt sig á að ná sem flestum fellum í röð. Í vinning var m.a. áritaður bolur sem Tommy Jones frá Bandaríkjunum spilaði í þegar hann vann Weber Cup.



Útbreiðsla, kynning og miðlun

Reglulega berast óskir til okkar um að kynna keiluna á hinum ýmsu vettvöngum. Þegar RIG 2018 var í gangi fóru formaður og Þórarinn Már með keiluteppi í Laugardalshöll og voru þar dagpart að kynna keiluna fyrir þeim sem þar voru. Var sá leikur endurtekinn núna í ár.
Við höfum verið í Egilshöll að kynna þegar Grafarvogsdagar eru í gangi svo eitthvað sé nefnt.

Fréttir og tengt efni er sett inn á vef okkar www.ir.is/keila sem og á Fésbókina en þar eru tvær síður. Annarsvegar opinber síða deildarinnar sem allir geta séð en einnig er lokuð síða sem er eingöngu ætluð félagsmönnum deildarinnar en þar koma aðrar upplýsingar sem ekki endilega eiga erindi á opnum vettvangi. Ef þið eruð ekki þar

nú þegar þá skora ég á ykkur að kíkja við. Auk þess eru síður t.d. fyrir keilukrakkana þar sem þau ásamt foreldrum eru, ásamt fleiri verkefnasíðum.

Þjálfun ÍR keilara

Eins og venjan hefur verið er þjálfun í boði fyrir börn og ungmenni hjá deildinni. Ákveðið var að skipta upp hópunum í grunn- og framhaldshóp óháð aldri. Hugmyndin þar á baki er sú að geta stýrt þjálfuninni betur í hvert sinn m.v. þann hóp sem er að æfa. Báðir hóparnir æfa tvisvar sinnum í viku í Egilshöll, framhaldshópur á mánudögum og miðvikudögum frá 17 til 18:30 og grunnhópar á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 17 til 18. Auk þess tekur deildin þátt í ÍR ungum fyrir 1. til 2. bekk og fer kennsla fram í Undirheimum Austurbergi á miðvikudögum og föstudögum.

Eins og áðurhefur komið fram þá var boðið upp á þjálfun fyrir deildarspilara (fullorðna keilara) í vetur. Hörður Ingi hefur verið með það verkefni og hefur sá háttur verið hafður að hann mætir á þeim laugardögum sem að ekki eru önnur mót í húsinu – þ.e. Egilshöll, og er þar í um tvo tíma í senn.
Er hann þar á kostnað deildarinnar en keilarar nýta þá annaðhvort árskort sín eða leigja brautir á eigin vegum. Það væri gaman að sjá fleiri nýta sér þetta tækifæri til að fá þjálfun í keilu. Allir hafa gott af því að fá leiðsögn, fá annað sjónarhorn á það hvað má bæta í leik sínum. Stefnan er að halda þessu áfram á næsta tímabili.

Þjálfarar deildarinnar þetta árið eru:

Stefán Claessen Yfirþjálfari	Framhaldshópur
Laufey Sigurðardóttir	Framhaldshópur
Þórarinn Már Þorbjörnsson	Framhaldshópur og ÍR ungar
Guðmundur Jóhann Kristófersson	Grunnhópur
Jóhann Ágúst Jóhannsson	Grunnhópur
Nanna Hólm Davíðsdóttir	Grunnhópur
Hörður Ingi Jóhannsson	Almenn þjálfun

Í mars fóru svo Jóhann Á Jóhannsson og Þórarinn Már Þorbjörnsson og tóku ETBF Level 2 þjálfunarnám í Englandi en námið var haldið af breska keilusambandinu undir leiðsögn Mark Hearthorn framkvæmdastjóra þjálfunar breska sambandsins. ETBF Level þjálfaranámskeiðin eru haldin samkvæmt forskrift Evrópska keilusambandsins og eru alls 3 stig kennd á þeirra vegum.
Á level 2 er farið dýpra í tækniþjálfun og miðast námskeiðið við þjálfun keppnisfólks.
Allir þjálfarar keiludeildar hafa í það minnsta level 1, sem að er grunnmenntun.
Og nú eru 4 af 7 þjálfurum komnir með level 2 réttindi en auk þess er Stefán Claessen yfirþjálfari með Level 3 réttindi fyrir afrekskeilara

Önnur störf ÍR keilara

Eins og vanalega þá koma ÍR keilarar að ýmsum verkefnum á vegum keilunnar á hverju ári. Í stjórn KLÍ sitja tveir aðalmenn þeir Jóhann Ágúst Jóhannsson úr Broskörlum sem Formaður og Hafþór Harðarson úr PLS sem varaformaður stjórnar. Auk þess er Stefán Claessen varamaður í stjórn.

Svavar Þór ber hitann og þungann af starfi Mótanefndar.
Tóti er sem áður starfsmaður.
Jón Gríms er skoðunarmaður reikninga enn eitt árið.
Hafþór og Stefán eru í Tækninefnd

Böðvar Már er í unglinganefnd og Tolli er kerfisstjóri fyrir KLÍ

Öllu þessu fólki sem gefur sig að störfum fyrir keiluna færir stjórnin bestu þakkir .

Ljóst er að eftir þing núna 12 maí þarf að skipa í nefndir eins og áður. Einhverjir halda áfram og einhverjir draga sig í hlé. Ég skora á ÍR keilara að gefa sig að þessum verkefnum og fjölga í okkar hópi þarna inni og leita þannig eftir að vera mótandi afl í keilunni á Íslandi.
Starfið hjá KLÍ og nefndum þess verður víst aldrei betra en sá kraftur sem við sjálf setjum í það - svo er ekki ráð að við gerum þetta myndarlega?

Landsliðsverkefni

Landsliðsþjálfarnir Robert Anderson og Hafþór Harðarson hafa valið þá leikmenn sem munu leika fyrir Íslands hönd á Evrópumóti karla EMC 2019 sem fram fer í Munchen 10. til 21. júní í sumar.

Frá ÍR:

Andrés Páll Júlíusson

Einar Már Björnsson

Gunnar Þór Ásgeirsson

Einnig fór hópurinn í æfingaferð til Höganes
og síðan keppni í Evróputúr í Odense

Ungmennalandsliði okkar var boðið að keppa á boðsmóti í Doha Qatar í febrúar en liðinu hefur verið boðin þátttaka undanfarin ár. Alls eru 4 drengir og 4 stúlkur í liði okkar auk þjálfara, fararstjóra og aðstoðarfólks.

Þau sem skipa lið Íslands frá ÍR eru:

Piltar:
SteindórMáni Björnsson
Hinrik Óli Gunnarsson

Stúlkur:
Sara Bryndís Sverrisdóttir
Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir
Elva Rós Hannesdóttir

Kvennalandsliðið för til Brussels til að taka þátt í Evrópumóti kvenna dagana 6. - 17. júní.

Liðið skipa frá ÍR.
Ástrós Pétursdóttir,
Bergþóra Rós Ólafsdóttir,

Linda Hrönn Magnúsdóttir,
Nanna Hólm Davíðsdóttir.

Að lokum

Undirritaður tók við formennsku í deildinni fyrir ári af Jóhanni Ágúst Jóhannssyni sem þá gekk úr stjórn og tók að sér formennsku keilusambandsins.

Þetta ár hefur kennt mér mikið. Mikil vinna hefur farið í störf stjórnarinnar vegna keilunnar. Mikil vinna hefur farið hjá keilurum í önnur störf hjá deildinni, störf keilunnar innan KLÍ og tengdum verkefnum. Þeim sem hafa gefið sig að þessu starfi þakka ég að heilum hug.

Eins og oft áður falla verkin þó á of fáar hendur. Svona félagsskapur rekur sig ekki sjálfur og hann verður aldrei betri en það sem við hvert og eitt leggjum í hann. Ef við gerum ekki neitt, þá gerist ekki neitt. En til að þetta gangi vel þarf fólk með hugsjón og ástríðu fyrir keilunni. Málið er að við höfum þetta öll.
Ég skora því á ykkur ágætu keilara að hjálpa okkur öllum við að halda öflugu starfi þessarar deildar áfram á komandi árum. Skora á ykkur að bregðast við þegar eftir aðstoð er kallað. Höldum áfram að gera keiludeild ÍR að bestu keiludeildinni á landinu. Munum það að margar hendur vinna létt verk. Það eru orð að sönnu.

Eftir að hafa starfað í stjórn ÍR og í mótanefnd KLÍ síðustu 6 ár að þá hef ég ákveðið að draga mig út úr starfi formanns keiludeildar en sitja áfram sem varamaður í stjórn en kem til með að draga mig alveg út úr mótanefndinni.
Ástæða þess að ég er að draga mig út er að það er komin tími á að fara að einblína á að æfa og keppa í keilunni og einnig hefur aukist að gera hjá mér í vinnunni.

Að því sögðu þá er ljóst að það tekur nýr formaður við hjá okkur á þessum fundi og auðvitað ný stjórn sem fær umboð sitt hér á þessum fundi fyrir næsta starfsár.

Ég óska þeim alls hins besta á komandi tímabili. Ég þakka stjórnarmönnum, þjálfurum deildarinnar, starfsfólki á skrifstofu ÍR, styrktaraðilum okkar og velunnurum, félagsfólki og öðrum sem hafa aðstoðað á árinu kærlega fyrir samstarfið með von um áframhaldandi gott og öflugt samstarf á næsta starfsári á breiðari vettvangi.

Fh. keiludeildar ÍR, Svavar Þór Einarsson Formaður

KNATTSPYRNUDEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR 2018 - 2019.

Núverandi stjórn knattspyrnudeildar var kosin á aukaaðalfundi deildarinnar 3.maí 2018. Á þeim fundi var Magnús Þór Jónsson kjörinn formaður deildarinnar og í stjórn voru kosin þau Árni Birgisson sem tók við stöðu varaformanns auk gjaldkerastarfs, Sigrún Tómasdóttir og Sigríður Ósk Fanndal. Að auki voru til vara kosin þau Engilbert Imsland og Gunnlaug Gissurardóttir. Sumarið 2018 bað Gunnlaug um lausn sem varamaður í stjórn og kom Atli Guðjónsson í hans stað.

RÁÐ OG STARFSNEFNDIR

Meistaraflokksráð félagsins náðu ekki flugi á árinu 2018 en á almanaksárinu 2019 hefur meistaraflokksráð karla hafið störf af fullum krafti og nú er nýstofnað meistaraflokksráð kvenna.
Þessi ráð skipta gríðarlegu máli í starfi félagsins og eru miklar vonir bundnar við starf þeirra félaginu til heilla.

Barna- og unglingaráð hefur verið afar virkt og náð góðum árangri. Formaður þess er Guðmundur Axel Hansen, með honum eru í stjórn Þórarinn Alvar Þórarinsson, Linda Hrönn Gylfadóttir, Runólfur Þór Ágústsson og Hulda Brynjarsdóttir.

Knattspyrnudeild ÍR hefur á undanförnum árum verið að ná sínum fyrri styrk str. Haustið 2018 var 2.flokkur karla endurvakinn hjá félaginu eftir nokkurra ára fjarveru og mun ÍR því taka þátt í mótum allra starfandi karlaflokka á Íslandi á ný og er það sérstakt fagnaðarefni.

Í 8.flokki barna æfa 46 iðkendur, strákar og stelpur undir stjórn Jóhanns Inga Jóhannssonar.

Í 7.flokki karla æfa 42 iðkendur undir stjórn Tómasar Wehmeier og Kristjáns Gylfa Guðmundssonar. Í 7.flokki er stóra mótið Norðurálsmótið á Akranesi, auk þess sem við ÍR-ingar stöndum fyrir Hlynsmótinu í þessum aldursflokki. Jafnframt fer flokkurinn á mörg minni mót.

Í 6.flokki karla æfa 47 iðkendur undir stjórn Kristjáns Gylfa Guðmundssonar og Egils Sigfússonar. Í 6.flokki er stóra mótið Orkumótið í Vestmannaeyjum, auk þess sem við ÍR-ingar stöndum fyrir Subwaymótinu í þessum aldursflokki. Einnig fer flokkurinn á mörg minni mót.

Í 5.flokki karla æfa 67 iðkendur undir stjórn Magnúsar Þórs Jónssonar, Stefáns Þórs Jónssonar og Jóns Ágústs Engilbertssonar. Í 5.flokki er leikið í Íslands- og Reykjavíkurmótum auk þess sem farið er á N1-mótið á Akureyri og stefnt er að þátttöku í öðru stóru móti að auki.

Í 4.flokki karla æfa 29 iðkendur undir stjórn Kristjáns Gylfa Guðmundssonar og Engilberts H.Ó. Friðfinnssonar. Í 4.flokki er leikið í Íslands- og Reykjavíkurmótum. Sá magnaði árangur náðist í apríl 2018 að strákarnir tryggðu sér Reykjavíkurmeistaratitil A-liða, sannarlega frábær árangur!

Í 3.flokki karla æfa 26 iðkendur undir stjórn Sigmanns Þórðarsonar, Tinna Kára Jóhannessonar og Kristjáns Ara Halldórssonar. Stærstu verkefni 3.flokks eru í Íslandsmóti, Bikarkeppni og Reykjavíkurmóti, auk þess sem verið er að horfa til æfingaferðar á erlendri grundu.

2.flokkur karla gengur nú til leiks í Íslandsmóti, Reykjavíkurmóti og bikarkeppni. Þar æfa 23 strákar undir stjórn þjálfaranna Jóhanns Inga Jónssonar og Dragi Pavlov auk þess sem Jóhannes Guðlaugsson yfirþjálfari félagsins á þar enn hönd í bagga.

Stúlknamegin hefur verið farið í átak að fjölga yngstu iðkendum og er nú kominn mjög traustur grunnur í starf yngri iðkenda kvenna megin, eitthvað til að byggja á áfram núna næstu árin. Ákveðið var að leita eftir samstarfi við Leikni um keppnislið í 4. og 3.flokki kvenna og afraksturinn varð tilraunaverkefnið FC Breiðholt sem tók þátt í Reykjavíkurmóti vorið 2018 og Íslandsmóti í kjölfarið. Því miður gekk samstarfið ekki eftir væntingum og ákveðið var að slíta því að mótum loknum.

Í kjölfarið fór af stað atburðarás sem leiddi að lokum til þess að ekki er leikið undir merkjum ÍR í 4. og 3.flokki kvenna. Ekki skal hún rakin hér en mikilvægt er að félagið læri af því ferli og komi í veg fyrir að slíkt hendi í framtíðinni. Öllu máli skiptir að vera með öflugt starf kvennamegin og er það nú eitt stærsta markmið deildarinnar á næstu árum.

Þar þarf að byggja á öflugu starfi þeirra flokka sem starfa nú í félaginu.

Í 7.flokki kvenna æfa 19 iðkendur undir stjórn Felix Woelfin. Í 7.flokki er stóra mótið Greifamótið á Akureyri og Símamótið í Kópavogi, að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

Í 6.flokki kvenna æfa 24 iðkendur undir stjórn Ásgeirs Eiríkssonar. Í 6.flokki eru stóru mótin Króksmót og Símamótið í Kópavogi, að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

í 5.flokki kvenna æfa 20 iðkendur undir stjórn Egils Sigfússonar og Ásgeirs Þórs Eiríkssonar. 5.flokkur tekur þátt í Reykjavíkur - og Íslandsmótum en stóru verkefnin þetta árið verða þó Pæjumótið í Eyjum og Símamótið í Kópavogi.

Á undanförnum árum hefur verið stöðug aukning í iðkendafjölda yngri flokka hjá ÍR og stefna félagsins er að að bæta enn um betur, sér í lagi stúlknamegin.

Á undanförnum árum hafa verið ráðnir fleiri þjálfarar til starfa og auk þeirra nafna sem hér birtast eru iðkendur í 4. og 3.flokki félagsins að aðstoða við þjálfun flokkana svo hægt sé að brjóta fjöldann niður í kennsluhæfar stærðir.

Breyting varð á yfirþjálfara yngri flokka félagsins í sumarlok 2018. Sigurður Þórir Þorsteinsson lauk þá gæfuríku starfi fyrir hönd félagsins og í hans stað var Jóhannes Guðlaugsson ráðinn í starfið og hefur frá hausti 2018 stýrt þjálfararáðningum og stefnumótun yngri flokka félagsins.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkar félagsins tóku þátt B-deildum Íslandsmótanna sumarið 2018. Þjálfarar karlamegin voru þeir Brynjar Þór Gestsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson. Tók Brynjar Þór við liðinu haustið 2017 en Ásgeir var við störf sem aðstoðarþjálfari liðsins sumarið 2017. Skemmst er frá því að segja að tímabilið var býsna erfitt og að lokum fór svo að liðið endaði í 11.sæti Inkassodeildarinnar og féll því niður um deild og leikur í 2.deild karla sumarið 2018. Var sá árangur að sjálfsögðu vonbrigði en stefnan er að sjálfsögðu að nýta þá möguleika sem þó gefast við það að leika í deild neðar og taka markviss skref í að byggja liðið upp á iðkendum sem hafa farið í gegnum yngri flokka starf ÍR, iðkendur sem ætlað er að lyfta merki félagsins hærra á næstu árum. Brynjar og Ásgeir voru endurráðnir en í desember 2018 veiktist eiginkona Brynjars alvarlega og óskaði hann tímabundins leyfis frá störfum þaðan í frá og varð stjórn að sjálfsögðu við því. Því miður fór svo að eiginkona Brynjars lést af völdum veikindanna og í kjölfarið óskaði Brynjar eftir ótímabundnu leyfi frá störfum frá 1.apríl. Stjórn varð við því og í kjölfarið var ákveðið að ráða Jóhannes Guðlaugsson og Ásgeir Aron sem þjálfara flokksins leiktímabilið 2019 í 2.deild.

Stefnan í meistaraflokki karla er skýr. Til framtíðar er það stefna ÍR að vera stöðugt lið í næstefstu deild á Íslandi og frá því markmiði er ekki hvikað þó áfall hafi orðið á þeirri leið sumarið 2018. ÍR er afreksíþróttafélag sem á að verða vettvangur þeirra afreksmanna sem

alast upp innan raða félagsins og góður íverustaður leikmanna með metnað sem hafa alist upp í öðrum félögum. Til styttri tíma litið þá eru markmið félagsins að ná flugi eftir fall síðasta árs og gera atlögu að því að ná sæti í Inkassodeild hið fyrsta.

Meistaraflokkur kvenna endaði í 8.sæti Inkassodeildar og hélt sæti sínu. Sumarið var eins og hjá strákunum erfitt og fór svo að í ágúst varð samkomulag milli stjórnar og þáverandi þjálfara, Guðmundar Guðjónssonar um að hann lyki störfum. Við starfi hans tóku tímabundið þeir Engilbert Friðfinnsson og Kristján Gylfi Guðmundsson. Undir þeirra stjórn hélt liðið sæti sínu í deildinni líkt og stefnan var. Leiktímabilið hjá stelpunum markaðist mjög af fámenni í leikmannahópnum okkar og upp komu vandamál innan hópsins sem stjórn þurfti að hafa afskipti af. Fljótlega eftir lok tímabilsins varð ljóst að uppstokkun yrði í leikmannahópnum og yfirgáfu allnokkrir lykilmenn liðið á haustmánuðum. Ákveðið var að ganga til samninga við Sigurð Þ. Sigurþórsson sem verið hefur þjálfari yngri flokka hjá félaginu og gera við hann samning til þriggja ára með það að markmiði að endurbyggja starf félagsins í flokknum og horfa þar m.a. til yngri iðkenda. Um áramót var Ásgeir Eiríksson ráðinn sem aðstoðarþjálfari flokksins og í gegnum veturinn höfum við leitað leikmanna til að efla starfið. Það hefur ekki gengið sem skyldi en enn eru vonir bundnar við það að það náist áður en leikmannaglugginn í maí lokar. Það er ljóst mál að það verður að taka starf meistaraflokks kvenna til gagngerrar endurskoðunar og uppbyggingar til framtíðar. Að sjálfsögðu er stefnt að því að liðið verði samkeppnishæft í Inkassodeildinni í sumar en það verður að vera forgangsmál að tryggja starf flokksins til lengri tíma, óháð hvar í deild flokkurinn stendur. Því hefur nú verið stofnað meistaraflokksráð kvenna sem er ætlað að styrkja starf flokksins í sumar en líka undirbyggja framtíðina. Miklar væntingar eru til ráðsins og starfs þess í framtíðinni.

Árangur í starfi deildarinnar

Ef horft er yfir starf deildarinnar var ákveðið bakslag í tveimur þáttum. Þar fara skref aftur á bak hjá meistaraflokkum félagsins og síðan það að ekki sé starfsemi í 4. og 3.flokki kvenna hjá félaginu. Mjög mikilvægt er að félagið nái vopnum sínum á þessum sviðum hið allra fyrsta og nái auknum styrk.

Árangur yngri flokkanna sumarið 2018 var með ágætum. Lengst náðu iðkendur 3.flokks karla á Íslandsmótum, þeir náðu alla leið í bikarúrslit en töpuðu þar fyrir grönnum okkar í HK. Aðrir flokkar náðu ásættanlegum árangri, ekki bara innanfélags heldur voru iðkendur á vegum félagsins valdir til að taka þátt í úrtökum fyrir landsliðsverkefnis frá U-14 og upp í U-17 bæði karla og kvenna. Nú í vetur hefur Ívan Óli Santos átt fast sæti í U16 ára landsliði karla og félagið á þrjá fulltrúa í Reykjavíkurúrvali 14 ára drengja, þetta tvennt eru dæmi um áfanga á leiðinni að því marki að félagið verði öflugur vettvangur efnilegs knattspyrnufólks og mjög gleðilegt fyrir okkur sem félag að okkar félagsmenn fái slíka viðurkenningu.

Stóra verkefnið núna er að hvetja fleiri sjálfboðaliða til þátttöku, enda er deildin að stækka og það kallar á viðbótarkraft í sjálfboðaliðastarfið. Þar er átt við bæði þegar kemur að því að vinna með flokkum sem og umgjörð alls sem viðkemur deildinni. Virk foreldraráð eru í hverjum flokki fyrir sig og ber að þakka þau störf af heilum hug. Þar má skynja hjartslátt hvers flokks sem skilar miklu inn í starfið almennt og leiðir verkefni hvers aldursskeiðs vel. Með auknum leikjafjölda félagsins hefur dómaraverkefnum fjölgað mjög og á liðnum árum hafa verið haldin regluleg dómaranámskeið til að bregðast við því. Þar má þó endalaust gera betur og þarmeð dreifa því álagi sem er þann hóp dómara sem starfa fyrir félagið.Það er ekki alltaf þakklátt starf að vera dómari og mjög mikilvægt að kröftuglega sé staðið á bak við þá einstaklinga sem taka þau vandaverk að sér.

Nú í vetur hefur tekist að koma á fót meistaraflokksráði kvenna og segja má að kröftug endurvakning meistaraflokksráðs karla sé nú í gangi. Meistaraflokkar deildarinnar eru í gríðarlegu samkeppnisumhverfi í þessari vinsælustu íþrótt landsins þó einungis sé „bara“ um þátttöku í B- og C-deildum að ræða. Staðan í íslenskri knattspyrnu er einfaldlega sú að flestir iðkendur þessara deilda eru á samningi og með lágmarksgreiðslur sem því fylgja. Þar þarf ÍR einfaldlega að „vera með“ til að eiga samkeppnishæft lið og fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur að horfa upp til.

Fjármál

Rekstur meistaraflokkanna á árinu 2018 var í algeru lágmarki ef litið er til samkeppnisaðila félagsins. Formaður leyfði sér að heyra í forráðamönnum annarra liða á svipuðu stigi og sú könnun leiddi einfaldlega í ljós að kostnaður við þátttöku liða ÍR var líklega sá lægsti á liðnu ári miðað við samkeppnisaðilana. Að auki tók núverandi stjórn tók við skuldugu búi og hefur markmiðið hingað til verið að vinna niður þær skuldir með dyggri aðstoð aðalstjórnar ÍR og lánveitingum frá barna- og unglingaráði. Eitt af markmiðum til framtíðar verður að ná styrkari stoðum undir fjárhag meistaraflokka félagsins og þó að alls ekki hafi náðst land ennþá standa vonir til þess að jöfnuði í rekstrinum verði náð á þessu ári. Þar þarf þó að koma til enn öflugri vinna við öflun fjármagns og þá verður lykilatriðið að fá fleiri að borðinu en nú eru. Það er því frábært að á aðalfundi 2019 stefnir í að inn í stjórn komi öflugir einstaklingar, sem og það að nú er að takast að manna ráð félagsins með fólki sem hefur deilir þeirri sýn að byggja árangur öflugs meistaraflokks á uppeldisstarfi félagsins og horfa til þess að koma ÍR á stall sem afreksíþróttafélagi í knattspyrnunni.

Horfa þarf til þess að knattspyrnudeild ÍR er heildarmynd en ekki í hlutum. Yngri flokka starf og starfsemi meistaraflokka þarf að vinna saman, það styrkir starf hvors arms fyrir sig. Stilla þarf saman strengi og horfa til þess að með því verður félagið mun líklegra til frekari afreka. Það er eitt stærsta verkefni komandi stjórnar, bæði nú næsta árið og til framtíðar, að auka tekjustreymi til meistaraflokka deildarinnar, leita nýrra styrktaraðila og virkja krafta sem búa í félagsmönnum

Barna- og unglingastarf knattspyrnudeildar stendur traustum fótum og innheimtur æfingagjalda með miklum ágætum og þannig þarf að vera áfram. Það er hins vegar mat formanns að nota verði þann meðbyr sem er í félaginu nú og leggja á það áherslu að fleiri komi að starfi deildarinnar og virkja heildina.

Fá þarf inn kröftuga einstaklinga með hjartslátt fyrir félaginu sínu og sem skynja mikilvægi þess fyrir samfélagið í Breiðholti. Við þurfum ekki að horfa langt innan ÍR til að sjá deildir sem hafa náð að kjarna sig kröftuglega og eru nú að ná árangri sem eftir er tekið á landsvísu, til þeirra getum við sótt innblástur.

Að lokum

Ef við drögum saman í fjóra meginliði þá punkta sem leggja þarf til grundvallar rekstri deildarinnar til framtíðar þá væru þeir þessir:

- Standa vörð um þann árangur sem náðst hefur í iðkendafjölda og árangri yngri flokka karlamegin hjá deildinni og byggja enn frekar þar ofan á.
- Sérstakt átak þarf að fara í gang til að fjölga iðkendum yngri flokka kvenna.
- Styrkja þarf fjárhagsgrundvöll meistaraflokka deildarinnar og laga skuldastöðu.
- Horfa til þess að meistaraflokkar deildarinnar verði sýnilegir afreksíþróttaflokkar.
- Fjölga höndum til verka fyrir deildina og styrkja sameiginlegan vettvang.

Að því sögðu eru ítrekaðar þakkir til allra þeirra sem komið hafa að starfi knattspyrnudeildar frá aðalfundi 2018.
ÍR mun alltaf standa og falla með þeim hópi sjálfboðaliða sem eru reiðubúnir að berjast fyrir framgangi félagsins og síðan þeim hópi þjálfara og iðkenda sem bera merki félagsins á æfingum og í keppnum á þess vegum.

Sérstaklega er þeim Engilbert Imsland, Sigrúnu Tómasdóttur, Sigríði Ósk Fanndal og Árna Birgissyni þakkað samstarfið í stjórn en þau yfirgefa nú stjórnina og aðrir koma í þeirra stað. Við treystum því að sjá þau reglulega í starfinu og erum handviss um það að þeirra hjörtu slá enn í hvítbláum takti.

Knattspyrnudeild ÍR á fjölmörg tækifæri og möguleikarnir eru endalausir, ef við saman berum til þess gæfu að styrkja alla okkar þætti þá er ekkert sem við eigum að hræðast!

Áfram ÍR!!!!!

Reykjavík, 6.maí 2019

Magnús Þór Jónsson, formaður knattspyrnudeildar.



KÖRFUKNATTLEIKSDEILD ÍR
ÁRSSKÝRSLA 2018 – 19

SKÝRSLA STJÓRNAR

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR á tímabilinu 2018-2019 var þannig skipuð:
Formaður Guðmundur Óli Björgvinsson,
Steinar Þór Guðjónsson varaformaður,
Haukur Þór Haraldsson, gjaldkeri,
Viðar Friðriksson,
Einar Ómarsson,
Guðni Fannar Carrico
Pétur Hólmsteinsson.

Fjáröflunarráð skipuðu:

Herbert Arnarson, Hjálmar Sigurþórsson, Hilmar Sigurjónsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Gísli Hallsson, Hendrik Berndsen

Unglingaráð skipuðu:

Davíð Wiium, formaður, Davíð Bjarnason, Hilmar Sigurjónsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Þorsteinn Ingi Garðarson.

Kvennaráð skipuðu:

Fríða Torfadóttir formaður, Þráinn Hafsteinsson, Fjóla Lýðsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Karen Sigurðardóttir og Kolfinna Birgisdóttir.

STARFSEMIN:

Stjórnin hittist annað slagið á fundum þegar þurfa þótti en að öðru leyti fóru samskipti stjórnar fram í gegnum síma, tölvupósta osfrv.

BÚNINGAMÁL:

KKD ÍR spilaði undir merkjum Jako þriðja árið í röð en samningur ÍR og Jako var endurnýjaður á tímabilinu. Samningurinn nær til allra deilda félagsins. Jako sér einnig um sölu á öllum keppnisbúningum til yngri flokka félagsins.

FJÁRMÁL:

Fjármál deildarinnar og útgjaldaliðir hafa aukist með komu nýrra leikmanna til félagsins. Því hefur mikið mætt á fjáröflunarráði deildarinnar við öflun nýrra styrktaraðila. Það hefur tekist mjög vel og færir stjórn deildarinnar fjáröflunarráði þakkir fyrir góða vinnu. Að sama skapi hélt deildin fyrri auglýsingasamningum á keppnisbúningum, auglýsingaspjöldum og gólfi heimavallar. Hekla kom inn með nýjan styrktarsamning sem tengdist ÍR almennt.

Seldar voru vörur nokkrum sinnum á tímabilinu auk ýmissa annarra fjáröflunarverkefna er sneru að brautarvörslu og þjónustu við frjálsíþróttadeildina. Það má hinsvegar segja

að það megi alltaf gera meira þegar kemur að fjárföflunum og ætlum við okkur að gera það á næsta ári.

Aðalstyrkaraðilar deildarinnar eru þeir sömu og undanfarin ár. Helstu stuðningsaðilar deildarinnar eru Hertz, Alvogen, Samkaup/Nettó, Tryggingamiðstöðin, Nox Medical ehf., Landslög og Lagastoð. Aðkoma styrktaraðila deildarinnar er forsenda þess að geta haldið upp metnaðarfullu starfi hjá Körfuknattleiksdeild ÍR.

MEISTARAFLOKKUR KARLA:

Þjálfari var Borche Illievski og honum til aðstoðar voru ráðnir Árni Eggert Harðarson og Eggert Maríuson. Sveinbjörn Claessen kom nýr inn í teymið á þessu ári.

Leikmannahópurinn tók nokkrum breytingum á tímabilinu. Félagið var svo heppið að ná samningum við Sigurð Gunnar Þorsteinsson sem átti virkilega gott tímabil með félaginu. Erlendir leikmenn voru nokkrir en þeir sem kláruðu tímabilið voru Gerald Robinson og Kevin Capers. Báðir öflugir leikmenn sem stóðu sig vel fyrir félagið. Meiðsli hrjáðu leikmannahópinn á tímabilinu. Aðalleikstjórnandi liðsins Matthías Orri Sigurðarson meiddist snemma á tímabilinu og var í raun aldrei heill heilsu þrátt fyrir að eiga stórkostleg tilþrif í úrslitakeppninni. Hákon Hjálmarson stóð sig vel í fjarveru Matthíasar. Daði Berg átti einnig við meiðsl að stríða en kom sterkur inn í úrslitakeppninni í einvígi gegn Stjörnunni. Allir leikmenn liðsins áttu stórleik þetta tímabilið og mörg ógleymanleg augnablik voru á vellinum. Stjórnin þakkar öllum leikmönnum fyrir frábært tímabil en segja má að liðið hafi vaxið allt tímabilið og sérstaklega í úrslitakeppninni.

Liðið féll úr keppni í bikarnum í undanúrslitum gegn bikarmeisturum Stjörnunnar.

Í deildarkeppninni lenti liðið í sjöunda sæti en fór engu að síður alla leið í úrslit í fimm leikja seríu gegn KR. ÍR átti þannig góðan möguleika á að verða Íslandsmeistari og hafði tvo leiki til þess en meiðsli Kevin Capers í oddaleik í úrslitum setti strik í reikninginn.

Er þetta besti árangur liðsins í úrslitakeppni eftir að hún var tekin upp að nýju.

MEISTARAFLOKKUR KVENNA:

Þjálfari var Ólafur Jónas Sigurðsson og aðstoðarþjálfari Bryndís Gunnlaugsdóttir.

Kvennaliðið tók miklum framförum á árinu í deild sem var mun sterkari en í fyrra vegna breytinga á reglum. Liðið var mjög nálægt því að komast í úrslitakeppnina en heltist úr lestinni í seinustu umferðunum.

Stjórnin telur að innan tveggja ára muni félagið keppa í Dómínósdeild kvenna og karla.

YNGRI FLOKKAR:

Yngri flokkastarfið hefur gengið vel þessu ári.

Iðkendur eru u.þ.b. 180 talsins.

Helst stendur yngriflokkastarfinu fyrir þrifum of lítið pláss í íþróttahúsum. Með fjölgun iðkenda í yngri flokkum og stofnun kvennadeildar þrengist um deildina í þeim húsum sem ÍR hefur haft til umráða. Vonumst við til að við getum fengið meiri tíma í húsum á næsta ári og bíðum með óþreyju eftir nýju parkethúsi við Skógarsel.

MÓTAHALD

Við héldum hið árlega Nettómót ÍR fyrstu helgina í desember. Skráð voru 57 lið frá 11 félögum til keppni og í kringum 300 þáttakendur, sem er svipuð tala og frá árinu áður en umtalsverð fækkun frá 2016 sem er miður. Leikmenn meistaraflokks, drengjaflokks,unglingaflokks og ÍB sáu um dómgæslu á mótinu auk þess komu sjálfboðaliðar deildarinnar og hjálpuðu til við framkvæmd mótsins. Þátttaka sjálfboðaliða ríður baggamuninn og gerir okkur kleift að halda mót af þessari stærðargráðu.

Rekstur körfuknattleiksdeildar ÍR hefur gengið vel eins og undanfarin ár. Deildinni hefur tekist

að standa undir öllum þeim skuldbindingum sem gerðar voru fyrir tímabilið. Þegar litið er um öxl og tímabilið gert upp getum við verið stoltir af þeim árangri sem náðist í ár. Verkefni næstu vikna er að halda þeim öfluga kjarna leikmanna sem voru í liðinu síðasta tímabil og styrkja hópinn til þess að halda áfram stöðugri uppbyggingu stórveldisins.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem hjálpuðu til í starfinu í vetur með von um farsælt samstarf á næsta ári.

FULLTRÚAR ÍR Í LANDSLIÐUM Á ÞESSU ÁRI :

U-16: Benóný Svanur Sigurðsson,
U-18: Einar Gísli Gíslason og Ingvar Hrafn Þorsteinsson
U-20: Hákon Örn Hjálmarsson, Sigurkarl Róbert Jóhannesson

Auk þess átti ÍR eftirtalda fulltrúa í landsliðum á síðasta ári:
U-15: Hafliði Jökull Jóhannesson, Benóný Svanur Sigurðsson,
U-18 Hákon Örn Hjálmarsson og Ingvar Hrafn Þorsteinsson
U-20: Sæþór Elmar Kristjánsson

Það er mikill kraftur í starfinu eins og fram hefur komið hér að ofan og mikilvægt að vel sé haldið á spilum og horft fram á veginn. Framtíðin er björt.

Guðmundur Óli Björgvinsson, formaður Körfuknattleiksdeildar ÍR.

SKÍÐADEILD ÍR -
STARFSSKÝRSLA 2018-19

AÐALFUNDUR OG SKIPAN STJÓRNAR

Aðalfundur skíðadeildar fyrir starfsárið 2017 - 2018 var haldinn í ÍR heimilinu, Skógarseli 19. apríl 2018.

Í stjórn voru kjörin:
Formaður: Gísli Reynisson
Varaformaður: Sigrún Inga Kristinsdóttir
Ritari: Fríða Jónasdóttir
Gjaldkeri: Gunnlaug Gissurardóttir
Meðstjórnandi: Eiríkur Magnús Jensson
Varamenn: Kristinn H. Gíslason og Jón Kornelíus Magnússon
Fulltrúi ÍR í Skíðaráði Reykjavíkur er Sigrún Inga Kristinsdóttir og til vara Gísli Reynisson.

Starfsemin

Segja má að starfsemi nýs starfsárs deildarinnar hafi hafist um leið og hinu lauk. Elsti hópurinn okkar fór strax í byrjun sumars til æfinga í Austurríki í tvær vikur en skipulagt starf elsta hópsins var frá júní byrjun. Hópurinn fór í alls 7 æfinga- og keppnisferðir til útlanda. Starf annarra flokka hófst svo um mánaðarmótin ágúst - september með þrek- og styrktaræfingum.

Veturinn í heild var erfiður þar sem lítill snjór var og var það ekki síst þrautseigju og dugnaði Bláfjallamanna að það tókst að opna á mjög litlum snjó í janúar. Í vetur hefði snjóframleiðslukerfi klárlega sannað sig þar sem langir og bjartir frostakaflar komu með engri úrkomu. Skíðadeildin fór í fjölskyldu- og æfingaferð í janúar byrjun til Wagrain í Austurríki. Ferðin tókst mjög vel í alla staði en mikill snjór og snjókoma settu smá strik í reikninginn varðandi æfingar.

Skálamál

Skálinn okkar í Bláfjöllum hefur tekið stakka skiptum síðan Kristinn Gíslason tók að sér umsjón með honum. Með dyggum stuðningi starfsmanna og aðalstjórnar ÍR fékkst töluvert fé frá borginni/ ÍTR til viðhalds á skálanum en komið hafa í ljós gallar sem rekja má til lélegra vinnubragða við byggingu skálans. Til dæmis er búið að skipta út útihurðum, setja upp varmaskipta til kyndingar á skálanum. Unnið er að viðgerðum á gólfi og loftaplötum í svefnloftum og verið er að mála skálann.

Þjálfun veturinn 2018-19

16 ára og eldri

Skíðadeild ÍR er í samstarfi við skíðadeildir Breiðabliks, KR, Fram og Vikings um þjálfun 16 ára og eldri undir merkjum Skíðaliðs Reykjavíkur og Breiðabliks (SLRB) líkt og hefur verið undanfarin ár. SLRB heldur úti afar metnaðarfullu heilsárs prógrammi. Var boðið upp á 6 ferðir til Austurríkis frá lokum skíðavetrar síðastliðið vor fram til ársloka 2018. Tveir erlendir þjálfarar hafa umsjón með þessum hóp, þeir Markó Spoljaric frá Serbíu og Matic Medvesek frá Slóveníu. Hafa fjórir iðkendur frá ÍR tekið fullan þátt í vetur auk þess eru tveir keppendur skíðadeildarinnar við nám og æfingar í Colorado í Bandaríkjunum.

12-15 ára

Þjálfara í þessum hóp eru þeir Elmar Hauksson og Jón Kornelíus Magnússon. Þessi hópur notaði haustið í BootCamp til að styrkja sig fyrir veturinn og byrjaði skíðatímabilið á tveggja vikna æfingaferð til Austurríkis. Æfingar hófust svo í Bláfjöllum um leið og komið var heim frá Austurríki þann 19. janúar. Mikið hefur verið að gera hjá þeim í vetur og tók þessi hópur t.d. þátt í Bikarmótaröð Skíðasambandsins, keppti á unglingameistaramóti á Akureyri og Faxaflóamóti í Bláfjöllum. Auk þess fór hluti hópsins til Ítalíu og tók þátt Alpecimbra FIS SKI cup en það mót er eitt hið stærsta unglingamót sem haldið er ár hvert.

10-11 ára

Þjálfarar eru þeir Kristján Flosason og Þórður Georg Hjörleifsson. Veturinn hófst með þrekæfingum í lok ágúst. Fór stærsti hluti þessa hóps í 10 daga æfinga ferð til Austurríkis í byrjun janúar. Iðkendur í þessum hópi kepptu meðal annars á Faxaflóamótum í Bláfjöllum, á Jónsmóti á Dalvík og svo að sjálfsögðu á Andrésar Andarleikunum á Akureyri síðustu helgi.

8 - 9 ára

Þjálfarar þau Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir

og Rafn Guðmundsson. Þrekæfingar hófust í byrjun september. Líkt og í öðrum æfingahópum fór stór hluti í æfinga og fjölskylduferð til Austurríkis í byrjun janúar. Fór hluti hópsins á Jónsmót á Dalvík en flestir keppendur tóku svo þátt á tveimur mótum í Bláfjöllum í vetur auk þess að fara á Andrésar Andarleika.

7 ára og yngri

Þjálfarar eru þær Aníta Ýr Fjölnisdóttir, Catherine Van Pelt, Fanney Rún Jónsdóttir og Silja Hrönn Sigurðardóttir. Þetta er ansi fjölmennur hópur og fer stækkandi. Hluti iðkenda fóru í fjölskylduferðina til Austurríkis og þá aðallega þau sem eiga eldri systkin sem æfa líka skíði. Tóku þau þátt á Hengilsleikum og Ármannsleikum í Bláfjöllum og enduðu svo veturinn á því að fara á Akureyri á Andrésar Andarleika.

Byrjendanámskeið

Tvö byrjendanámskeið voru haldin með yfir 10 þátttakendum á hvoru námskeiði. Margrét Eva Þórðardóttir og Dagbjört Ósk Hreggviðsdóttir sáu um kennslu auk sjálfboðaliða úr hópi foreldra æfingabarna. Þetta er annað árið í röð sem skíðadeildir ÍR og Víkings halda þessi námskeið sem hafa skilað töluverðum fjölda af nýjum iðkendum.

Landslið

Helga María Vilhjálmsdóttir er enn frá æfingum og keppni vegna þrálátra meiðsla. Sigurður Hauksson var í B liði skíðasambandsins en Kristinn Logi gaf ekki kost á sér í liðið þennan veturinn. Þeir Kristinn Logi og Sigurður kepptu fyrir hönd Íslands á Heimsmeistaramótinu sem fram fór í Åre, Svíþjóð í febrúar. Þá náði Sigríður Dröfn Auðunsdóttir að komast niður fyrir 80 punkta B landsliðs lágmark á Skíðamóti Íslands á Dalvík í byrjun apríl og óskum við henni til hamingju með það.

Mótahald

Skíðadeildir ÍR og Víkings unnu sama að mótahaldi líkt og gert er með þjálfun. Í byrjun febrúar héldum við tvö bikarmót í svigi fyrir 16 ára og eldri sem jafnframt var alþjóðlegt skíðamót. Mótahald riðlaðist töluvert vegna aðstæðna í fjalli en 29. mars tókst að halda Hengilsleika fyrir 9 ára og yngri þar sem um 125 keppendur tóku þátt. Þann 10. apríl héldu þessar deildir svo Faxaflóamót 12 - 15 ára í svigi sem telur til Reykjavíkurmeistara. Til stóð að halda Atomic Cup í byrjun apríl en vegna snjóalaga þurftum við að segja okkur frá mótinu

og var það flutt norður á Akureyri. En auk þess aðstoðuðu ÍR-ingar aðrar deildir við mótahald í vetur líkt og undanfarin ár.

Íþróttafólk Skíðadeildar í ár

Íþróttakona Halldóra Gísladóttir

Halldóra er uppalinn ÍR-ingur og hefur stundað skíðaíþróttina frá 5 ára aldri. Hún tók gríðarlegum framförum á síðastliðnum vetri. Svo vitnað sé í þjálfara hennar; þá fór hún frá því að vera bara stelpan í brautinni í það að sjá fram á að vera hugsanlegur kandidat á verðlaunapalli á Skíðamóti Íslands. Hennar stærsti kostur er að það er alveg sama hvað á gengur, bæði á æfingum og í keppni er hún alltaf jákvæð með bros á vör. Halldóra hefur bætti stöðu sína í stórsvigi um 40 punkta og svigi um tæplega 60 punkta á heimslista á tímabilinu.

Íþróttakarl: Sigurður Hauksson

Sigurður hefur síðastliðin ár stundað nám í Colorado í Bandaríkjunum þar sem hann hefur sinnt skíðaíþróttinni með náminu. Hann hefur keppt fyrir skólann sinn í háskólamótaröðinni á Vesturströnd Bandaríkjanna auk þess að taka þátt í fjölda alþjóðlegra móta þar. Þrátt fyrir erfiðan vetur vegna meiðsla og veikinda náði hann að bæta stöðu sína í svigi á heimslista FIS.

Lokaorð

Skíðadeildin er í sókn, iðkendum að fjölga og brottfall að minnka. Við verðum engu að síður að halda vel á spilunum, sækja áfram fram á veginn og halda úti öflugu kynningarstarfi. Samstarf við Skíðadeild Víkings hefur gengið vel og er grunnurinn að því öfluga starfi sem deildin heldur úti. Einnig er samstarfið í elsta flokknum mjög gott og þarf að tryggja að það samstarf haldi áfram. Öðruvísi náum við ekki að bjóða upp á það metnaðarfulla prógram sem hefur verið undanfarin ár. Til að efla skíðaíþróttina í heild er mikilvægt að sveitarfélögin sem standa á Skíðasvæðum Höfuðborgarsvæðisins tryggi það fjármagn inn sem þau hafa lofað og að þær framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar verði að veruleika.

Skíðadeildin á marga efnilega skíðamenn á öllum aldri og er deildin stolt af sínu frábæra íþróttafólki og lítur björtum augum á framtíðina.

Áfram ÍR

TAEKWONDODEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2018

Aðalfundur var haldinn 20. mars.

Stjórn deildarinnar var svo skipuð fyrir starfsárið 2018-19

Formaður: **Jóhann V Gíslason** (hélt áfram)
Gjaldkeri: **Guðni Pálsson** (hélt áfram)
Meðstjórnandi: **Arnar Bragason** (hélt áfram)

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsárið 2018-19 gekk betur en undanfarin ár. Iðkendafjöldinn heldur áfram að aukast lítillega, er nú um 60 að meðaltali, upp frá um 55. Eins og fyrr er það ekki síst að þakka kynningarstarfi í formi auglýsinga sem var dreift við upphaf hverrar annar. Arnar Bragason aðalþjálfari heldur áfram að vinna gott starf við uppbyggingu deildarinnar og hvatningu iðkenda til keppnisþátttöku. Sama á við um Maríu G. Sveinbjörnsdóttur, en þau skipta með sér þjálfuninni, tvær æfingar á viku undir stjórn Arnars og ein hjá Maríu.

Æfingagjöld voru hækkuð um áramótin og eru nú 24.000 fyrir alla hópa. Er það gert til að standa straum af auknum kostnaði vegna þjálfunar og kaupa á búnaði. Rekstrarafkoma deildarinnar er verri en árið á undan. Ástæður þess eru ekki að fullu kunnar en stefnt verður að skila afgangi á næsta ári til að jafna stöðuna út milli ára. Þörf er að kaupa betra æfingargólf en það bíður eftir breytingum á aðstöðu með byggingu fimleikahús.

Í apríl síðastliðnum urðu merk tímamót í sögu deildarinnar, en þá stóðust fimm ÍR-ingar svartbeltispróf. Slíkt gerðist síðast 2011 og er því mikið fagnaðarefni. Vert að nefna að fjórir þeirra eru uppaldir hjá félaginu. Auk þess að vera merkur áfangi eignast ÍR nú keppendur í A-flokki (svartbeltinga). Von er til að tvö til þrjú svört belti bætist við á næstu árum.

Æfingarhóparnir eru sem fyrr þrír, 6-12 ára byrjendur/framhald og 13 ára og eldri.

Þátttaka á mótum var áfram góð og betri en árið á undan. ÍR átti þátttakendur á öllum mótum landssambandsins og RIG. ÍR varð í 3. sæti í stigakeppni félaga á bikarmótaröð vetrarins sem hefði ekki verið mögulegt nema fyrir fjölda þátttakenda og gott gengi. Á tveim af þremur mótum átti ÍR enga keppendur í A flokki svartbeltinga sem gerir heildar árangurinn enn betri.
Fimm iðkendur tóku þátt í landsliðsúrtaki fyrir poomse (tækni) í febrúar 2018. Þrjú komust í A landslið og tvö í talent team (B-landslið).

Árangur á mótum 2018-19 (niðurstöður vantar úr tveim mótum vegna skorts á birtingu úrslita)

RIG	Flokkur	
Mikael Norðquist	Junior - C – karlar	Gull í bardaga
Sveinn Logi Birgisson	Junior - B – karlar	Gull í bardaga
Jakub Mikolaj Jablonski	Cadet - C – karlar	Gull í bardaga
Zayd El Bouazzati	Cadet - B – karlar	Gull í bardaga
Aino-Katri Karinen	Veteran - C - konur	Gull í tækni
Ibtisam El Bouazzati	Junior - B - konur	Gull í tækni
Gabriel Kristján Kristjánsson Grimm	Junior - B - karlar	Gullí tækni
Bikarmót 2		
Ibtisam El Bouazzati	Junior - B - konur	Gull í bardaga og tækni
Zayd El Bouazzati	Junior - B - karlar	Gull í bardaga
Sadew Vidusha R. A. Desapriya	Cadet - C - karlar	Gull í bardaga
Bikarmót 3		
Ibtisam El Bouazzati	Junior/Cadet - B - konur	Gull í bardaga
Gabriel Kristján Kristjánsson Grimm	Junior - B - karlar	Gull í tækni

Taekwondo maður og kona ársins 2018

Þar urðu fyrir valinu þau Gabríel Kristján Kristjánsson Grimm og Ibtisam El Bouazzati.

Æfingaraðstaða deildarinnar er áfram aðþrengd vegna lyftingaraðstöðu félagsins sem er í sama rými. Taekwondo getur áfram nýtt hálfan salinn en er nú komið að mörkum með iðkendafjölda á flestum æfingum.
Miklar truflanir geta orðið þegar lyftingaraðstaðan er í notkun samtímis æfingum. Til stendur að lyftingarnar færist í nýja knattspyrnuhúsið sem er í byggingu og verður vonandi tilbúið í loks árs 2019.

Helstu verkefni næsta árs/ára eru aðstöðumálin, fjölgun fullorðinna iðkenda og virkjun fleiri iðkenda/aðstandenda til starfa fyrir deildina.

Fyrir hönd stjórnar

Jóhann V. Gíslason (formaður)2. maí 2019

MAGNÚSARSJÓÐUR MENNTUNAR-OG AFREKSSJÓÐUR ÍR

1. gr. Sjóðurinn heitir Magnúsarsjóður menntunar- og afrekssjóður Íþróttafélags Reykjavíkur en hann varð til með gjöf frá Magnúsi Þorgeirssyni ehf. í tilefni af 100 ára afmæli ÍR þann 11. mars 2007, en sjóðurinn er í vörslu aðalstjórnar ÍR.

2. gr. Markmið sjóðsins er að:
1. Veita afreksfólki í öllum deildum innan ÍR styrk vegna æfinga og/eða keppni og búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
2. Veita styrk til þess íþróttafólks sem valið er til æfinga eða keppni sbr. 3. gr.
3. Veita þjálfurum og leiðbeinendum sem starfa á vegum ÍR styrk til að sækja viðurkennd þjálfaranámskeið og/eða aðra menntun sem eflir þá í starfi. Stuðningur við þjálfara til endurmenntunar er hvetjandi fyrir viðkomandi m.a. til að halda áfram vinnu sinni fyrir félagið.

3.gr. Úthlutun – skilyrði. Aðeins þeir aðilar sem iðka eða þjálfa innan vébanda ÍR geta sótt um í sjóðinn. Til þess að fá styrk úr sjóðnum verður íþróttafólk innan ÍR að hafa sannað sig í sinni íþróttagrein hjá félaginu og verða um leið að sýna þann áhuga sem þarf til að ná auknum árangri og vinna af heilum hug fyrir félagið. Í einstaklingsíþróttum þarf iðkandinn að hafi unnið til verðlauna á Íslandsmóti eða öðrum sambærilegum mótum í sínum aldursflokki. Iðkandi í hópíþrótt þarf a.m.k. að vera í æfingahópi meistaraflokks, eða vera í landsliðsúrtaki í sínum aldursflokki. Þjálfarar þurfa að búa að góðum faglegum grunni, mikilli reynslu og sýna mikinn áhuga og metnað á þjálfun.

4. gr. Stjórn sjóðsins er skipuð þremur aðilum, en það eru: Fulltrúi Magnúsar Þorgeirssonar ehf., gjaldkeri aðalstjórnar ÍR og framkvæmdastjóri ÍR. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar úr sjóðnum og hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga ásamt því að sjá um kynningarstarfsemi sjóðsins í samvinnu við aðalstjórn ÍR. Stjórnarmenn sjóðsins skila árlegri skýrslu til aðalstjórnar ÍR og gera grein fyrir úthlutun sjóðsins.

5. gr. Stofnfé sjóðsins eru þrjár milljónir króna. En það er Magnús Þorgeirsson ehf. sem gefur eina milljón og tvær milljónir koma frá aðalstjórn ÍR. Tekjur af frístundakorti Reykjavíkurborgar til ÍR verða einnig notaðar í þetta verkefni en það er u.þ.b. ein milljón á ári.

Reykjavík 6. febrúar 2008

F.h. aðalstjórnar ÍR.
Hörður Heiðar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri ÍR
F.h. Magnúsar Þorgeirssonar ehf Leifur Magnússon stjórnarformaður.

SJÓÐURINN – SKIPAN OG FJÁRMAGN

Menntunar- og afrekssjóður ÍR er í vörslu aðalstjórnar að upphæð 3.000.000 kr. Sjóðurinn er styrktur er af afkomendum Magnúsar Þorgeirssonar en um samstarfsverkefni er að ræða. Tveir stjórnarmenn koma frá ÍR og einn frá afkomendum Magnúsar, kosnir til eins árs í senn. Reynt verður að fá styrktaraðila til að styrkja sjóðinn enn frekar og standa straum af kostnaðinum sem afreksstefnunni fylgir. Tekið er við frjálsum framlögum á reikning 0115-15-380526, kt: 670169-1549. Einnig mun sjóðurinn eflast við ýmiskonar söfnunarfé og með sjóðnum skapast svo vaxtatekjur. Tekjur sem verða til vegna frístundakorts, sem rennur til aðalstjórnar ÍR, verða einnig notaðar í þetta verkefni.

MARKMIÐ SJÓÐSINS

Markmið sjóðsins er þverfaglegt, að fjármagna afreksstefnu ÍR, styrkja unga, efnilega og framúrskarandi ÍR - inga á aldrinum 14-22 ára til frekari þjálfunar og menntunar, skapa þeim toppaðstæður og rétta umgjörð

sem og greiða leið þeirra aðila sem fara í keppnisferðir með landsliðum. Einnig að standa fyrir sameiginlegum þjálfunar og menntunarnámskeiðum innan félagsins, veita þjálfurum víðtæka aðstoð inn á æfingar og styrkja þjálfara á námskeið innanlands sem erlendis, allt til að gera góða þjálfara enn betri. Stuðningur við þjálfara til endurmenntunar er hvetjandi fyrir viðkomandi m.a. til að halda áfram vinnu sinni fyrir félagið.

Kynning

Samantekt upplýsinga um sjóðinn verður inni á heimasíðu ÍR. Þar verður sérstaklega tekið fram hvenær sækja má um í sjóðinn og hvenær niðurstöðu megi vænta. Einnig verða þar sérstök eyðublöð sem skylt er að útfylla þegar sótt er um. Hægt er að sækja um í sjóðinn tvisvar sinnum á ári (apríl/október). Fyrst er hægt að sækja um í sjóðinn í september 2008. Stjórnum deilda er send tilkynning með góðum fyrirvara og hvattar til að sækja um fyrir iðkendur, þjálfara og nýjungar á sviði afreksíþrótta. Að loknu verkefni, uppgjöri og skýrsluskilum er styrkurinn greiddur. Fréttatilkynning mun vera send þegar úthlutanir úr sjóðnum liggja fyrir sem og annað fréttnæmt tengt afreksstefnunni.

Hluti af afreksstefnu ÍR er eftirfarandi:

- Sjá þjálfurum ÍR fyrir sem bestri aðstöðu til að ná framúrskarandi árangri með iðkendur sína í sinni grein.
- Sjá þjálfurum ÍR og þá iðkendum þeirra fyrir sérþjálfun reyndra fagþjálfara innan Frjálsíþróttadeildar ÍR, þar sem unnið er í líkamlegum þáttum s.s. styrk, samhæfingu, liðleika, hreyfimynstri, kraftþjálfun, úthaldsþjálfun, hlaupastíl og hraðaþjálfun, ásamt ráðgjöf og erindum í formi fyrirlestra. Hver deild sér um að útfæra ýmsa þætti sem lúta að tækni í viðkomandi íþróttagrein.
- Sjá iðkendum ÍR fyrir góðum mælingum á líkama en Gáski Sjúkraþjálfun framkvæmir slíkt gegn vægu gjaldi. Fengin er ítarleg mynd á líkamsástandi viðkomandi með t.a.m. göngugreiningu, hlaupagreiningu, liðleikamælingu, stökkkraftsmælingu, stöðugleikamælingu liðamóta bæði mekkaníska og stafræna og stöðu fótleggja og hryggjar. Einnig geta þjálfarar fengið erindi og verklega kennslu í fyrstu meðferð eftir bráð meiðsli, ökklatognunum, hnémeiðslum, ofþjálfun, vöðvatognunum og álagsmeiðslum og þá sérstaklega í nára og læri en þau eru hvað algengust.
- Sjá þjálfurum ÍR fyrir kennslu og einstaklingsráðgjöf í íþróttasálfræði þar sem m.a. er farið í ákjósanlegt hugarástand fyrir keppni, undirbúning fyrir keppni, spennustjórnun, mikilvægi athygli og einbeitingar, notkun skynmynda, sjálfsskoðun, jákvæða hugarorku og hópefli. Haukur Ingi Guðnason íþróttasálfræðingur er með það að markmiði að kenna þjálfurum aðferðir sem þeir geta nýtt til að bæta frammistöðu iðkenda sinna.
- Sjá þjálfurum ÍR fyrir kennslu og ráðgjöf í næringarfræði þar sem farið er í almenna næringarfræði, fræðslu um fæðubótarefni og fleira sem viðkemur réttu mataræði og uppbyggingu líkamans. Fríða Rún Þórðardóttir er næringarfræðingur ÍR.

Úthlutun – skilyrði

Aðeins þeir aðilar sem iðka eða þjálfa innan vébanda ÍR geta sótt um í sjóðinn. Til þess að fá styrk úr sjóðnum verður íþróttafólk innan ÍR að hafa sannað sig í sinni íþróttagrein hjá félaginu og verða um leið að sýna þann áhuga sem þarf til að ná auknum árangri og vinna af heilum hug fyrir félagið.
Í einstaklingsíþróttum þarf iðkandinn a.m.k. að hafa unnið til verðlauna á Íslandsmóti eða öðrum sambærilegum mótum í sínum aldursflokki. Verður einnig tekið mið af lágmörkum einstakra sérsambanda, líkt og FRÍ er með, til að gæta jafnræðis og jafnvægis í vali einstaklinga. Iðkandi í hópíþrótt þarf a.m.k. að vera í æfingahópi meistaraflokks, helst að vera í landsliðsúrtaki í sínum aldursflokki. Þjálfarar þurfa að búa að góðum faglegum grunni, mikilli reynslu og sýna mikinn áhuga og metnað á þjálfun. Eins og fram hefur komið er unnið þvert á félagið þannig að öllum deildum stendur til boða að taka þátt.

LÖG ÍÞRÓTTAFÉLAGS REYKJAVÍKUR

Samþykkt á aðalfundi ÍR 23. maí 2018

I. Nafn, heimili og tilgangur

1. gr.
Félagið heitir Íþróttafélag Reykjavíkur, skammstafað ÍR. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.
Tilgangur félagsins er iðkun hverskonar íþrótta, sem landslög heimila, og að efla áhuga almennings á gildi íþrótta.

Markmið félagsins eru meðal annars:

- Að bjóða öllum aldurshópum upp á uppbyggilegt og öflugt íþróttastarf í öruggu umhverfi, þar sem lögð er áhersla á manngildi og jafnrétti, ásamt því að styrkja og efla iðkendur til framtíðar.
- Að bjóða upp á fjölbreytt úrval íþrótta fyrir félagsmenn á öllum aldri í einstaklings- og hópíþróttum, með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi.
- Að efla áhuga félagsmanna og almennings á heilsurækt og íþróttaiðkun.
- Að skapa öllum félagsmönnum vettvang til að leggja sitt af mörkum fyrir félagið og taka þátt í starfi þess eins og kostur er.

Tilgangi sínum og markmiðum hyggst félagið ná með stofnun og starfrækslu íþróttadeilda, einni í hverri grein, eftir því sem félagsmenn kunna að óska, undir sameiginlegri aðalstjórn félagsins. Aðalstjórn skal aðstoða við stofnun nýrra deilda og gildir stofnfundur, sem haldinn er eftir reglum aðalfunda deilda.

Innganga nýrra deilda í félagið skal borin upp til endanlegs samþykkis á næsta aðalfundi félagsins eftir stofnun hennar eða á sérstökum aukaaðalfundi, sbr. 5. mgr. 8. gr.

3. gr.
Félagsmerkið er skammstöfunin með hvítum stöfum á bláum skildi. Nærri brún skjaldarins er hvít rönd. Blár litur merkisins er Pantone 286 C.

Hlutföll merkisins eru breidd á móti hæð 1 á móti 1,6, hlutföll gullins sniðs. Innbyrðis hlutföll einstakra litaflata eru einnig í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Hæð skjaldarins á móti bogformi í neðri hluta hans er í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Íhvolfur bogi efst í skildinum á móti samsíða hliðum hans deilist í hlutföllunum 1,4 á móti 1. Við félagsmerkið er deildum leyfilegt að bæta við sérmerki íþróttagreinar sinnar, sem þarf þó samþykki aðalstjórnar félagsins.

4. gr.
Aðallitir á búningum félagsins eru hvítur og blár (sem næst blár Pantone 286) og skulu búningarnir auðkenndir með merki félagsins.

5. gr.
Allir skráðir iðkendur íþrótta hjá ÍR teljast vera félagsmenn. Hið sama gildir um þá sem sitja í aðalstjórn félagsins eða stjórnum einstakra deilda. Einnig getur hver sá sem þess óskar orðið félagi í ÍR. Iðkendur og stjórnarmenn deilda teljast vera félagar í viðkomandi deild félagsins. Heimilt er að ganga í fleiri en eina deild. Enn fremur er heimilt að gerast félagi, án þess að vera skráður í sérstaka deild. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega deildarstjórn, eða aðalstjórn, ef félagi er ekki meðlimur deildar. Félagsmenn teljast félagsmenn þar til þeir sjálfir segja sig úr félaginu. Aðalstjórn getur þó vikið félagsmanni úr félaginu, sbr. 10. gr.

6. gr.
Árgjald félagsmanna, 18 ára og eldri, skal ákveðið á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal sjá um innheimtu þess og skal árgjald hvers greiðanda þess renna til þeirrar deildar sem hann er skráður í, en í aðalsjóð félagsins ef greiðandinn er ekki skráður í sérstaka deild.

Sérhverri deild félagsins er heimilt að innheimta af öllum iðkendum hennar sérstök æfingagjöld. Þessi gjöld skulu standa undir kostnaði vegna æfinga og þátttöku í keppni á vegum deildarinnar.

Greiðandur æfingagjalda skulu vera undanþegnir greiðslu árgjalds til félagsins. Heimilt er að ákveða á aðalfundi félagsins að aðrir, svo sem stjórnarmenn í félaginu og starfsmenn þess, séu undanþegnir greiðslu árgjalds.

Halda skal rafræna félagaskrá á vegum aðalstjórnar og skal hún vistuð með tryggum hætti.

II. Aðalfundur félagsins

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir apríllok ár hvert. Til aðalfundar skal boða á tryggilegan hátt með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef minnst helmingur skráðra kjörinna fulltrúa samkvæmt kjörbréfi mætir. Hverri deild ber að skila kjörbréfum yfir fulltrúa sína við upphaf aðalfundar.

Aðalstjórn skal skipuð sjö einstaklingum. Formaður skal kjörinn sérstaklega og skriflega, ef fleiri en ein uppástunga kemur fram. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir í framhaldi af því. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum sem hér segir: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Dagskrá aðalfundar skal vera svo:

1. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins.
4. Lesnir og skýrðir endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákveðin árgjöld.
7. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
8. Kosinn formaður.
9. Kosnir aðrir stjórnarmenn.
10. Kosnir tveir skoðunarmenn.
11. Önnur mál.

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða, séu ekki önnur undantekningarákvæði í lögum þessum. Falli atkvæði jafnt skal kosning endurtekin og fáist þá ekki úrslit ræður hlutkesti. Að öðru leyti gilda almenn fundarsköp um framkvæmd aðalfundar félagsins.

8. gr.

Allir lögmætir félagsmenn hafa rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi félagsins. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

1. Stjórn félagsins.
2. Fulltrúar deilda, kjörnir á aðalfundum þeirra, einn fyrir hverja 50 félaga í deildinni, þó aldrei færri en einn og aldrei fleiri en sjö.
3. Kjörnir skoðunarmenn aðalreikninga félagsins.
4. Fyrrverandi formenn félagsins.

Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins, þegar undan er skilið ákvæði um fasteignakaup, sölu og veðsetningu, sbr. 5. mgr. 10. gr.

